SMÁBÍLAKLÚBBUR ÍSLANDS

*Eins og í formúlunni*

Bílar Ferðir

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



HEIMILIÐ

*Íslenskur bólstraður gafl*

Allt í svefnherbergið

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG








# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

1. apríl 2006 — 89. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


### Fegurst allra í Reykjavík

Ungfrú Reykjavík var krýnd á fimmtudaginn en hún reyndist vera Hafnfirðingurinn Jóna Kristín Heimisdóttir.

FÓLK 62



### Af láni og lánum

„Velgengni mín, velgengni okkar allra er fólgin í okkur sjálfum,“ ritar Ellert B. Schram. „Ekki í prjálinu, ekki í metorðastiganum, ekki í stöðutáknum eða leikföngum fyrir fullorðna. Velgengnin er fólgin í lífsstílnum, í huganum og gleðinni yfir því að fá að vera til.“



Í DAG 16

### Í eigin félagsskap

Eliza Reid lifir lífinu lifandi, treystir ekki um of á örlagadísirnar og hikar ekki við að ferðast eins síns liðs um framandi slóðir, en ástin dró hana til Íslands.

VIÐTAL 32

### Er ekki góðgerðarstarf

Björgólfur Guðmundsson, formaður bankaráðs Landsbankans og stjórnar Háskólasjóðs Eimskipafélagsins, segist styrkja margvísleg samfélagsverkefni af forsjálni. „Svona stuðningur er fjárfesting til framtíðar.“



VIÐTAL 30

### VEÐRIÐ Í DAG




**SVIPAÐ ÁFRAM** Í dag verður fremur hæg norðaustan átt. Éljagangur á Norður- og Austurlandi en bjartviðri syðra. Frost 0-8 stig, kaldast norðan til.

VEÐUR 4




# Óraunhæft að aðrir sinni vörnum Íslands

**Geir H. Haarde utanríkisráðherra segir óraunhæft að önnur ríki taki við störfum Bandaríkjahers á Keflavíkurflugvelli. Sendiherra Bandaríkjanna, Carol van Voorst, segir viðræðurnar upphafið að framtíðarskipulagi varnarmála hér.**

**VARNARMÁL** Utanríkisráðherra, Geir H. Haarde, segir kosti íslenskra stjórnvalda í varnarmálum ekki marga. Ekki sé raunhæft að önnur ríki en það bandaríska verji landið eins og áður. Geir hefur fundað um varnarmálin í Noregi, Danmörku, Frakklandi, Rússlandi og Þýskalandi frá 9. mars.

„Við munum halda áfram að ræða þetta mál við vinaþjóðirnar í NATO og gera þeim grein fyrir stöðunni, en ég tel ekki raunhæft að aðrar þjóðir taki að sér það hlutverk sem Bandaríkin hafa gegnt hérna,“ sagði hann eftir fund níu fulltrúa samninganefndar íslenskra stjórnvalda og 26 fulltrúa bandarískra um varnarmálin í gær. Degi áður hittust forsvarsmenn nefndanna og lögðu línurnar fyrir formlega fundinn í gær.

Utanríkisráðherra sagði ekki hafa verið rætt um hvað verði um einstök mannvirki á Keflavíkurflugvelli og hvernig afnot herinn vilji hafa af þeim í framtíðinni og ekki hvernig þeim verði komið til íslenska ríkisins: „Það eru allt mál sem hægt er að leysa.“ Ekki hafi heldur verið rætt um íslensku starfsmennina á vellinum. Það mál séu í öðrum farvegi. Rætt hafi verið um björgunarmál, en bandarísk stjórnvöld bjóði fram aðstoð sína. Einnig hafi verið rætt um samstarf er lúti að hryðjuverkaógnunum. Viðræðurnar hafi verið á almennum nótum.

Sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, Carol van Voorst, sagði viðræðurnar vera upphafið að áframhaldandi viðræðum um framtíðarskipulag varnarmála á Íslandi. Voorst sagði það einlægan vilja Bandaríkjanna að halda áfram að sinna varnarhlutverki sínu hér á landi, eins og varnarsamningur frá því árið 1951 gerir ráð fyrir: „Viðræður okkar voru kjarnmiklar og heiðarlegar. Nefndirnar voru sammála um að styrkja samstarf landanna í öryggismálum, til þess að mæta ógnunum dagsins í dag. Forseti Bandaríkjanna hefur tekið það skýrt fram að Bandaríkin séu skuldbundin til þess að halda uppi vörnum á Íslandi, og frá því verður ekki vikið.“

- gag/mh/ sjá síðu 4



**GERTRAUD ARZBERGER** Dæmd í lífstíðarfangelsi fyrir morð á fjórum börnum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kona myrti börn sín:

## Móðir hlýtur lífstíðardóm

**AUSTURRÍKI, AP** Austurrísk kona sem fæddi nokkur börn og myrti var dæmd í lífstíðarfangelsi í gær. Eiginmaður hennar fékk fimmtán ára dóm.

Hin 33 ára gamla Gertraud Arzberger frá Graz, játaði að hafa banað fjórum börnum sínum. Maður hennar neitaði sök og sagðist aldrei hafa vitað um þungun konu sinnar. Dómarinn lagði ekki trú á orð hans.

Upp komst um málið þegar nágranni parsins fór niður í sameiginlega frystikistu fjölbýlishússins sem þau bjuggu í, til að ná í ís handa börnum sínum og rakst þá á lík tveggja kornabarna undir frosnu kjöti og grænmeti. Lögregla fann svo lík tveggja annarra í sementsfötum í bakgarði hússins.

- smk



**ELDURINN ÆÐIR ÁFRAM** Sinueldarnir á Mýrum í Borgarfirði eru þeir mestu sem íslensk þjóð hefur orðið vitni að. Eldtungurnar hafa náð þriggja til fjögurra metra hæð og maðurinn finnur vel fyrir smæð sinni þegar horft er á vágestinn æða áfram. Engan skal undra þótt heimamenn séu slegnir óhug þegar aleiga þeirra og lífsstarf allt er aðeins spölkorn frá eldum sem þessum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sinueldarnir í Borgarfirði:

## Ofsi eldanna ekkert í rénun

**SINUELDAR** Bóndabæirnir, Ánastaðir, Hundastapi og Hólmakot á Mýrum voru taldir í mikilli hættu í morgun þegar sinueldarnir í Borgarfirði blossuðu upp eftir að hafa verið í rénun á tímabili snemma í morgun.

Eftir að lygndi í nótt voru bændur og slökkviliðsmenn bjartsýnir á að möguleiki væri að ná stjórn á eldinum, en svo hvessti snögglega af norðri um níu leytið í morgun og eldarnir ruku þá upp af miklum ofsa á ný. Ítrekað gafst slökkviliðsmönnum og bændum, sem nota haugsugur við slökkvistarfið, ekki svigrúm til að beita búnaði sínum vegna þess hve eldurinn fór hratt yfir. Það eina sem þeir gátu gert var að hörfa undan eldtungunum.

- shá

Seðlabankinn ítrekar að innri staða bankakerfisins hér sér mjög traust:

# Bankarnir dragi úr útlánum

**VIÐSKIPTI** Bankastjórn Seðlabankans hefur fundað með forráðamönnum bankakerfisins og rætt við þá um útlánaaukningu bankanna síðustu ár. Davíð Oddsson, formaður bankastjórnar Seðlabankans, sagði á ársfundi bankans síðdegis í gær að breyta yrði þróun sem endurspeglast hafi í mikilli raunútlánaaukningu innanlands í fyrra og hitteðfyrra.

Davíð segir að á fundunum með forráðamönnum bankakerfisins hafi verið gefnar yfirlýsingar um að aukin varfærni verði sýnd á komandi tíð í þessum efnum. „Bankastjórnin telur sig ekki hafa neinar ástæður til að efast um að full heilindi búi að baki þeim fyrirheitum. Enn sem komið er heldur þó útlánaaukningin áfram á fyrstu mánuðum þessa árs og það á meiri hraða en árið 2004. Þær skýringar eru gefnar á þessu misræmi orða og athafna, að það taki tíma að tæma loforðin í útlánapípunum. Seðlabankinn treystir því enn að áform um breytingar til hins betra gangi eftir, enda er mikið í húfi,“ segir Davíð, en hann áréttaði einnig í ræðu sinni að álit bankans um að innri staða bankakerfisins væri mjög traust og uppfyllti ströngustu kröfur.




**DAVÍÐ ODDSSON** Davíð, sem er formaður bankastjórnar Seðlabankans, ítrekar álit bankans um trausta stöðu bankakerfisins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ólafur G. Einarsson, formaður bankaráðs Seðlabankans, sagði í ræðu sinni að samkvæmt rekstrarreikningi hefði tap bankans í fyrra numið 2,8 milljörðum króna, samanborið við 6 milljarða árið á undan.

- óká


Vantar þig fermingargjöf?

Sjá hugmyndir á bls. 14–15

Opið til 18 í dag

Kringlan MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ



## SPURNING DAGSINS

*Þröstur, er útvarpsstjóri að reyna að spila með ykkur?*

Hann er að reyna það en hann fær ekki að spila með okkur.

Þröstur Ólafsson er framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands sem stendur í deilum við Ríkisútvarpið og ríkið um eignarhald á verðmætri Guarneri-fiðlu.

Mannránið í Keflavík fyrir viku er enn í rannsókn hjá lögreglunni í Keflavík:

# Fjögurra manna enn leitað

**MANNRÁN** Ökumaður bifreiðarinnar sem lögreglan í Keflavík óskaði eftir að gæfi sig fram vegna mannránsins í Garði fyrir viku síðan, gaf sig fram í gær. Maðurinn var vitni að því þegar Kristinn Óskarsson, sem rænt var að heimili sínu, gekk í átt að bænum Múla í Biskupstungum. Hann hafði þá verið í farangursgeymslu bifreiðarinnar í rúma sjö klukkutíma.

Ökumaðurinn staðfesti við lögreglu að Kristinn hefði verið á göngu á Biskupstungnabraut á milli eitt og hálf tvö, aðfararnótt sunnudagsins 26. mars en Kristinn hafði þá sloppið með naumindum úr farangursgeymslu bifreiðar fjögurra manna sem réðust á heimili hans fyrr um kvöldið.



**KRISTINN EFTIR ÁRÁSINA** Fólskuleg árás á Kristin Óskarsson, íbúa í Garðinum, hefur vakið óhug hjá fólki á Suðurnesjum. FRÉTTABLAÐIÐ/NFS

Karl Hermannsson, yfirlögregluþjónn í Keflavík, segir atburðarásina vera nokkuð ljósa. „Við leitum enn að mönnunum fjórum en vitum að þeir voru á brúnleitum, amerískum bíl. Við höfum reynt að rekja okkur áfram eftir vísbendingum en það er erfitt að upplýsa málið þar sem málsatvik eru svolítið óljós ennþá.“

Árásin á Kristin var fólskuleg en samkvæmt upplýsingum lögreglunnar í Keflavík er enn á huldu hvers vegna ráðist var inn á heimili Kristins og honum veittir töluverðir áverkar í andliti og á líkama. **- mh**

Dró sér sautján milljónir:

# Dæmdur fyrir fjárdrátt

**DÓMSMÁL** Karlmaður á sextugsaldri hefur verið dæmdur í Hæstarétti fyrir að draga sér fé, samtals rúmar sautján milljónir króna. Samkvæmt dómi Hæstaréttar er maðurinn dæmdur í tólf mánaða fangelsi, þar af eru níu skilorðsbundnir. Hann hafði áður verið dæmdur í skilorðsbundið fangelsi í héraðsdómi Vestfjarða.

Maðurinn starfaði sem framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfirðinga þegar hann dró sér féð. Hann viðurkenndi brot sitt og hefur að fullu greitt upphæðina til baka. Því þótti ekki ástæða til að sekta manninn. **- mh**

Staða Íbúðalánasjóðs:

# Samstöðu þarf um breytingar

**VIÐSKIPTI** Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra segir að eftir helgi sé von á áfangaáliti stýrihóps um hlutverk og aðkomu stjórnvalda að íbúðalánamarkaði.



**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON**

Á ársfundi Seðlabanka Íslands í gær sagði Halldór að mikilvægt væri að víðtæk samstaða næðist um fyrirhugaðar breytingar á starfsemi Íbúðalánasjóðs. Leggja á fram lagafrumvarp um sjóðinn á haustþingi Alþingis þannig að nýtt fyrirkomulag geti tekið gildi um áramót.

Halldór segir að ekki verði fórnað pólitískum markmiðum sem stjórnvöld hafi gert Íbúðalánasjóði að starfa eftir. **- óká**

Verðhækkanir á eldsneyti:

# Lítrinn kostar um 125 krónur

**NEYTENDUR** Bensínverð er komið í áður óþekktar hæðir hér á landi eftir síðustu hækkanir olíufélaganna í vikunni.

Kostar lítri af 95 oktana bensíni á þjónustustöð 124,4 krónur og lítri af dísilolíu litlu lægra á 120,5 krónur. Er um að kenna heimsmarkaðsverðinu sem hefur snarhækkað síðustu daga og búast sérfræðingar við enn frekari hækkunum næstu daga og vikur. **- aöe**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Læti á gistiheimili** Slagsmál brutust út milli tveggja manna á gistiheimili í Reykjanesbæ í fyrrinótt. Slasaðist annar mannanna og þurfti meðhöndlunar við en hinn fékk að gista annars staðar en á gistiheimilinu.



**GÍFURLEGT REYKJARKÓF** Eldarnir á Mýrum náðu aftur hámarki um hádegið í gær og var slökkvistarf á þremur stöðum í einu á tímabili. Reykjarkófið var slíkt að það sást á gervihnattamyndum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Margir bæir í mikilli hættu

**Sinueldarnir á Mýrum í Borgarfirði geisuðu í allan gærdag af síst minni ofsa en daginn áður. Engin fordæmi eru fyrir sinueldum sem þessum og sáust þeir á gervihnattamyndum. Fólk var mjög óttaslegið enda eldarnir óútreiknanlegir.**

**SINUELDAR** Fólk af þremur bæjum á Mýrum í Borgarfirði þurfti að yfirgefa heimili sín eftir hádegi í gær vegna sinueldanna sem þar geisuðu. Allur Hraunhreppur fyrir neðan Snæfellsveg hafi þá orðið eldi að bráð. Það er meira en allt byggt land á höfuðborgarsvæðinu. Það er lýsandi fyrir ástandið að mál slökkviliðsmanna var að um „almannavarnaástand,“ væri að ræða og athugandi að fá þyrlur frá varnarliðinu til starfa, væru þær fáanlegar. Þá voru eldarnir svo miklir að reykjarkófið frá þeim sást á gervitunglamyndum.

Slökkvistarfi var haldið áfram af fullum krafti annan daginn í röð og stóð það enn yfir í gærkvöldi. Lið frá sex stöðum, þar á meðal frá Borgarnesi, Búðardal, Akranesi og Reykjavík, börðust við eldinn en veðurspá var óhagstæð og er óttast að eldarnir logi lengi enn. Þyrla frá Þyrluþjónustunni hf. kom á staðinn á þriðja tímanum og var henni stjórnað af jörðu niðri af slökkviliðinu frá Borgarnesi. Þyrlunni, sem ber 700 lítra af vatni í ferð, var beitt á stærstu eldana og til að verja þau mannvirki sem þá voru í mestri hættu. Haugsugur bænda, fylltar af blautri mykju sem var sprautað á skraufþurra jörðina, skiptu miklu máli í baráttunni því að lengur hélst blautt á þeim svæðum sem þessari aðferð var beitt. Sumarbústað í landi Vogs var meðal annars bjargað með þessari aðferð.



**ÞYRLAN VIÐ STÖRF** Þyrlan kom í góðar þarfir og var nýtt til að hefta för eldsins að bænum Ánastöðum. Bilun í búnaði hennar kom þó í veg fyrir að henni væri beitt af fullum afköstum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Haukur Valsson, aðstoðarslökkviliðsstjóri í Borgarnesi, telur að um kvöldmatarleytið hafi verið minnst 70 manns við björgunarstörf. Þá var fjölmennt lið björgunarsveitarmanna að koma til starfa auk heimamanna og vonir bundnar við að tækist að ná stjórn á eldunum á nokkrum svæðum.

Hvorki menn né skepnur hafa skaðast en lögreglan í Borgarnesi hafði samband við bændur á Mýrum og bað um að hestum yrði komið fyrir þar sem engin eldhætta væri.

Miðstöð björgunarmanna var komið upp í félagsheimilinu Lyngbrekku þar sem menn gátu matast og hvílst. Ekki leyndi sér að mikill óhugur var í fólki og viðmælendur Fréttablaðsins voru á einu máli um að eldarnir væru ekkert annað en náttúruhamfarir.

svavar@frettabladid.is


990.000 KR. DAGURINN - BÍLL DAGSINS

DODGE DURANGO

Nýskr. 03.00. - Sjálfskiptur - Ekinn 90 þús km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00 og laugardaga kl. 12:00 -16:00.


Fulltrúi í útvarpsráði segir RÚV mismuna þátttakendum í Gettu betur:

# MA borgar tæpar 2 milljónir

**SJÓNVARPSEFNI** Lára Stefánsdóttir, varaþingmaður Samfylkingarinnar í Norðausturkjördæmi og fulltrúi flokksins í útvarpsráði, segir RÚV mismuna þátttakendum í Gettu betur eftir búsetu. „Allar viðureignirnar í sjónvarpshluta keppninnar fara fram í Reykjavík og því fylgir mikill ferðakostnaður fyrir skóla utan af landi. Nemendur Menntaskólans á Akureyri þurfa að fara þrisvar suður og útlit fyrir að kostnaður nemendafélags skólans verði um ein og hálf milljón króna.“

Lára segir RÚV mælast til þess að fjölmennur stuðningshópur fylgi keppnisliðunum og á þriðja hundrað nemenda hafi fylgt liði MA.

„Suðurferðirnar þrjár kosta á fjórðu milljón króna en að óbreyttu mun RÚV einungis greiða um 1,6 milljónir króna,“ segir Lára.

Lára hefur hefur komið mótmælum við kostnaðarþátttöku RÚV á framfæri við Pál Magnússon útvarpsstjóra og hyggst einnig taka málið fyrir á fundi útvarpsráðs.

Lið Menntaskólans á Akureyri mætir liði Verzlunarskóla Íslands í úrslitaviðureign keppninnar næstkomandi fimmtudag. **- kk**



**LÁRA STEFÁNSDÓTTIR** Að óbreyttu þarf nemendafélag Menntaskólans á Akureyri að greiða um eina og hálfa milljón króna vegna þátttöku í Gettu betur og hyggst Lára taka málið upp í útvarpsráði. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

42% afsláttur




3.490
~~5.990~~

Innimálning 10 ltr.
**Jotun**, gljástig 3, loftmálning
7119854



695
~~1.195~~

Rúlla og bakki
7010210

# Aprílgabb




Nýtt
Húsasmiðjublað
Stútfullt af
frábærum tilboðum



1.290
~~3.245~~

Samlokujárn
**Bomann Estate**
1840906



Verð frá
995*

Úlpur
*Meðan birgðir endast



7.900
~~15.451~~

Handklæðaofn
**Scala**, W430, 80x50 sm
9200048



2.990
~~5.829~~

Blöndunartæki
**Damixa**, f/eldhús
8000000



6.990
~~9.900~~

Blöndunartæki
**Damixa**, m/hitastilli
8000870

## Ný verslun Ögurhvarfi

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 31.3.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 70,7 | 71,04 |
| Sterlingspund | 122,79 | 123,39 |
| Evra | 85,58 | 86,06 |
| Dönsk króna | 11,467 | 11,535 |
| Norsk króna | 10,744 | 10,808 |
| Sænsk króna | 9,092 | 9,146 |
| Japanskt jen | 0,6006 | 0,6042 |
| SDR | 101,88 | 102,48 |

*Gengisvísitala krónunnar*

119,5127

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Den Danske bank og Spron bjóða íbúðalán á þriggja prósenta vöxtum:

# Kjör sem bjóðast aðeins í dag

**VIÐSKIPTI** Íbúðalán á áður óþekktum vöxtum standa núverandi og nýjum viðskiptavinum Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis til boða í dag. Samstarf Spron og Danske bank, stærsta viðskiptabanka Danmerkur, gerir




**SPRON VIÐ SKÓLAVÖRÐUSTÍG** Hægt er að sækja um lánin á milli klukkan 12 og 16 í dag.

þetta mögulegt.

„Það er okkar markmið að þjóna viðskiptavinum á sem bestan hátt og samkomulagið við Danske bank gerir okkur kleift að bjóða enn betri þjónustu en áður," segir Guðmundur Hauksson sparisjóðsstjóri.

Den Danske Bank hefur, líkt og margir aðrir erlendir bankar, selt íslensk verðbréf fyrir milljarða króna á síðustu dögum og töldu stjórnendur bankans affarasælast að lána andvirðið til íslenskra almennings. Urðu íbúðalán fyrir valinu en þau eru jafnan tryggustu lán banka enda veitt með veði í fasteign. Lánin bera þriggja prósenta vexti og geta hæst orðið 20 milljónir króna. Gera áætlanir ráð fyrir að hægt verði að veita um 200 lán.

Tekið verður við lánaumsóknum í útibúi Spron á Skólavörðustíg 11 milli klukkan 12 og 16 í dag.

Den Danske Bank er fyrsti erlendi bankinn sem býður íslenskum almenningi þjónustu sína en erlendum bönkum hefur verið heimilt að starfa á Íslandi síðan samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið gekk í gildi árið 1994.

- bþs

Ríkisskattstjóri um nefskatt:

# Ekki heppilegur fyrir RÚV

**RÍKISÚTVARPIÐ** Í umsögn til menntamálanefndar Alþingis segir ríkisskattstjóri að nefskattur á einstaklinga hafi fáa kosti en marga galla. Telur embættið að einfaldara yrði að lækka persónuafslátt manna sem nemur gjaldinu til Ríkisútvarpsins og lögbinda framlag hvers greiðanda sem nemur sömu fjárhæð á mann.

Í álitinu er meðal annars bent á að fólk með lágar launatekjur en háar fjármagnstekjur geti að óbreyttu orðið undanþegið nefskatti til RÚV. Að öllu virtu telur embætti ríkisskattstjóra að álagning nefskattsins sé ekki heppileg.

- jh/sjá síðu 24



**CAROL VAN VOORST, JAMES TOWNSEND OG MARK PEKALA** Þau svöruðu spurningum fyrir hönd Bandaríkjamanna.

## Viðræðum haldið áfram

Sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, Carol van Voorst, sagði viðræðurnar milli íslenskra og bandarískra stjórnvalda, sem fram fóru á fimmtudag og í gær, vera upphafið að áframhaldandi viðræðum um framtíðarskipulag varnarmála á Íslandi.

Hún segir það einlægan vilja Bandaríkjanna að sinna áfram varnarhlutverki sínu hér á landi, eins og varnarsamningur frá 1951 gerir ráð fyrir. „Viðræður okkar voru kjarnmiklar og heiðarlegar. Nefndirnar voru sammála um að styrkja samstarf landanna í öryggismálum, til þess að mæta ógnunum dagsins í dag. Forseti Bandaríkjanna hefur tekið það skýrt fram að Bandaríkin séu skuldbundin til þess að halda uppi vörnum á Íslandi, og frá því verður ekki vikið. Viðræðurnar nú voru þær fyrstu í röð áframhaldandi viðræðufunda um stöðu varnarmála á Íslandi."

Mark Pekala, varaaðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna, tók undir með Carol og sagði viðræðurnar hafa gengið vel. Hann sagði Bandaríkjamenn skuldbundna til að halda áfram uppi vörnum landsins, þótt herþoturnar færu af landi brott.

Pekala sagði viðræður nefndanna hafa verið rækilegar og góðar. „Við ræddum varnarmálin í víðu samhengi, þar sem sérfræðikunnátta beggja nefnda lagði grunninn að góðum umræðum."

Hann sagði einhug ríkja um að Bandaríkjamenn héldu áfram uppi vörnum hér á landi. „Í ríkisstjórn Bandaríkjanna er unnið að elju að skipulagi fyrir varnir Íslands, og það mun ekkert draga úr vörnum landsins þó F-15 herþoturnar fari af landi brott. Við hlustuðum af athygli á áhyggjur og tillögur íslensku nefndarinnar. Við gátum svarað sumum spurningum sem vöknuðu, en efni annarra þurfum við að ræða frekar í höfuðstöðvum okkar í Washington."

Ekki hafa verið teknar neinar ákvarðanir varðandi aðstöðu varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli en aðspurður sagði Pekala það verða rætt á fundum næstu mánaði, milli bandarískra og íslenskra stjórnvalda.



**GEIR H. HAARDE** Utanríkisráðherrann var bjartsýnn á að ásættanleg lausn fyndist í varnarviðræðunum við Bandaríkjamenn: „En auðvitað er þetta engin óskastaða fyrir okkur." Lokaniðurstaða viðræðanna réði því hvernig vináttusamband ríkjanna yrði háttað. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**GEIR H. HAARDE** Utanríkisráðherrann var bjartsýnn á að ásættanleg lausn fyndist í varnarviðræðunum við Bandaríkjamenn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Enginn leysi Bandaríkin af

**Ekki er raunhæft að önnur ríki en það bandaríska taki að sér varnir Íslands, sagði Geir H. Haarde utanríkisráðherra eftir varnarviðræðurnar. Bandaríkjamenn leggja áherslu á að standa við varnarsamninginn.**

**VARNARMÁL** „Við viljum hafa hér áætlun um trúverðugar varnir sem gerir það að verkum að engum detti í hug að koma hér upp að landinu með óvæntum hætti eða ógna okkur. Það er það sem við höfum talað um. Við þurfum að hafa hér lágmarksvarnir eins og allar aðrar þjóðir," sagði Geir H. Haarde utanríkisráðherra um kröfur íslenskra stjórnvalda í varnarviðræðunum við þau bandarísku.

Geir sagði kosti íslenskra stjórnvalda í stöðunni ekki marga þegar hann var spurður hvort stjórnvöld ætluðu að leggja áherslu á varnir Bandaríkjanna eða skoða möguleikann á að aðrar þjóðir verðu landið: „Við munum halda áfram að ræða þetta mál við vinaþjóðirnar í NATO og gera þeim grein fyrir stöðunni, en ég tel ekki raunhæft að aðrar þjóðir taki að sér það hlutverk sem Bandaríkin hafa gegnt hérna."

Geir sagði næstu skref þau að Bandaríkjamenn útbúi varnaráætlun fyrir Ísland og leggi fyrir íslensku nefndina eftir nokkrar vikur. Hún komi til framkvæmda innan örfárra mánaða. „Á meðan gerist væntanlega ekkert sérstakt annað," sagði hann. Íslensk stjórnvöld vonist til að komið verði til móts við kröfur þeirra og óskir. Hann vildi ekki nefna hverjar þær væru nákvæmlega en sagði að óskað hafi verið eftir nánari upplýsingum um ratsjárstöðvarnar. Hann sagði að ekki hafi verið rætt um hvað verði um einstök mannvirki á Keflavíkurflugvelli og hvernig afnot herinn vilji hafa af þeim í framtíðinni og ekki hvernig þeim verði komið til íslenska ríkisins: „Það eru allt mál sem hægt er að leysa." Ekki hafi heldur verið rætt um íslensku starfsmennina á vellinum. Þau mál séu í öðrum farvegi. Rætt hafi verið um björgunarmál. „Þeir eru tilbúnir að leggja fram aðstoð í þeim efnum." Einnig hafi verið rætt um samstarf er lúti að hryðjuverkaógnunum. Geir sagði að ekki hafi verið rætt um kaup eða leigu á þyrlum. Viðræðurnar væru ekki komnar á það stig, heldur séu enn á almennum nótum.

gag@frettabladid.is

Punktar úr viðræðunum:

## Mörg atriði enn órædd

**ÞAÐ SEM RÆTT VAR UM**

- Kröfur og óskir Íslendinga - ekki gefið upp
- Aðstoð Bandaríkjamanna í björgunarmálum og samstarf gegn hryðjuverkum
- Að Bandaríkin ætli að standa við skuldbindingar sínar
- Að bandarísk stjórnvöld útbúi varnaráætlun fyrir Ísland
- Breyttar áherslur Bandaríkjamanna í varnarmálum á alþjóðavettvangi

**ÞAÐ SEM EKKI VAR RÆTT UM**

- Kaup eða leiga á þyrlum
- Hvenær þyrlurnar fara af landi brott
- Mannvirki Varnarliðsins og hvernig afnot herinn vilji hafa af þeim í framtíðinni
- Hvernig herinn hagar brottflutningi næstu mánuði
- Starfslok íslensku starfsmannanna á Keflavíkurflugvelli






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**HLÝNAR Í NÆSTU VIKU**

Þessir norðankuldar sem verið hafa á landinu upp á síðkastið eru nokkuð þrautseigir en þó er farið að grilla í hærri hita. Það hlýnar eitthvað dálítið eftir helgina en á miðvikudag ætti að vera kominn þokkalegur hiti víða um land, eða allt að 4-6 gráður. Þá fer reyndar að blotna í hér syðra sem er bara gott eftir sinubruna og sandstorma liðinnar viku.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**

Hæg norðaustan átt og bjartviðri. Vægt frost að deginum.

*um hádegi »*




*» á morgun*




5-10 m/s

*» mánudagur*




Hæg, vestlæg átt.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 7°C skúrir | París | 14°C alskýjað | Alicante | 26°C heiðskírt |
| Osló | 2°C hálfskýjað | Berlín | 13°C hálfskýjað | Mílano | 17°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 2°C alskýjað | Frankfurt | 15 °C þrumur | New York | 18°C skúrir |
| Helsinki | 1°C alskýjað | Madríd | 20°C heiðskírt | San Francisco | 14°C rigning |
| London | 14°C léttskýjað | Barcelona | 20°C hálfskýjað | Orlando/Flórída | 30°C hálfskýjað |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.



# Páskar
## í Smáralind

### VILTU VINNA FLUGEGG?

**Komdu í Smáralind og taktu þátt í skemmtilegum páskaleik Smáralindar, Nóa Síríusar og Icelandair.**

ICELANDAIR NÓI SÍRÍUS

Það eina sem þú þarft að gera er að festa kassakvittun frá verslun eða þjónustuaðila í Smáralind við þátttökuseðil og skila í kassann við þjónustuborðið. Þú gætir unnið Flugegg, tvo miða til Manchester með Icelandair, rafrænt gjafakort eða eitt af 90 páskaeggjum frá Nóa Síríusi.




### Skemmtileg dagskrá í Smáralind

Sýnt verður úr leikritinu **Hafið bláa** fyrir utan Vero Moda á fyrstu hæð í dag **kl. 15**.

**Ingibjörg Aldís Ólafsdóttir** sópran og **Stefán Helgi Stefánsson** tenór mæta í göngugötuna **kl. 14-15** í dag ásamt Ólafi B. Ólafssyni og hita upp fyrir Hjaltested/Íslandi tónleika.



Láttu sjá þig - Smáralind er í páskaskapi!




Verslanir opnar mán-mið 11-19, **fim 11-21**, fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18 / smaralind.is / 528 8000

ENNEMM / SÍA / NM15662



## KJÖRKASSINN

*Á að leyfa spilavíti hér á landi?*

| | |
|---|---|
| Já | 35% |
| Nei | 65% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Ætlarðu að heiman um páskana?*

Segðu þína skoðun á Vísir.is

Þrír mannskæðir skjálftar í Vestur-Íran:

# Jarðskjálftar leggja þorp í rúst

**ÍRAN, AP** Minnst 66 manns fórust og yfir 1.200 slösuðust í þremur sterkum jarðskjálftum og nokkrum eftirskjálftum í vesturhluta Írans aðfaranótt föstudags.

Að sögn yfirmanns björgunarstarfsins urðu fleiri en 200 þorp fyrir alvarlegum skemmdum, og sum þeirra voru rústir einar eftir skjálftana, sem mældust á bilinu 4,7 til 6,0 á Richter.

Flestir hinna slösuðu lágu sofandi í rúmum sínum þegar skjálftahrinan hófst, samkvæmt frönskum sjónvarpsstöðvum, en eftir að fyrsti skjálftinn reið yfir óku lögreglumenn um götur borganna Boroujerd og Doroud og vöruðu fólk með aðstoð hátalara við frekari jarðskjálftum, og er talið að sú aðgerð hafi bjargað mörgu mannslífi. Fólk flúði skelfingu lostið út úr húsum sínum, og höfðust margir við undir berum himni í nótt.

Tólf eftirskjálftar riðu yfir í kjölfar skjálftanna þriggja, að sögn jarðeðlisfræðistofnunar háskólans í Teheran. Íran er staðsett á miklu jarðhræringasvæði, og er að meðaltali um einn minni háttar jarðskjálfti þar í landi á degi hverjum.

Í febrúar í fyrra týndu 612 manns lífi í jarðskjálfta í landinu og í desember 2003 fórust 26.000 manns í jarðskjálfta við borgina Bam. - smk



**SORG** Tugir manna fórust og hundruðir slösuðust í snörpum jarðskjálftum sem skóku vesturhluta Írans í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ofbeldi gagnvart lögreglu:

# Hertir dómar fagnaðarefni

**DÓMSMÁL** Landssamband lögreglumanna fagnar niðurstöðu í tveimur nýföllnum dómum er snerta ofbeldi gagnvart lögreglumönnum.

Annars vegar er um að ræða þyngdan dóm yfir brotamanni sem hafði í hótunum við lögreglumann og hins vegar sakfellingu í máli manns sem hrækti á lögreglumann við skyldustörf.

Telur landssambandið þetta vera fyrsta skrefið til þyngingar refsinga fyrir slík brot en mikið vanti upp á að refsingar vegna brota gegn lögreglumönnum í starfi séu nægjanlega harðar. - aöe

Formaður Blaðamannafélagsins:

# Hindrun í starfi blaðamanna

**ALÞINGI** Formanni Blaðamannafélags Íslands, Örnu Schram, líst illa á frumvarp dómsmálaráðherra um að banna myndatökur í dómshúsum landsins.



ARNA SCHRAM

Arna segir á vef Blaðamannafélags Íslands að enn sé verið að takmarka það svigrúm sem blaðamenn hafi til að sinna störfum sínum. Hún gagnrýnir líka að samkvæmt frumvarpinu verða hæstaréttardómar ekki birtir samdægurs heldur sólarhring eftir uppkvaðningu. Breytingarnar eru í frumvarpinu sagðar vera til þess að jafna á milli málsaðila en myndatökurnar valdi hinum ákærðu óþægindum.



**TONY BLAIR** Forsætisráðherra Bretlands hefur verið á ferðalögum í fjarlægum heimshluta meðan gustar um hann heima fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Blair segir líklega af sér fyrir lok ársins

**Breskt dagblað hefur eftir samstarfsmönnum Tonys Blair að hann ætli að tilkynna um afsögn sína í lok ársins. Breski Íhaldsflokkurinn birti í gær lista yfir stærstu lánveitendur flokksins.**

**BRETLAND** Breska dagblaðið Daily Telegraph fullyrðir í gær að Tony Blair forsætisráðherra muni tilkynna um afsögn sína fyrir árslok. Blaðið segist hafa þetta eftir heimildum úr innsta hring aðstoðarmanna forsætisráðherrans.

Engar staðfestingar hafa þó fengist á þessu opinberlega, hvorki frá Blair sjálfum né öðrum ráðamönnum í bresku stjórninni eða Verkamannaflokknum.

John Prescott, aðstoðarforsætisráðherra, hefur hins vegar tekið að sér að semja um málamiðlun milli Blairs og þingmanna Verkamannaflokksins, sem margir hverjir telja betra fyrir bæði flokkinn og stjórnina að forsætisráðherrann segi sem fyrst af sér.

Í síðustu kosningum lét Blair þau orð falla að þetta yrði hans síðasta kjörtímabil. Þar með varð ljóst að hann myndi ekki bjóða sig fram í næstu kosningum, en þær verða haldnar ekki síðar en í júníbyrjun árið 2010.

Um síðustu helgi sagði Blair að hugsanlega hefðu það verið mistök að gefa þessa yfirlýsingu. „Fólk var alltaf að spyrja mig, svo ég ákvað að svara. Kannski voru það mistök.“ Þessi yfirlýsing hefur engan veginn slegið á vangaveltur um það hvenær hann hætti. Þvert á móti hefur yfirlýsingin kynt undir þeim vangaveltum, ef eitthvað er.

Á síðustu dögum hafa síðan umræður um afsögn forsætisráðherrans fengið byr undir báða vængi í tengslum við fréttir af lánveitingum nokkurra auðjöfra til Verkamannaflokksins. Tony Blair útvegaði í kjölfarið fjórum þessara auðjöfra aðalstign, en henni fylgir meðal annars sæti í lávarðadeild breska þingsins. Breska lögreglan hefur hafið rannsókn á þessum lánveitingum og útilokar ekki að um lögbrot hafi verið að ræða komi í ljós að flokkurinn hafi hreinlega selt auðjöfrunum þingsæti. Lögreglan hyggst meðal annars yfirheyra Tony Blair í tengslum við rannsóknina.

Rannsóknin verður látin ná til allra stjórnmálaflokka á Bretlandi. Íhaldsflokkurinn birti í gær lista yfir stærstu lánveitendur flokksins, en Verkamannaflokkurinn hafði birt slíkan lista eftir að lánin komust í hámæli.

gudsteinn@frettabladid.is

Chirac um umdeild lög:

# Staðfestir lögin lítið breytt

**PARÍS, AP** Jacques Chirac Frakklandsforseti sagði í sjónvarpsávarpi í gærkvöld að hann hygðist staðfesta lög þau sem hálfgert stríðsástand hefur staðið um í frönsku samfélagi undanfarnar vikur. Hann boðaði vissar umbætur á þeim sem koma ættu til móts við kröfur mótmælenda.

Chirac sagðist leggja til að tveggja ára reynslutími ungra launþega yrði styttur í eitt ár úr tveimur og vinnuveitendur yrðu að gefa upp ástæðu fyrir brottrekstri. Að óbreyttu átti vinnuveitendum að vera frjálst að reka fólk undir 26 ára aldri á reynslutímanum, án þess að gefa upp ástæðu. - aa

Netsími að komast í gagnið:

# Boða byltingu með vorinu

**UPPLÝSINGATÆKNI** Undir lok maí ætlar fyrirtækið NetAFX að bjóða farsíma sem ekki byggja á GSM kerfi heldur WiFi-þráðlausri internettengingu.



JÓN ELÍASSON

Jón Elíasson, framkvæmdastjóri NetAFX, segir þetta byltingu í símamálum sem fyrirséð sé að símafyrirtækin verði að bregðast við með stórlækkuðu verði. Símtöl með nýju tækninni byggja á svokallaðri netsímatækni, þar sem símtölin fara alfarið um internetið.

Jón og Graham Lynas, forstjóri NetAFX Worldwide, kynntu símann á föstudag og leyfðu fjölmiðlum að prófa gripinn. Þeir segjast ætla að netvæða landið þannig að netsíminn virki hvarvetna og telja að það muni kosta innan við milljarð króna. - óká

## INDLAND

**HIV-tilfellum fækkar** Þriðjungi færri HIV-smit hafa greinst á Indlandi á undanförnum árum, samkvæmt niðurstöðum könnunar sem birtist í breska læknatímaritinu Lancet á fimmtudag. Helst ber að þakka aukinni áherslu á forvarnir og meiri notkun getnaðarvarna en áður. Talið er að yfir fimm milljónir manna séu smitaðar af veirunni þar í landi.

## DÓMSMÁL

**Varð að borga** Kaupandi sem hélt eftir lokagreiðslu vegna kaupa á eign í Reykjavík var dæmdur til greiðslu fyrir héraðsdómi. Var ekki talið að gallar sem hann taldi vera á eigninni væru alvarlegir og því bæri honum að ljúka greiðslum að fullu.

## SINUELDUR

**Sinubruni við Höfn** Eldur logaði í sinu við Höfn í Hornafirði í gærmorgun. Greiðlega gekk að slökkva eldinn. Lögreglan á Höfn segir að allt bendi til að kviknað hafi í út frá logandi sígarettu. Vegna mikilla þurrka víða um land er talsverð hætta á sinueldum.




Mannræningjar leysa bandaríska blaðakonu úr prísund:

# Segist hafa hlotið góða meðferð

**ÍRAK, AP** Bandarísku blaðakonunni Jill Carroll var sleppt heilli á húfi úr haldi mannræningja á fimmtudag. Carroll var rænt á götu í Bagdad fyrir þremur mánuðum og túlkur hennar var myrtur. Mannræningjarnir kröfðust þess að allir kvenfangar í Írak yrðu leystir úr haldi fyrir 26. febrúar, ella yrði Carroll tekin af lífi.

Bandaríkjastjórn varð ekki við kröfu mannræningjanna, og var því mjög óttast um líf Carroll en ekkert hafði af henni spurst síðan 9. febrúar.

Hvorki er vitað hverjir mannræningjarnir voru né heldur er vitað til þess að lausnargjald hafi verið greitt. Enginn hefur verið handtekinn vegna ránsins.

Í stuttu viðtali við sjónvarpsstöð í Bagdad sagðist Carroll hafa fengið góða meðhöndlun. „Mér var haldið á mjög góðum, litlum öruggum stað, í öruggu herbergi (með) ágætum húsgögnum,“ sagði Carroll. Hún sagði mannræningjana aldrei hafa beitt sig ofbeldi, og sagðist hafa fengið nægan mat, fatnað og hafa verið leyft að fara í sturtu. Jafnframt fékk hún að lesa blöðin.

Að sögn sendiherra Bandaríkjanna í Bagdad var Carroll við góða heilsu og í hinu besta skapi, og fær hún að fara heim eins fljótt og auðið er. Í gær var talið að hún væri enn í umsjá íraskra yfirvalda. - smk



**JILL CARROLL** Plakat með mynd af blaðakonunni fjarlægt af ráðhúsi Rómar eftir að fréttir bárust um að hún hefði verið látin laus. Þar hanga myndir af fréttafólki í höndum mannræningja í Írak. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Ótrúlegt verð






**Skór** m/fylltum hæl
ljósbrúnir
st. 36-41
**4.999kr**

ekta leður



**Ballerínuskór**
hvítir
st. 36-41
**2.999kr**

Betty Blue SHOES



**Espadrillur**
hvítar, svartar, drappaðar
st. 36-41
TILBOÐ
**1.999kr**
Verð áður 2.499,-

Betty Blue SHOES



**Espadrillur**
margir litir
st. 36-41
**999kr**



**Hælaskór** támjóir
hvítir
st. 36-41
**2.999kr**



**Sandali**
drapp
st. 36-41
**3.999kr**



**Sandali**
svartur, brúnn
st. 36-41
**3.999kr**



**Ballerínuskór**
hvítir
st. 36-41
**2.999kr**

Gildir til 3. apríl eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla






Konungsfjölskyldan óskar eftir fé til viðhalds:

# Raki herjar á höll Danadrottningar

**KAUPMANNAHÖFN** Konungshöllin í Kaupmannahöfn er svo illa farin af raka og sveppum að fjármálaráðherra landins hefur farið fram á aukafjárveitingu til viðhalds á byggingunum. Er ástandið sérstaklega slæmt í híbýlum Friðriks prins og fjölskyldu bak við höll Kristjáns áttunda. Fyrir fjórum árum var rúmum hundrað og tíu milljónum danskra króna úthlutað til viðhalds á höllinni til ársins 2010. En nú er þörf fyrir að minnsta kosti 60 milljónir í viðbót. **- ks**


**AMALÍUBORG** Ástandið er sérstaklega slæmt í híbýlum Friðriks prins.


**ÚR BORGARSTJÓRN** Borgin mótmælir að Landsvirkjun leggi Laxárvirkjun, sem hún segir á undirverði, í sameiginlegt sölufyrirtæki Landsvirkjunar, RARIKS og Orkubúsins og fari í samkeppni við Orkuveituna. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Klögumálin ganga á víxl

**Samkeppniseftirlitið hefur ekki brugðist við bannkröfu borgarinnar á eignatilfærslu Landsvirkjunar. Orkufyrirtækin kvarta á víxl.**

**ORKUMÁL** Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, segir að ekki hafi verið tekin afstaða til erindis Reykjavíkurborgar, þar sem hún óskar eftir því að eftirlitið banni Landsvirkjun að leggja Laxárvirkjun inn í sameiginlegt smásölufyrirtæki Landsvirkjunar, RARIK og Orkubúsins. Erindið sé í skoðun.

Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar, segir erfitt að ímynda sér að Samkeppniseftirlitið komi í veg fyrir að smásölufyrirtækið verði stofnað: „En við munum auðvitað svara því erindi sem beinist til okkar þegar það berst.“

Friðrik bendir á að nýja fyrirtækið hagi starfsemi sinni með nákvæmlega sama hætti og Orkuveita Reykjavíkur og Hitaveita Suðurnesja geri; það kaupi vissan hluta frá Landsvirkjun en framleiðir jafnan orku sjálft.

Hann segir að á næstu mánuðum megi búast við því að klögumál keppinautanna á raforkumarkaði gangi til Samkeppniseftirlitisins á víxl: „Ekkert er óeðlilegt við að haft sé samband við Samkeppniseftirlitið til að kanna hver staða fyrirtækja er á þessum nýfrjálsa markaði.“ Landsvirkjun komi til með að gera athugasemd um það hvernig keppinautarnir hagi sínum málum: „En ég tel að það eigi ekki heima í fjölmiðlum á þessari stundu.“


**PÁLL GUNNAR PÁLSSON**


**FRIÐRIK SOPHUSSON**

Reykjavíkurborg á 45 prósent í Landsvirkjun en málstaður hennar er þvert á meirihlutann innan stjórnarinnar, sem er skipaður fulltrúum ríkisins og Akureyrarbæjar, en ríkið á helminginn í Landsvirkjun og Akureyrarbær fimm prósent. Borgin krefst aðgerða eftirlitsins þar sem hún telur að Landsvirkjun leggi til virkjun sem borgin segir á undirverði í sameiginlega smásölufyrirtækið.

Smásölufyrirtækið var stofnað 10. mars og kallast Orkusalan. RARIK og Orkubú Vestfjarða eiga hvort um sig 36 prósent í fyrirtækinu, en Landsvirkjun 28 prósent. Ólöf Nordal hefur verið ráðin framkvæmdastjóri þess. Ekkert fyrirtækjanna þriggja hefur lagt eignir inn í fyrirtækið. Stefnt er að því síðar.

**- gag@frettabladid.is**



Nissan Micra
Verð frá 1.490.000 kr.
6 diska geislaspilari, lyklalaus, sjálfvirkar rúðuþurrkur.
ÞÚ BORGAR AÐEINS* 18 ÞÚSUND Á MÁNUÐI!
MICRA er betra!
*Mánaðarleg greiðsla 17.990 kr. miðað við 20% útborgun og bílasamning í 84 mánuði
Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mán – fös kl. 9-18 og lau kl. 12-16

## DANMÖRK

**Annríki hjá nafnaskrám** Búist er við miklu annríki hjá dönskum yfirvöldum á næstunni, eftir að ný nafnalög tóku gildi þar í landi í dag. Mega Danir nú breyta eftirnöfnum sínum, og þegar hafa fjölmargir Danir sem hingað til hafa heitið sígildu nöfnunum Hansen, Jensen eða Nielsen, sótt um nafnabreytingu.

## PALESTÍNA

**Hvatt til stillingar** Ismail Haniyeh, forsætisráðherra palestínsku heimastjórnarinnar, hvatti landa sína til að sýna stillingu eftir að leiðtogi herskárra samtaka féll í árás Ísraelshers á Gasaströndinni í gær. Innanríkisráðherrann rannsakar nú tildrög árásarinnar, en samtökin telja palestínskar öryggissveitir hafa skipulagt hana með Ísraelsher.



Vodafone live!
Hringitónar
Fréttir og Íþróttir
Leikir
Skemmtun
Góða skemmtun
- Vodafone live!
Náðu í svölustu hringitónana hvar og hvenær sem er, með Vodafone live! símanum þínum.
Vodafone live! – endalaus skemmtun í símanum þínum.
Heitustu leikirnir
» Sims
» New York Nigths
» Star Wars
» 24 – The Official Game
» Master Mind
» Pac Man
» King Kong
» Fruit Fall
» Mini Golf: Vegas
» Sudoku
MOTOROLA
vodafone live!
Options
Back
Motorola V360v
15.900
og
vodafone
Heyrumst!
Komdu í verslun Og Vodafone, hringdu í 1414 eða smelltu þér á www.ogvodafone.is fyrir nánari upplýsingar.
ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS OGV 32067 04/2006




Flott hugmynd að
fermingargjöf

Kira 3
Frábært kúlutjald með stóru fortjaldi.

Fermingartilboð
8.990 kr.
Verð áður 10.990 kr.
Tjöld frá 5.990 kr.

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 ∘ GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 ∘ KRINGLUNNI SÍMI 545 1580
ÚTILÍF

Meistaranám í alþjóðasamskiptum

• Hagnýtt og fræðilegt
• Fjölbreytt og spennandi
• Þverfaglegt

Möguleg svið sérhæfingar:
• Fjölmenning
• Evrópufræði
• Smáríkjafræði
• Opinber stjórnsýsla
• Alþjóðaviðskipti
• Alþjóðalög og mannréttindi
• Alþjóðalög og vopnuð átök
• Samtímasaga
• Þróunarfræði

• MA-nám, umsóknarfrestur til 18. apríl.
• Diplóma-nám (15 einingar), umsóknarfrestur til 6. júní.
• Mögulegt er að stunda námið samhliða starfi.

Stjórnmálafræðiskor
Háskóla Íslands

Nánari upplýsingar: http://www.felags.hi.is/page/althjodasamskipti
Margrét S. Björnsdóttir í síma 525 4254, msb@hi.is eða Elva Ellertsdóttir í síma 525 4573, elva@hi.is

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000


Veðmálafyrirtækið Betsson.com auglýsir grimmt:

# Löglegt að auglýsa

**FJÁRHÆTTUSPIL** Það er ekki verið að auglýsa fjárhættuspil, það er verið að auglýsa vefsíðu löglegs fyrirtækis," segir Sigurður G. Guðjónsson hæstaréttarlögmaður. um auglýsingar veðmálafyrirtækisins Betsson í dagblöðum og á vefsíðum hérlendis. „Betsson er með leyfi til starfsemi á veðmálum þar sem fyrirtækið á lögheimili og hefur öll nauðsynleg leyfi þar. Íslensk stjórnvöld geta illa sett reglur um hvað má vera á netinu og hvað ekki."


SIGURÐUR G. GUÐJÓNSSON HRL.

„Við birtum ekki auglýsingarnar, það eru fjölmiðlarnir sem fá greitt fyrir það og þeir bera ábyrgð. Við kaupum auglýsingapláss í fjölmiðlum í ýmsum löndum svo að það er ekkert undarlegt við það. Við höfum ekkert með það að gera hvað er löglegt og hvað ekki," segir Anders Holmgren, framkvæmdastjóri Betsson.com.

Betsson.com hefur hvorki skrifstofu né starfsmenn hér á landi og ekkert sérleyfi hefur verið selt Íslendingum. Nýlega var ákveðið að hefja starfsemi hér og eru auglýsingarnar liður í því. **- ghs**


**MUNIR EYÐILAGÐIR Í SORPU** Fjöldi muna sem fjarlægðir eru úr sameignum eru reglulega eyðilagðir í starfstöð Sorpu á Gufunesvegi. Oft eru það munir sem íbúar hafa ekki hugmynd um að hafi verið fjarlægðir. FRÉTTABLAÐIÐ/DAGMAR

# Húsgögnum hent án leyfis

**Húsgögn sem Dagmar Dibe Diðriksen átti voru tekin úr geymslu á Meistaravöllum 27 og þau eyðilögð. Starfsmenn fjarlægðu húsgögnin og persónulega muni og fluttu á Sorpu.**

**FÉLAGSBÚSTAÐIR** Húsgögnum og persónulegum munum einstæðrar móður, Dagmar Dibe Diðriksen, sem býr ásamt dóttur sinni í félagslegri íbúð á Meistaravöllum 27 í Reykjavík, var hent af starfsmönnum Félagsbústaða. Farið var með sex stóla, borð, tvíbreitt rúm og trékistil sem í voru persónulegir munir, á flokkunarstöð Sorpu.

Fyrir skömmu var svo þvottavél, þurrkari og vinda sem Dagmar átti, fjarlægð úr þvottahúsinu.

Dagmar hafði kvöldið áður flutt munina og kistil með myndum af dóttur sinni niður í geymslu, úr íbúð sinni sem er á þriðju hæð hússins. Daginn eftir lá hún veik heima og komst því ekki til að færa húsgögnin, en þau voru geymd í hjólageymslunni sem tilheyrir sameign íbúa í húsinu.

Öll húsgögnin voru tekin og farið með þau í Sorpu þar sem þau voru eyðilögð samdægurs. Það sama átti við um trékistil sem í voru persónulegir munir, meðal annars myndir af dóttur hennar sem Dagmar þótti afar vænt um.

Matthías Þorkelsson, sem sá um að fjarlægja húsgögnin úr sameigninni, segir það vera reglu hjá Félagsbústöðum að hreinsa reglulega alla lausamuni út úr sameigninni. „Það er óheppilegt að þetta hafi gerst. Það er tekið skýrt fram með merkingum í húsinu að munir sem skildir eru eftir í geymslum sameignarinnar eða á göngum, verði fjarlægðir og þeim hent. Stundum er það svo að íbúar fara með muni niður í geymslu til þess að láta henda þeim."

Dagmar varð fyrir miklu tjóni þegar húsgögn hennar voru tekin úr húsinu og þau eyðilögð. Hún er illa stödd fjárhagslega og er ekki tryggð fyrir tjóni af þessu tagi. „Ég satt best að segja veit ekki hvað ég á að gera. Þetta voru húsgögnin mín. Að auki var kistill með myndbandi af dóttur minni nýfæddri auk fleiri persónulegra muna sem stóðu mér nærri. Í raun eru þetta verðmæti sem eru ómetanleg fyrir mér. Ég veit ekki hvort þeir sem tóku húsgögnin mín og létu eyðileggja þau, geri sér grein fyrir því hversu slæmt þetta er fyrir mig."


**HÚSGÖGNIN VORU TEKIN HÉÐAN** Húsgögnin voru tekin héðan og var farið með þau beint í urðun hjá Sorpu. Húsgögnin voru öll eyðilögð og persónulegir muni sem Dagmar átti, að auki. FRÉTTABLAÐIÐ/DAGMAR

Birgir Ottóson, forstöðumaður Félagsbústaða, segir það vera venju að fara með muni úr sameignum á Sorpu þar sem þeir eru eyðilagðir. „Við vörum fólk við áður en við förum með munina og gefum því kost á að ná í hlutina sem annars er farið með."

Dagmar hefur þegar leitað sér lögfræðiaðstoðar vegna málsins.

**magnush@frettabladid.is**




# VORGLEÐI GARÐHEIMA
## 1.og 2. apríl 2006

**Sólin hækkar á lofti og nú er góður tími til að leyfa sér að hlakka til sumarsins, upplifa vorið í góðum félagsskap og velta fyrir sér garðinn í sumar.**

**Á Vorgleði Garðheima um helgina verða sérfræðingar og áhugafólk úr græna geiranum til skrafs og ráðagerða. Sýndar nýjungar og rifjuð upp gömlu góðu vinnubrögðin.**

## Njóttu þess að hlakka til sumarsins!

- **Garðyrkjufélag Íslands – fyrirlestrar, myndasýningar, spjall. Félagar úr Garðyrkjufélaginu. Umfjöllun um ávaxtatré á Íslandi og margt fleira. Skógræktarfélag Íslands kynning.**
- **Kynning á kryddplöntum, Ingólfur á Engi og á nýrri bók: „Ræktað, kryddað, kokkað”**
- **Prófaðu ýmsar gerðir af klippum, þær fara misvel í hendi.**
- **Skoðaðu opna poka með ýmsum gerðum af mold – þú mátt gramsa.**
- **Skemmtilegt sumarbústaðaföndur!**
- **Áburðarverksmiðjan – garðyrkjufræðingur frá Áburðarverksmiðjunni ráðleggur um áburðargjöf - sérstök kynning á nýjung; “turbokalkinu” sem örvar grasvöxtinn og hemur mosann.**
- **Kartöfluútsæðið komið!**
- **Kynning á Weber grillum – enn á gamla verðinu!**
- **Af hverju lífræn sveppamold? – kynning og kaupaukar með Flúða- og Hreppamold**
- **Börnin fá að sá fræi í pott.**
- **Starfsfólk Garðheima verður með stanslausa sýnikennslu og leiðbeiningar; priklun, hengikörfugerð, hurðakransagerð, sumarbústaðaföndur o.fl. á Torginu báða dagana.**

## Fjöldi tilboða!

### 50 % afsláttur af:
- Handklippum “flora tec” 21 cm.
- Hekkklippum lengjanlegum “flora tec”
- Stórgreinaklippum “flora tec”

### 40 % afsláttur af:
- Öllum vorlaukum! SÚPERTILBOÐ!

### 30 % afsláttur af:
- Öllum pottaplöntum SÚPERTILBOÐ!
- Garðastyttum
- Pottum

### 20 % afsláttur af:
- Matadöllum fyrir gæludýrin
- Taumar og ólar
- Hvolpagrindunum vinsælu
- Sumarhúsgögnum
- Ávaxtatrjám

### Önnur frábær tilboð

| | |
|---|---|
| Rafmagnshekkklippur | nú 5.990 kr. áður 9950 kr. |
| Kústar | nú 790 kr. áður 1250 kr. |
| Ruslapokar 10 stk. | nú 295 kr. áður 395 kr. |
| Garðhanskar | frá 150 kr. |
| Rósir í blómabúð | 200 kr. stk. |
| Turbokalkið | á kynningartilboð |
| Kryddplöntur | á tilboði |

ILMANDI VÖFFLUKAFFI UM HELGINA

GARÐHEIMAR
*heimur skemmtilegra hluta og hugmynda*

blóm helgarinnar
**Gladiolur**
**250 kr.**

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.894 **+0,05%** **Fjöldi viðskipta:** 830 **Velta:** 28.108 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Hampiðjan** | 2,94% | **Icelandic Gr.** | 1,15% |
| **Mosaic** | 2,89% | **Flaga** | 0,97% |
| **Marel** | 2,08% | **FL Group** | 0,92% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 60,00 +1,01% ... Alfesca 4,08 +2,00%... Atorka 6,00 +0,00% ... Bakkavör 51,40 -0,39% ... Dagsbrún 6,80 -0,44% ... FL Group 21,60 -0,92% ... Flaga 3,08 -0,97% ... Glitnir 18,00 -0,55% ... KB banki 816,00 -0,12% ... Kögun 75,00 +0,13% ... Landsbankinn 24,50 +0,00% ... Marel 73,80 +2,08% ... Mosaic Fashions 17,80 2,89% ... Straumur-Burðarás 17,30 +0,00% ... Össur 115,50 +1,32%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Halli upp á 7,2 milljarða

Vöruskipti voru óhagstæð um 7,2 milljarða króna í febrúar. Á sama tíma í fyrra voru vöruskiptin óhagstæð um 4,8 milljarða. Vörur voru fluttar út fyrir 14,8 milljarða króna í febrúar og inn fyrir 22,0 milljarða króna, samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar.

Vörur voru fluttar út fyrir 28,9 milljarða á fyrstu tveimur mánuðum ársins en innflutningurinn nam 47,5 milljörðum króna. Halli var á vöruskiptunum við útlönd sem nam því 18,6 milljörðum. Á sama tíma fyrir ári nam hallinn 9,1 milljarði á sama gengi.

Sjávarafurðir voru 59 prósent alls útflutnings og var verðmæti þeirra 3,5 prósentum meira en á sama tíma árið áður. Útfluttar iðnaðarvörur voru 36 prósent alls útflutnings og var verðmæti þeirra 4,4 prósentum minna en árið áður.

Verðmæti vöruinnflutnings fyrstu tvo



**HAGSTOFA ÍSLANDS** Vöruskiptahalli var 2,8 milljörðum króna meiri í febrúar en á sama tíma í fyrra.

mánuði ársins var 9,7 milljarðar eða 25,6 prósentum meira á föstu gengi en í fyrra. Mest varð aukning í innflutningi á hrá- og rekstrarvöru og fjárfestingarvöru. Á móti kom samdráttur í innflutningi á flugvélum.

**- jab**

# Kaupir sjö Boeing 747 þotur

Avion Aircraft Trading, dótturfélag Avion Group, hefur keypt sjö Boeing 747-400 vélar sem verða nýttar í rekstri annarra dótturfélaga. Kaupverðið er 28 milljarðar króna.

Fimm af vélunum munu leysa af hólmi eldri fraktvélar í flota Air Atlanta Icelandic en tvær verða notaðar í rekstur dótturfyrirtækisins Travel City sem farþegavélar.

Avion Aircraft Trading, sem er leiðandi í þjónustuleigu frakt- og farþegavéla í heiminum, fær fyrstu vélina afhenta í lok ársins.

Stjórnendur félagsins telja að eftirspurn eftir Boeing 747-400 fraktvélum muni aukast. **- eþa**

# Robert Tchenguiz kaupir í Sampo

Robert Tchenguiz, breski fasteignamógúllinn, og fjölskylda eru komin með 8,1 prósents hlut í finnska fjármálafyrirtækinu Sampo en hann hefur unnið náið með KB banka að nokkrum verkefnum, til dæmis við yfirtöku á Somerfield.

Tchenguiz fór upp fyrir fimm prósenta flöggunarmark í vikunni þegar hann festi kaup á fjögurra prósenta hlut og fóru kaupin í gegnum hollenskt eignarhaldsfélag að sögn Financial Times. Markaðsvirði bréfanna er um það bil 60 milljarðar króna og eru kaupin fjármögnuð að helmingi með eigin fé.

Vitað er að KB banki á 4-5 prósenta hlut í finnska fjármálafyrirtækinu, þótt íslenski bankinn hafi ekki tilkynnt það opinberlega, og vekja þessi kaup Tchenguiz óneit-



**ROBERT TCHENGUIZ** Tchenguiz hefur eignast yfir átta prósenta hlut í Sampo.

anlega athygli fyrir þær sakir. Financial Times segir að búast megi við frekari fjárfestingum Tchenguiz í fjármálafyrirtækjum.

Sampo er sjöundi stærsti banki Norðurlandanna, og sá langstærsti í Finnlandi, en KB banki situr í áttunda sæti. **- eþa**

# Gáfu út bréf fyrir 44 milljarða

KB banki hefur gefið út skuldabréf fyrir um 43,5 milljarða króna til fjármögnunar á íbúðalánum bankans hér á landi. Útgáfan jafngildir um 500 milljónum evra.

Í útgáfunni nýtur bankinn betri kjara en verið hafa í boði á eftirmörkuðum skuldabréfa, en þar er ávöxtunarkrafa bréfa yfir vöxtunum sem bankinn innheimtir af íbúðalánum.

Bankinn segir skuldabréfin vera með Aaa lánshæfiseinkunn frá lánsmatsfyrirtækinu Moody´s Investors Service og að þau hafi verið seld í einu lagi til evrópsks fjárfestis. Salan var í höndum Deutsche Bank.

Guðni Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri fjárstýringar KB banka, segir að helmingur skuldabréfanna sé gefinn út til 25 ára og restin til 40 ára. „Þau endurspegla í sjálfu sér húsnæðislánin sem við veitum." Guðni segist ekki geta gefið upp að hvaða kjörum bréfin eru seld, þar sem um sé að ræða bein viðskipti milli KB banka og Deutsche Bank.

„Kjörin eru augljóslega betri en þau sem við höfum notið á Evrópumarkaði í fyrra. Bréfin eru með Aaa lánshæfismat frá Moody´s sem er það hæsta sem hægt er að fá og kjörin taka mið af því," segir hann og kveður bankann ekki tapa á viðskiptunum.

„En það er gott að geta fjármagnað sig á þessum markaði, sem er annar en þessi venjulegi skuldabréfamarkaður sem við höfum sjálfir verið á og sýnir að við höfum yfir fleiri tækjum til fjármögnunar að ráða."

Skuldabréfin sem KB banki gaf út núna segir Guðni að nemi minna en fjórðungi af húsnæðisbréfum í safni bankans. **- óká**



**GUÐNI AÐALSTEINSSON** Guðni er framkvæmdastjóri fjárstýringar KB banka. Hann segir bankann njóta betri kjara við sölu skuldabréfa til fjármögnunar íbúðalána, en annars gerist á Evrópumarkaði.






Svo verslar þú á sama stað og málarameistarinn
Við hjá Flügger litum seljum aðeins þá vöru sem við setjum efst á lista hjá okkur sjálfum og sem gefur bestan árangur.
Flügger litir er ekki bara venjuleg verslun. Flügger framleiðir fyrir fagmennina og þú getur gengið að því vísu að fá faglega ráðgjöf frá vel upplýstu starfsfólki okkar.
Finndu næstu Flügger liti á www.flugger.is
Flügger litir



**Canon Eos 350D**
Hans Petersen
**79.980 kr.**



**Kodak EasyShare V530**
Hans Petersen
**23.980 kr.**



**Canon Mv 900**
Hans Petersen
**29.900 kr.**



**Evita Peroni hálsmen**
ISIS
**2.990 kr.**



**Vanillu gjafaaskja**
Body Shop
**2.470 kr.**





**Snyrtitaska fyrir herra**
Body Shop
**3.130 kr.**



**Stálkrossar**
Meba & Rhodium
**Frá 4.690 kr.**



**Cassis Rose gjafakarfa**
Body Shop
**5.560 kr.**



**Babyliss keramik sléttujárn m/LCD skjá**
Byggt og búið
**4.999 kr.**



**Sumarjakki fyrir stráka**
Blend
**4.990 kr.**



**Sumarjakki fyrir stelpur**
Blend
**4.990 kr.**




**Handklæði með nafni**
Byggt og búið
**1.249 kr.**




**Golfhermir fyrir PC og Playstation**
Byggt og búið
**19.995 kr.**



**Babyliss sléttujárn Wet & Dry**
Byggt og búið
**3.599 kr.**



**Babyliss hárklippisett í tösku**
Byggt og búið
**4.874 kr.**

# Þú færð gjöfina í Kringlunni

Í Kringlunni finnur þú fallegar og skemmtilegar fermingargjafir við allra hæfi, fötin og allt fyrir veisluna á einum stað. **Gjafakort Kringlunnar** er líka frábær fermingargjöf sem hittir alltaf í mark.

## Opið til 18 í dag

| | Mán. til mið. | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur | Sunnudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| Verslanir | 10.00 til 18.30 | 10.00 til 21.00 | 10.00 til 19.00 | 10.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |
| Ævintýraland | 14.00 til 18.30 | 14.00 til 19.00 | 14.00 til 19.00 | 11.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |



**Evita Peroni armband**
ISIS
**2.990 kr.**



**Evita Peroni eyrnalokkar**
ISIS
**1.490 kr.**



**Perlufestar, margir litir**
Hygea
**1.200 kr.**



**Babyliss Beliss**
**(þurrkar, blæs og sléttir)**
Byggt og búið
**4.999 kr.**





**Afspilari fyrir iPod**
Duka
**TILBOÐ**
**29.900 kr.**



**Babyliss krullujárn Press & Curl**
Byggt og búið
**3.495 kr.**



**Babyliss hárblásari**
Byggt og búið
**3.999 kr.**



**Förðunarbox**
Hygea
**2.900 kr.**



**High Peak Nordfolk tjald f. 3**
Útilíf
**8.990 kr.**



**Silvia sjónauki 8x20**
Útilíf
**3.990 kr.**



**High Peak Sherpa bakpoki**
Útilíf
**8.990 kr.**



**Skartgripaskrín**
Hygea
**Frá 3.900 kr.**

# ...allt í fermingarpakkann!

## Þú gætir unnið fartölvu!

Allir sem kaupa fermingargjöf í Kringlunni gætu unnið páskaegg frá Nóa Siríusi eða glæsilega Toshiba fartölvu frá BT!



Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200

# skoðun

SJÓNARMIÐ
HAFLIÐI HELGASON

Skynsamlegt að senda skýr skilaboð með vaxtahækkun Seðlabankans:

## Vaktstaða Seðlabankans mikilvæg

Ekki hefur farið framhjá þeim sem fylgjast með efnahagsmálum að verulegt ójafnvægi ríkir í þjóðarbúskapnum; viðskiptahalli er verulegur og einkaneysla í góðæri sterkrar krónu kraftmikil sem aldrei fyrr.

Íslendingar eru vanir talsverðum sveiflum í efnahagslífinu og hagkerfið hefur verið býsna fljótt að jafna sig. Von allra er að takist að lenda hagkerfinu með sem sársaukaminnstum hætti. Að undanförnu höfum við verið minnt á að við erum ekki það efnahagslega eyland sem við höfum löngum verið. Þannig hefur bæst við ójafnvægi í efnahagslífinu neikvæð og á köflum fjandsamleg umræða sem ógnað hefur trú á fjármálastöðugleika og gjaldmiðilinn. Þess vegna var meðal annars sérstaklega mikilvægt að Seðlabankinn sendi skýr og skynsamleg skilaboð til markaðarins. Það hefur hann nú gert.

Davíð Oddsson seðlabankastjóri hefur nú gegnt því starfi í um hálft ár og skilað því hlutverki vel við einhverjar mest krefjandi aðstæður sem seðlabanki getur verið í. Yfirlýsingar hans hafa verið ígrundaðar og yfirvegaðar og til þess fallnar að taka af tvímæli um að Seðlabankinn ætli að standa þá vakt sem honum er skylt að standa samkvæmt lögum. Markmið bankans um að halda verðbólgu sem næst 2,5 prósentum til lengri tíma er ófrávíkjanlegt og ekki samningsatriði.

*Davíð Oddsson, seðlabankastjóri, hefur nú gegnt því starfi í um hálft ár og skilað því hlutverki vel við einhverjar mest krefjandi aðstæður sem seðlabanki getur verið í. Yfirlýsingar hans hafa verið ígrundaðar og yfirvegaðar og til þess fallnar að taka af tvímæli um að Seðlabankinn ætli að standa þá vakt sem honum er skylt að standa samkvæmt lögum.*

Það er auðvelt að vera vitur eftir á og í tilviki vaxtaákvarðana er slíkt sérlega auðvelt. Í ljósi núverandi stöðu má auðveldlega leiða að því rök að 25 punkta hækkun stýrivaxta í desember hafi verið of væg aðgerð. Hún gaf undir fótinn hugmyndum um að Seðlabankinn myndi hleypa verðbólgu í gegn og að pólitísk fortíð Davíðs hefði áhrif til þess að bankinn blandaði saman ströngu markmiði og stjórnmálalegum hagsmunum. Með öðrum orðum að gagnrýnendur hágengis úr hópi samherja Davíðs hefðu áhrif á ákvarðanir Seðlabankans.

Í því ljósi var einnig mikilvægt að Seðlabankinn sendi á fimmtudaginn skýr skilaboð um markmið sín. Að óbreyttu gætu stýrivextir farið upp undir sextán prósent. Það er ógnvænleg tala og vonandi að skilaboð Seðlabankans hafi þau áhrif að slíkrar hækkunar verði ekki þörf. Besta leiðin til að tryggja að svo fari ekki er að í framgöngu bankans og ákvörðunum verði ekki rúm fyrir vantrú á að bankinn muni stíga slík skref ef á þurfi að halda. Miðað við síðustu vaxtaákvörðun og þau skilaboð sem henni fylgdu hefur rýmið fyrir slíkar efasemdir minnkað verulega. Þó má vera að í maí þurfi bankinn að fylgja eftir þeim skilaboðum til að tryggja trúverðugleika sinn og með því framtíðarstöðugleika efnahagslífsins.


MARKAÐURINN

Mest lesna viðskiptablaðið

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Agi stóriðjunnar

Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra kynnti fyrir helgina líkan og svonefndar sviðsmyndir um losun gróðurhúsalofttegunda. Einnig lagði hún fram nýtt frumvarp um skráningu losunar sem bæta á yfirsýn Umhverfisstofnunar yfir útstreymi skaðlegra lofttegunda. Árni Finnsson formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands var vonsvikinn. „Ef maður skoðar sviðsmyndirnar, fréttatilkynningu umhverfisráðherra og dagskrána hefði Alcoa ekki getað gert þetta betur. Því miður.“ Árna sýnist með öðrum orðum að meira að segja umhverfisráðherrann sé genginn stóriðjunni á hönd. Allt bogni undan þunga hennar. Það er að sínu leyti í anda kenningar sem bandaríski hagfræðingurinn John Kenneth Galbraith setti fram snemma á sjöunda áratug síðustu aldar. Í fyrirlestrum hans um „Iðnríki okkar daga“ segir meðal annars: „Þörfum okkar verður stjórnað í samræmi við þarfir iðnaðarins. Þarfir iðnaðarins munu hafa mikil áhrif á stefnu ríkisstjórnarinnar... Menntun verður miðuð við svipaðar þarfir. Sá agi sem iðnaðurinn útheimtir verður siðakerfi samfélagsins.“ Það er nú svo.

### Uppreisn gegn nefskatti



Menntamálanefnd Alþingis óskaði eftir áliti Indriða H. Þorlákssonar ríkisskattstjóra á því fyrirkomulagi að fjármagna Ríkisútvarpið með nefskatti, svo sem fyrirhugað er, í stað afnotagjalda. Álitið liggur fyrir og er einnig undirritað af Sigurjóni Högnasyni. - Skattasérfræðingarnir eru ekki allt of sannfærðir eins og ráða má af þessu: „Fyrr á öldum voru nefskattar algengir en eru að mestu horfnir í dag. Tvö þekkt dæmi úr skattasögunni eru annars vegar skattur sem Ríkharður II Englandskonungur lagði á 1380 til að fjármagna stríðið við Frakkland. Skattur þessi leiddi til bændauppreisnarinnar árið 1381.“ Hitt dæmið sem Indriði og Sigurjón nefna er tilraun stjórnar Margrétar Thatcher til þess að innheimta eins konar nefskatt í stað fasteignagjalda til þess að fjármagna sveitarfélög á Bretlandi. Sú tilraun endaði með óeirðum á Trafalgar Square í lok ársins 1990. Skatturinn var afnuminn árið 1994. Athugasemdir Indriða og Sigurjóns verða að teljast með fínlegustu en um leið áhrifaríkustu andmælum embættismanna á síðari tímum.

johannh@frettabladid.is

## Lukkunnar pamfílar

Í DAG
AF LÁNUM OG LÁNI



ELLERT B. SCHRAM

*Velgengni mín, velgengni okkar allra er fólgin í okkur sjálfum. Ekki í prjálinu, ekki í metorðastiganum, ekki í stöðutáknum eða leikföngum fyrir fullorðna. Velgengnin er fólgin í lífsstílnum, í huganum og gleðinni yfir því að fá að vera til.*

Hvað er lán? Já, hvenær er lán lán? Þannig var spurt í Baugsmálinu og sýnist sitt hverjum. Og svo er auðvitað hin merkingin í orðinu lán, sem mér er hugleiknari, að vera lánsamur í lífinu, glópalán, barnalán og svo framvegis. Allt er þetta afstætt, ekki satt, alveg eins og flest annað, svart er ekki alltaf svart, eitt er að vera auðugur og annað er að vera auðugur, ef þið skiljið hvað ég meina. Það fer eftir því hvað maður telur vera auð. Maður getur verið auðugur að fé og maður getur verið auðugur að börnum, svo eitthvað sé nefnt. Listamaðurinn er auðugur að snilligáfu sinni en hefur kannske ekki mikla peninga milli handanna.

Ég var í samkvæmi á dögunum, stóru og fjölmennu samkvæmi í heimahúsi, þar sem lítið var drukkið en því meira sungið og meðal gesta var fólk og einstaklingar sem hafa hlotið í vöggugjöf að geta sungið með sínu nefi, með sinni rödd, svo undir tók í húsinu og engum blöðum er um það að fletta að slíkur hæfileiki flokkast undir guðsgjöf, auð, sem aldrei verður í krónum metinn eða veginn. Þú ferð í íþróttasalinn og sérð þar börn og unglinga, sem skara fram úr í leikni, þú lest bók eftir rithöfund, sem með orðunum einum og textanum, opnar fyrir þér nýjar gáttir og nýja sýn. Og þú hittir gamlan félaga eða samferðamann, sem segir þér kostulega sögu og á örskotsstundu ertu farin(n) að brosa og hlæja og það birtir til í tilveru þinni. Já, það er mikil og dýrmæt náðargáfa að hafa húmor og eiginleikann að vera spaugsamur og fyndinn. Hláturinn lengir lífið, segir máltækið. Sannleikurinn er sá að hláturinn er uppspretta vellíðunar og lengir ekki aðeins lífið, heldur gerir það skemmtilegra, innihaldsríkara og auðugra.

Ég var að hugsa um þetta um daginn, þegar ég horfði á auglýsingarnar í sjónvarpinu, sem gengu út á það að velgengnin væri undir því komin að eiga bíl, fyrsta bílinn, stærsta bílinn, besta bílinn. Þá er ekki annað skilja en velgengninni sé borgið. Hún mælist sem sagt í bílaeigninni! Og auðvitað er nokkuð til í því. Við tölum um að einhverjum gangi vel, ef hann kemst í álnir, berst á og efnast af vinnu sinni eða útsjónarsemi. Velgengni er sjálfsagt oftast mæld í veraldlegum efnum, efnahag og eignum. Enda oftast erfitt að láta gott af sér leiða, ef viðkomandi á ekki til hnífs og skeiðar og getur ekki um frjálst höfuð strokið. En ég hef hins vegar mætt fólki á minni lífsleið, sem lætur sér fátt um finnast hvort það á fínan bíl sem það getur stært sig af eða að það mæli velgengni sína og lífshamingju í stöðutáknum. Þvert á móti má fullyrða að stundum sé þessi hamingja og þessi velgengni í öfugu hlutfalli við ríkidæmið. Hvers virði er fíni bíllinn, ef heilsan bilar eða ógæfa dynur yfir eða innri gleði, kímni eða tilfinningar eru hvergi finnanlegar eða sjáanlegar? Sorgmæddur maður hlær ekki, þunglyndur maður spaugar ekki, menntunarsnauður maður skilur ekki. Skilur hvorki brosið né gleðina, sem endurspeglast í augum hins glaðværa manns og fær útrás í söng og leik og heilsusamlegu líferni.

Ef ég þyrfti að velja milli bílsins og brossins, þá kýs ég það síðarnefnda. Ekki vegna þess að mig langi ekki í besta bílinn, heldur út af hinu að ég er fyrir löngu búinn að átta mig á því að velgengni mín er undir því komin að ég sé glaður og hraustur. Ég hugsa stundum um öll mistökin sem ég hef gert, axarsköftin, vitlausu ákvarðanirnar og ef ég hefði nú bara valið þessa leiðina en ekki hina, þá hefði þetta allt saman farið öðruvísi en það gerði. Framinn meiri, ríkidæmið stærra, metorðin önnur. En hvað er að fást um það, meðan maður vaknar glaður í bragði, sæmilega heill til sálar og líkama og skynjar ennþá fegurðina í náttúrunni, fólkinu, söngnum og hlátrinum? Að því leyti er ég lukkunnar pamfíll og get ekki kvartað yfir neinu. Ekki einu sinni út af bílnum. Velgengni mín, velgengni okkar allra er fólgin í okkur sjálfum. Ekki í prjálinu, ekki í metorðastiganum, ekki í stöðutáknum eða leikföngum fyrir fullorðna. Velgengnin er fólgin í lífsstílnum, í huganum og gleðinni yfir því að fá að vera til. Gleðin og heilsan er aldrei fullþökkuð almættinu. Þeir sem þess njóta eru heimsins mestu lukkunnar pamfílar.

## MEST LESNU GREINARNAR Á VÍSI

1 **Fannst látinn** Tuttugu og tveggja ára maður sem leitað var að fannst látinn í bifreið sinni í grennd við Flúðir á þriðjudag.

2 **Vill ekki afnema gjaldskrá** Samgönguráðherra telur ekki heppilegt að afnema samræmda gjaldskrá leigubifreiða í samræmi við úrskurð Samkeppniseftirlitsins.

3 **Fyrrverandi ritstjóri sakfelldur** Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi ummæli sem höfð voru um Bubba Morthens í blaðinu Hér og nú, dauð og ómerk. Fyrrverandi ritstjóra blaðsins er gert að greiða Bubba 700 þúsund krónur í bætur.

4 **Beið bana við vinnu í aðgöngum** Tuttugu og sex ára gamall starfsmaður verktakafyrirtækisins Arnarfells lést á vinnusvæðinu við Kárahnjúka í gærmorgun þegar grjót hrundi ofan á hann eftir sprengingu.

5 **Átök á milli flugmanna** Dönsk flugmálayfirvöld hafa skorist í leikinn vegna ákafra deilna fyrrverandi flugmanna Maersk-flugfélagsins og flugmanna Sterling, en talið er að það gæti ógnað öryggi viðkomandi flugvéla ef flugmennirnir væru hvor frá sínu félaginu.

6 **Átti að fljúga fimmtu vélinni** Við réttarhöldin yfir Zacarias Moussaoui, sem sakaður er um hryðjuverk, sagðist hann hafa átt að ræna fimmtu flugvélinni þann 11. september árið 2001 og fljúga henni á Hvíta húsið.

7 **Vitni sá bíl ódæðismannanna** Íbúi í Garðinum sá bíl sem fjórir ódæðismenn notuðu til að nema á brott mann á sjötugsaldri á laugardag, eftir að þeir gengu í skrokk á honum.

8 **Blogg frá Bagdad tilnefnt til verðlauna** Ónafngreind íröksk kona er fyrsti bloggarinn sem tilnefndur hefur verið til þekktra bókmenntaverðlauna. Konan er 26 ára gömul og hefur bloggað um lífið í Bagdad síðastliðin tvö ár undir nafninu Riverbend.

9 **Krafinn um milljónabætur** Lögmaður Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar krefst þess að skaðabótakröfu ekkju Halldórs Laxness verði vísað frá dómi þar sem ekki sé hægt að meta hvort hún hafi orðið fyrir fjárhagslegum skaða af skrifum Hannesar um ævi Halldórs.

10 **Svar Bush um varnir Íslands rýrt** George W. Bush, forseti Bandaríkjanna, segir í bréfi til íslenskra stjórnvalda að Bandaríkjastjórn muni virða varnarsamning þjóðanna, þótt til standi að draga úr starfsemi varnarliðsins. Forsætisráðherra finnst svarið rýrt.


FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
issn 1670-3871

# Góða helgi!

-góð kaup
**RÚMFATA LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is




**„DAKAR" BORÐ + 4 „OREGON" STÓLAR**

Stórt og gott borð með stækkunarplötu ásamt fjórum mjög vönduðum stólum. Glæsilegt sett úr gegnheilum harðviði. Borð: **24.900,-** Stóll: **6.990,-**

BORÐ + 4 STÓLAR
**45.000,-**



BORÐ + 4 STÓLAR
**3.500,-**

**„LISA" BORÐ + 4 „SIDNEY" STÓLAR**

Gott og ódýrt sett úr sterku plasti. Borð ásamt 4 stólum. Borðið er 90 sm í þvermál og fæturna er hægt að taka undan. Stólarnir eru staflanlegir.



ST. 50X70 SM.
**1.490,-**

**„KRONBORG COMFORT"**

Þægilegur fiður og dúnkoddi með hvítu áklæði.



**GRILLBURSTI**

Grillbursti með löngu skafti, járnburstum, sköfu og gröfum svampi.

**199,-**



**990,-**

**SANDKASSADÓT**

Flott sandkassadót fyrir káta krakka!



**1.990,-**

**„COLORADO" GRILL**

St. 43 sm í þvermál.



**RUSLATUNNUR**

Flottar sumarlegar ruslatunnur, fáanlegar í nokkrum litríkum litum.

STK. **990,-**



**499,-**

**STRÁKÚSTUR**

Góður strákústur á góðu verði fyrir vorverkin!



JAKKI + BUXUR
**2.990,-**

**ÚTIVISTARGALLAR**

Frábærir útivistargallar / golfgallar. Nokkrir litir og stærðir, fyrir dömur og herra.



FULLORÐINSSKÓR
**1.490,-**



BARNASKÓR
**990,-**

**ÍÞRÓTTASKÓR**

Flottir íþróttaskór á börn og fullorðna. Fást í hvítu/bláu og hvítu/bleiku fyrir börn og hvítu/bláu fyrir fullorðna. Fullorðinsstærðir frá 36-46 og barnastærðir frá 22-34.



STK.
**690,-**

**SALT OG PIPAR**

Glæsileg salt og piparkvörn. Hæð: 41 sm. Frábært verð!




MAÐUR VIKUNNAR

# Sósíalisti sem hvergi má bágt sjá

**ÞRÁINN KARLSSON**
LEIKARI



Akureyringurinn Þráinn Karlsson fagnaði fimmtíu ára leikafmæli í vikunni. Hann var fyrsti fastráðni starfsmaður Leikfélags Akureyrar árið 1971, tveimur árum áður en leikfélagið varð að atvinnuleikhúsi, og starfaði þá við leikmyndagerð ásamt því að leika. Þráinn hefur komið víða við á löngum og glæsilegum ferli og sviðshlutverkin eru orðin á annað hundrað. Auk þess hefur hann leikstýrt á annan tug sýninga og leikið í kvikmyndum, sjónvarpi og útvarpi.

Þráinn er fæddur í gamla barnaskólanum á Akureyri árið 1939, í húsinu við hliðina á Samkomuhúsinu þar sem hann hefur laðað fram hlátur og grátur og allt þar á milli. Foreldrar hans voru Karl Sigfússon og Vigfúsa Vigfúsdóttir en Þráinn var yngstur sex systkina. Þrír bræðra hans eru fallnir frá en bróður og systur á hann á lífi. Þráinn var vinæll strax í æsku og sem unglingur reri hann oft með félögum sínum út á Akureyrarpoll til fiskjar. Þegar vel viðraði var róið lengra út með Eyjafirði og aflinn var ekki alltaf aðalatriðið. Þráinn var og er barn náttúrunnar með sterkar taugar til hafsins.

Leiklistaráhuginn kom snemma í ljós og sem unglingur sótti hann leiklistarnámskeið. Hann er þó ekki með langt leiklistarnám að baki en komst í fremstu röð íslenskra leikara með því að vinna sjálfur úr þeim hæfileikum sem honum voru gefnir í vöggugjöf og með því að læra af hæfileikaríku samstarfsfólki. Að loknu öðru ári í gagnfræðaskóla lærði Þráinn járnsmíði í iðnskóla og starfaði hjá Slippstöðinni á Akureyri allt þar til hann var ráðinn til Leikfélagsins, að undanskildum þremur árum þegar hann var til sjós.

Eiginkonu sinni, Rögnu Garðarsdóttur, kynntist Þráinn á Akureyri og saman eiga þau tvær dætur: Rebekku, sem er rússneskufræðingur og þroskaþjálfi að mennt, og Hildigunni en hún er bókmenntafræðingur og leikari. Auk þess á Þráinn eina stjúpdóttur, Kristínu Konráðsdóttur, og starfar hún á bókasafni Háskólans á Akureyri. Að eigin sögn, og þeirra sem til Þráins þekkja, er hann sósíalisti. Hann var fylgismaður Alþýðubandalagsins á meðan það starfaði og stóð keikur eftir þegar skoðanabræður hans hlupu undan merkjum, hver á fætur öðrum.

Árið 1974 stofnaði Þráinn, ásamt fleirum, Alþýðuleikhúsið í því augnamiði að reka pólitískt leikhús. Leikhópurinn setti upp sýningar vítt og breitt um land og fór með Krummagull og Skollaleik til Skandinavíu. Hjarta Þráins slær enn með hinni vinnandi stétt og hann var fyrstur manna til að sýna starfsmönnum Slippstöðvarinnar á Akureyri samstöðu þegar þeir fengu ekki greidd laun sín, skömmu fyrir gjaldþrot félagsins í fyrra. Með rússneska kuldahúfu á höfði og rauðan fána að vopni mætti Þráinn á athafnasvæði Slippstöðvarinnar og stóð varðstöðu með starfsmönnunum næturlangt til að koma í veg fyrir að verðmæti yrðu fjarlægð.

Þráinn er sagður drengur góður og einstakur vinur í gleði og sorg. Illsakir vill hann ekki troða við nokkurn mann en rík réttlætiskennd gerir honum kleift að standa fast á sínu ef á hann, eða þá sem minna mega sín, er hallað. Hógværð er Þráni í blóð borin en einnig kapp; blanda sem nýtist skapandi listamönnum. Þráinn er sagður hjálpsamur fram úr hófi og hafa ungir meðleikarar hans oft notið góðs af. Hann er dýravinur mikill og líklega er Þráinn eini íslenski leikarinn sem tekið hefur meðleikara sinn i fóstur, tíkina Tátu, þegar eigendur hennar þurftu að halda af landi brott.

Helstu áhugamál Þráins eru ferðalög innanlands og fiskveiðar í Akureyrarpolli. Hann skellti skollaeyrum við hjól- og fellihúsabyltingunni og er einn fárra Íslendinga sem enn sofa í tjaldi. Soðninguna sækir hann í Pollinn, á litlum opnum báti, og þangað sækir hann einnig sína andlega næringu. Á sólríkum og kyrrum sumardögum, að leikári loknu, leysir Þráinn bólfestar á báti sínum og heldur út á spegilsléttan Pollinn árla dags. Stöngin yfir kinnunginn og færið strax út. Í Pollinn fara hlutverk vetrarins og eiga ekki afturkvæmt.

MARKAÐURINN
Mest lesna viðskiptablaðið
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA


AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.

# ALVEG MILLJÓN!

TÆPLEGA

**SÉRVALDIR BÍLAR Á KR. 990.000,-** **AÐEINS Í DAG FRÁ KL. 12:00 - 16:00**

| | | |
|---|---|---|
| ISUZU TROOPER 3.0 | Árgerð 2000 - Ekinn 115. þús. | ÁÐUR: 1.680.000,- |
| OPEL ZAFIRA COMFORT | Árgerð 2003 - Ekinn 61. þús. | ÁÐUR: 1.630.000,- |
| OPEL ZAFIRA COMFORT | Árgerð 2002 - Ekinn 75. þús. | ÁÐUR: 1.390.000,- |
| NISSAN TERRANO II SE | Árgerð 1999 - Ekinn 127. þús. | ÁÐUR: 1.460.000,- |
| ISUZU TROOPER 3.0 | Árgerð 2000 - Ekinn 121. þús. | ÁÐUR: 1.770.000,- |
| ISUZU TROOPER 3.0 | Árgerð 2001 - Ekinn 137. þús. | ÁÐUR: 1.980.000,- |
| SAAB 95 | Árgerð 1999 - Ekinn 97. þús. | ÁÐUR: 1.540.000,- |
| ISUZU TROOPER 3.0 | Árgerð 2000 - Ekinn 108. þús. | ÁÐUR: 1.850.000,- |
| OPEL ASTRA COUPE | Árgerð 2002 - Ekinn 71. þús. | ÁÐUR: 1.420.000,- |
| ISUZU TROOPER 3.0 | Árgerð 2000 - Ekinn 100. þús. | ÁÐUR: 1.990.000,- |
| FORD RANGER | Árgerð 2001 - Ekinn 65. þús. | ÁÐUR: 1.680.000,- |
| NISSAN MAXIMA QX | Árgerð 2001 - Ekinn 75. þús. | ÁÐUR: 1.460.000,- |
| DODGE DURANGO | Árgerð 2000 - Ekinn 90. þús. | ÁÐUR: 1.980.000,- |
| OPEL ZAFIRA COMFORT | Árgerð 2003 - Ekinn 66. þús. | ÁÐUR: 1.590.000,- |
| NISSAN TERRANO SPORT | Árgerð 2000 - Ekinn 124. þús. | ÁÐUR: 1.380.000,- |
| NISSAN TERRANO SPORT | Árgerð 2000 - Ekinn 139. þús. | ÁÐUR: 1.390.000,- |
| OP[illegible] | Árg[illegible] | Á[illegible] |
| [illegible] SANTA FE | [illegible] | [illegible] |
| ISUZU TROOPER 3.0 | Árgerð 1999 - Ekinn 162. þús. | ÁÐUR: 1.390.000,- |
| OPEL ZAFIRA COMFORT | Árgerð 2002 - Ekinn 63. þús. | ÁÐUR: 1.450.000,- |
| OPEL ASTRA COUPE | Árgerð 2003 - Ekinn 51. þús. | ÁÐUR: 1.570.000,- |
| RENAULT KANGOO | Árgerð 2005 - Ekinn 2. þús. | ÁÐUR: 1.550.000,- |
| IS[illegible] | Á[illegible] | ÁÐUR: 1.88[illegible] |
| [illegible] | [illegible] | [illegible] |
| VW GOLF | Árgerð 2003 - Ekinn 41. þús. | ÁÐUR: 1.530.000,- |
| ISUZU TROOPER 3.0 | Árgerð 1999 - Ekinn 177. þús. | ÁÐUR: 1.390.000,- |
| OPEL ZAFIRA COMFORT | Árgerð 2003 - Ekinn 43. þús. | ÁÐUR: 1.790.000,- |
| ISUZU TROOPER 3.0 | Árgerð 2001 - Ekinn 137. þús. | ÁÐUR: 1.980.000,- |
| MITSUBISHI GALANT | Árgerð 2003 - Ekinn 67. þús. | ÁÐUR: 1.790.000,- |
| SUZUKI LIANA | Árgerð 2004 - Ekinn 29. þús. | ÁÐUR: 1.470.000,- |




**Viltu bíl með allt að milljón króna afslætti?** Í dag kynnum við ótrúlegt tilboð á notuðum bílum! Sérvaldir bílar, allir á sama verðinu - aðeins 990.000,- kr. Eitt verð, takmarkað magn. Allt að 100% fjármögnun. Þetta tilboð gildir aðeins í dag. Ekki missa af þessu!



Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR | Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00 og laugadaga kl. 12:00 -16:00.

# Eðlileg skýring á langlífi kvenna!



Í Dagbók Þráins Bertelssonar er fjallað um námskeiðafíkn, blóðhefnd, eldspýtur og brennuvarga; bent er á hollustu gæludýrafæðis og útskýrt hvers vegna konur lifa lengur en karlar.

**LAUGARDAGUR, 25. MARS**

## Snemma á laugardagsmorgni...

Vaknaði klukkan átta í morgun til að mæta á námskeið í notkun myndvinnsluforrita við grafíska hönnun. Þetta er náttúrleg bilun.

Það sem byrjaði á saklausu skriðsundsnámskeiði í haust hefur þróast í þýskunámskeið, fjármálanámskeið og loks þetta tölvunámskeið. Þetta er samt ekki eins sjúklegt og halda mætti heldur útspekúleruð áætlun um að hægja á öldrunarferli.



Það er engin kúnst að halda skrokknum í sæmilegu formi með hreyfingu og skynsamlegu mataræði. Vandinn er sá að heilinn slæpist á sínum stað inni í hauskúpunni þótt líkaminn hamist og svitni. Þess vegna verður að sjá heilanum fyrir hreyfingu, til dæmis með því að drífa hann á námskeið þar sem hann þarf að taka á móti upplýsingum, greina þær, skilja og leggja á minnið eða „vista“ þær.

Á námskeiðum getur líkaminn slappað af meðan heilinn puðar.

Tilgangurinn er ekki sá að lifa lengur. Tilgangurinn er sá að reyna að komast hjá því að staðna og festast inni í einhverjum hugarheimi sem ég kann orðið utanbókar. Mig langar til að fylgjast með, kynnast nýjum hugmyndum, breytast og þroskast, að svo miklu leyti sem maður getur sjálfur haft áhrif á eigin þróun. Ég vil hafa líf og fjör í heilabúinu.

Það held ég nú.

**SUNNUDAGUR, 26. MARS**

## Blóðhefnd handa byrjendum

Förum í sunnudagssund í Laugardalslauginni. Það þótti krökkunum óhemjufyndið. Það er skemmtilegt þegar börn uppgötva að það skuli vera hægt að leika sér að orðum. Orð eru reyndar stórhættuleg leikföng svo að ábyrgir foreldrar ættu eiginlega frekar að kenna börnum sína að þegja en tala.



Í kvöld brugðum við okkur í bíó og sáum myndina „V“, eða „V - for Vendetta“, en „vendetta“ er jú blóðhefnd. Þessi mynd er byggð á teiknimyndasögu með sama nafni. Um 70% af öllum kvikmyndum rekja uppruna sinn til skáldsagna, ævisagna, sagnfræðilegra heimilda, ævintýra eða annarra höfundarverka sem svo aftur eru sótt í þá menningarlegu brunna sem höfundar hafa aðgang að. Upprunaleg og frumleg söguefni eru fágæt. Einhver sagði að aðeins væru til 16 sögur í veröldinni og allar sögur væru afleiður og tilbrigði við þessar upprunalegu sögur.

Mér fannst þetta prýðilega skemmtileg mynd. Sennilega vegna þess að hún byggir á vinsælli teiknimyndasögu svo að handritið hefur sloppið við að lenda í þeirri skelfilegu formúlu- og stöðlunarmaskínu sem Hollywood hefur hannað til að sníða agnúa af handritum. En handritsgerð í þeim bæ hefur verið analýseruð til ólífis - eða eins og læknirinn sagði: Aðgerðin tókst mjög vel en sjúklingurinn dó. Hugmyndaflugið hjá teiknimyndasöguhöfundum kemur eins og hressandi andblær til Hollywood.

Sólveigu fannst ekki eins gaman. Sem bendir til að „hefnd“ og „teiknimyndasögur“ séu meira fyrir stráka og „V“ ekki bara merki Kvennalistans.




**MÁNUDAGUR, 27. MARS**

## Einstæður getraunavinningur!

Í morgun fékk ég eftirfarandi orðsendingu frá Íslenskum getraunum:

„Þú hefur unnið 440 kr. Til hamingju!“



Hvílík heppni! Þetta er eins og að vinna (tæplega) tvo strætómiða!

Í hamingjuvímunni yfir vinningnum sé ég að ábyrg fréttastofa á netinu segir:

„Framkvæmdir við ris gamla Hlaðvarpans hafa verið stöðvaðar á meðan verið er að rannsaka hvort þær standist deiliskipulag. Niðurstöður liggja nú fyrir og hefur fréttastofa heimildir fyrir því að hæð rissins sé um 60 sentimetrum hærri en deiliskipulag gerði ráð fyrir. Að sögn byggingafulltrúa Skipulags- og byggingasviðs Reykjavíkurborgar hafa framkvæmdir við risið verið stöðvaðar á meðan málið er í rannsókn en beðið er eftir því að eigendur hússins skýri frá sinni hlið málsins. Að rannsókn lokinni verður tekin ákvörðum um hvað gera skuli en risið er nánast tilbúið. Íbúar bíða nú eftir að sjá hvort risið verði rifið og lækkað eða hvort borgaryfirvöld leyfi hækkunina.“



Þetta er nú meira ruglið.



Byggingarfulltrúi Reykjavíkur hefur ekki ennþá haft ráðrúm til að svara netpósti sem ég sendi honum 9. þessa mánaðar. Nema hann svari öllum póstinum sínum með því að senda flöskuskeyti.

Reyndar virðist ekkert ofurkapp vera lagt á að menn fari eftir lögum og reglum við húsbyggingar. Það hefur aldrei verið unnið af meiri krafti við Hlaðvarpann en síðan mælingar sýndu að ekki var farið eftir teikningum. Byggingaraðilanum var alls ekki sagt að stöðva verkið heldur var honum einungis bannað að fikta meira við rishæðina sem var nánast tilbúin. Sem er álíka gáfuleg ráðstöfun og að taka bensínbrúsa af brennuvargi en bjóða honum að halda eldspýtunum.

Aumingja byggingarfulltrúinn. Hvað á hann að gera?

Einhver í hans sporum mundi auðvitað láta sér detta í hug að reikna út að löglega hefði verið að öllum þessum framkvæmdum staðið þótt einhverjar mælingar segi annað. Og losa sig þar með við að taka ábyrgð á því að hafa ekki fylgst með framkvæmdunum.

Það er nefnilega hægt að gera ótrúlega hluti ef maður er flinkur í reikningi. Sölvi Helgason reiknaði til dæmis tvíbura í kvenmann - og var annað barnið hvítt en hitt svart.

**ÞRIÐJUDAGUR, 28.**



## Einkennisbúninga handa öllum!

Rólegur dagur heima fyrir en þeim mun merkilegri fréttir fann ég á netinu:

„Gæludýraeigendur geta ekki lengur gantast með það að dýrin borði betur en þeir því það gæti reynst rétt.





Nýjar rannsóknir á sýnum úr gæludýramat og skyndibitafæði hafa leitt í ljós að minna er af salti og fitu í gæludýramat.“

Þetta hefur mig lengi grunað. Ég hef meira að segja reynt að gefa köttunum mínum, þeim Aladín og Alí Baba, hamborgara. En þeir litu ekki við honum. Og þaðan af síður vilja þeir franskar kartöflur. Jafnvel ekki með kokteilsósu.

En það er fleira í fréttum:

„Meirihluti Reykvíkinga, tæp 57 prósent, segist fylgjandi því að teknir verði upp skólabúningar í grunnskólum Reykjavíkur. Þetta er meðal þess sem kemur fram í nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Rúm 43 prósent segjast hugmyndinni andsnúin.“

Það eru fleiri stéttir en lögreglufólk, slökkviliðar og strætóbílstjórar sem ganga í einkennisbúningum.

Alþingismenn eru til dæmis allir eins klæddir nema hvað framsóknarmenn mæta með grænt bindi í sjónvarpsþætti.

Hvernig væri að stíga skrefið til fulls og fela hverjum stjórnmálaflokki eða stéttarfélagi að hanna einkennisföt á meðlimi sína. Þá gætu allir spókað sig á einkennisbúningum, ekki bara skólabörnin og löggan, heldur væru líka kennarar, foreldrar, afar og ömmur í sínum einkennisbúningum og gengju á undan með góðu fordæmi.



**FIMMTUDAGUR, 30. MARS**

## Skýring á langlífi kvenna

Íslenskir karlmenn geta vænst þess að verða 78,9 ára. Ég veit ekki hver hefur reiknað þetta út, en þetta er sem sagt niðurstaðan. Kvenfólkið lifir lengur, eða 82,8 ár. Það hlýtur að vera vegna þess að náttúran hefur gert ráð fyrir því að konur séu á lægri launum en karlar og þurfti því að lifa lengur til að ná svipuðum ævitekjum.

Svona er haganlega fyrir öllu séð.






Sigurður Sigurðarson, heimsmeistari í fjórgangi.











Olil Amble og Suðri, margfaldir Íslandsmeistarar í fjórgangi.



Fíton/SÍA F016905

# Fjölskyldu- og dýrahátíð VÍS

– í Reiðhöllinni í Víðidal, sunnudaginn **2. apríl kl. 13–17.**

VÍS Agria Dýravernd

Krakkar, hundar, kettir og hestar sletta saman úr klaufunum!

**Dýrleg hátíð í Víðidal**
Fjölskyldan fræðist og skemmtir sér stanslaust á Fjölskyldu- og dýrahátíð VÍS Agria í Reiðhöllinni á sunnudaginn. Ungir og aldnir geta kynnst því markverðasta um eðli og hæfileika hunda, hrossa og katta. **Sýningin er tvískipt, kl. 13-14.45 og kl. 15.15-17.** Þetta verður alveg dýrlegt – verið velkomin!

**Velkomin í Víðidalinn**
Opið hús verður í Dýraspítalanum og í tveimur hesthúsum á svæðinu. Tilvalið tækifæri til að kynnast fjölbreyttri starfsemi í Víðidal.

**Ókeypis ráð**
Gestir hátíðarinnar geta fræðst um VÍS Agria dýravernd. Dýralæknir og aðrir sérfræðingar veita góð ráð og svara spurningum um allt sem viðkemur dýrahaldi.

**Daníel, Tangó og hundurinn dansandi**
Daníel Ingi, hestur hans og hundurinn Tangó sýna listir sínar. Íslenskur fjárhundur stígur dans við lagið Til hamingju Ísland.

**Hott, hott á hesti**
Teymt verður undir börnum sem vilja.

**Hundar**
Um 30 hundategundir verða kynntar, veiðihundar verða sýndir og lögregluhundurinn Skolli sýnir hvað í honum býr.

**Kettir**
Næstum öll kattakyn sem til eru á Íslandi verða til sýnis, mjá.

**Hestar**
Sigurður Sigurðarson heimsmeistari mætir ásamt félögum úr landsliðinu og Meistaradeild VÍS í hestaíþróttum. Stóðhesturinn Suðri frá Holtsmúla sýnir fimiæfingar og gangtegundir, knapi er Olil Amble. Börn og unglingar sýna hesta sína.

**Hvorki hundur, köttur né hross?**
Björgvin Franz tekur Eurovision eftirhermur, hann er söngvari og maður.

VÍS

**Dagskrá sýningarinnar er á www.vis.is**

Vátryggingafélag Íslands hf. · Ármúla 3 · 108 Reykjavík · Sími 560 5000 · www.vis.is



Reykjavík
Suðurgata 3

Kópavogur
Hamraborg 1, 4.h.

Akureyri
Hafnarstræti 98



VINSTRIHREYFINGIN
grænt framboð

dagskrá - ávörp - ljóð - ljúfir tónar - frábær félagsskapur - flottir frambjóðendur - krassandi pólitík

Hæ hvað segirðu? Já takk sömuleiðis hvernig ertu búin að
SKO SKO

er annars að frétta? Nei það er ekki mikið að frétta af mér
SKO SKO

Það er kannski korter síðan ég hringdi. Já hann er hægur
SKO SKO

Já það er dálítið skýjað. Það var samt fínt veður í gær. Maður
SKO SKO

og þrír. Já já þú segir það já. Jæja! Ég ætlaði nú bara að
SKO SKO

á eftir. Það er ýmislegt sem við eigum eftir að ræða. Heyrðu
SKO

Segjum það. Já allt í lagi. Bless.
SKO

hafa það? Ég hef það bara mjög gott þakka þér fyrir. Hvað
heldur. Það er auðvitað stutt síðan við töluðum saman síðast.
núna. Það var sól í morgun. Ég hélt að það ætti að rigna.
veit auðvitað aldrei með veðrið, það getur breyst einn tveir
heyra í þér hljóðið. Ég var að hugsa um að hringja í þig aftur
ég hringi á eftir. Já bara eftir smástund. Ókei ekki málið.

## UMMÆLI VIKUNNAR

*„Það er löng hefð fyrir því á Íslandi að menn beri djúpa virðingu fyrir eigin skoðunum. Einbeittur vilji til að skipta ekki um skoðun, hvernig sem tilveran breytist, hefur verið álitin aðall hins sanna manns.*

***Jón Ormur Halldórsson um skoðanafestu í Fréttablaðinu síðastliðinn miðvikudag.***

# stjórnmál

stjornmal@frettabladid.is nánar á visir.is

# Úr bakherberginu...

### Hnefarnir í borðið

Lítil eining er í stjórnarflokkunum um frumvarpsorm Valgerðar Sverrisdóttur iðnaðarráðherra um sameiningu Byggðastofnunar, Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins og Iðntæknistofnunar. Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins hélt fund í gær og afgreiddi málið þótt eining væri ekki innan hans. Sannast sagna logar þar allt í ágreiningi. Sjónarmiðin eru mismunandi. Sumir telja að með sameiningu áðurgreindra stofnana kafni byggðasjónarmiðin eða víki fyrir ríkjandi atvinnuþróunarsjónarmiðum, sem hafa út af fyrir sig ekkert með byggðamál ein að gera. Aðrir gera athugasemdir við að staðsetning starfseminnar sjálfrar skuli ævinlega verða að bitbeini milli landsbyggðarinnar og höfuðborgarsvæðinsins. Forsvarsmenn áðurgreindra stofnana hafa til að mynda látið í ljós sjónarmið í þessa veru. Því má sameinuð stofnun ekki vera í Reykjavík? Af hverju á Sauðárkróki? Er ekki mest um vert að afurðir starfseminnar verði nýtanlegar til þess að efla byggð í landinu? Skapa ný atvinnutækifæri með nýsköpun og þróun af ýmsum toga. Þetta og fleira stendur í sjálfstæðismönnum. Menn hafa svo sem afgreitt málið í þingflokki Framsóknarflokksins. Sumir voru þó þegjandalegir við afgreiðsluna en hugsuðu sitt.



### Hverjir styðja málið?

Mergur málsins er sá að lengi hafði verið unnið að því að sameina undir einum hatti starfsemi Iðntæknistofnunar og Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins. Þeirri ráðstöfun voru sjálfstæðismenn mjög hlynntir enda blasti við einkavæðing þessara stofnana.

Byggingarrannsóknir og iðnþróun yrði fengin einkafyrirtækjum í hendur með þjónustusamningum. Þessu stakk Valgerður undir stól í fyrra segja heimildir úr bakherbergjum, sjálfstæðismönnum til mikils ama og armæðu.

Nú er sem sagt ætlun Valgerðar að steypa þessum verkefnum saman við byggðamálin og er það skilningur ýmissa sjálfstæðismanna að í rauninni sé með þeirri ráðstöfun verið að þurrka út Byggðastofnun og byggðamál yfirleitt.

Menn geta svo spurt sig hvort frumvarp Valgerðar verði að lögum fyrir vorið með stuðningi allra þingmanna Sjálfstæðisflokksins. Já og hvað með Guðna Ágústsson og Kristinn H. Gunnarsson, svo áfram sé haldið?

## VIKA Í PÓLITÍK

JÓHANN HAUKSSON

# Til hvers eru reglur?



Galli íslenskra stjórnmála og íslenskar embættisfærslu endurspeglast að mörgu leyti í aðferðum við embættisveitingar og starfrækslu stjórnkerfisins. Kunningjaþjóðfélagið og klíkuskapurinn angar um allt á sama tíma og stjórnarherrarnir setja háleitar reglur um gangverk samfélagsins sem tryggja eiga skynsamlega, skilvirka og réttláta stjórnsýslu gagnvart borgurunum.

Þetta er ekkert sérstaklega bundið við Ísland en hér eiga menn í meiri vandræðum með að starfrækja fullþroskað regluveldi vegna klíkueinkennana. Hentistefna heillar og Ráðherra fer eftir reglu þegar það hentar en smokrar sér hjá henni í næsta leik.

Þórólfur Þórlindsson prófessor sagði eitt sinn opinberlega að ef sömu aðferðir yrðu notaðar við að ráða í störf við kennslu og rannsóknir í háskólum og notaðar voru hjá RÚV í fréttastjóramálinu, væru þeir að neita sér um hæfasta fólkið og yrðu undirmálsskólar á skömmum tíma.

Það eru nefnilega til hlutlægir mælikvarðar á menntun, reynslu og hæfni fólks, sem einkum hafa verið þróaðir í Bandaríkjunum. Einkamarkaðurinn nýtir sér þessa kvarða í ríkum mæli þótt forstjórar geti vitanlega látið önnur sjónarmið ráða.

Með því að breyta ríkisstofnunum í hlutafélög er ríkisstjórnin í raun að taka upp starfshætti einkarekstrar sem fyrirmynd. Þetta er í samræmi við hneigð sem vart verður víða um lönd. Stefnumótun í stjórnmálum og útfærsla stefnumála eru skilin að. Stjórnunarhættir einkafyrirtækja eru teknir upp og einkavæðing heldur áfram. Vald er framselt til einkaaðila í nafni valddreifingar.

Fjöldi stjórnarfrumvarpa af þessum toga á Alþingi endurspeglar þessa þróun. Hafi íslenskir ráðherrar um áratugaskeið neitað sér um að nota hlutlæga mælikvarða við mat á hæfni umsækjenda um háar stöður í stjórnkerfinu, en treyst á tilfinninguna, flokkstengslin, kunningskapinn og ættarvenslin þess í stað, gæti þessi þróun orðið til góðs þótt undarlega megi virðast. En lýðræðinu yrði enn einu sinni hætta búin.



**RÍKISÚTVARPIÐ** Ríkisskattstjóri efast um að álagning nefskatts sé heppileg lausn í stað afnotagjaldanna sem skilað hafa Ríkisútvarpinu um 2,5 milljörðum króna.

# Ögurstund RÚV

**Vandalaust er að spá því að umræður um Ríkisútvarpið verði langvinnar á Alþingi á næstunni en nú eru aðeins fjórtán vinnudagar eftir til þingfunda. Að óbreyttu verður hlutafélag um Ríkisútvarpið gjaldþrota nema gerðar verði sérstakar ráðstafanir af hálfu ríkisvaldsins. Skuld þess við Sinfóníuhljómsveitina nemur um 650 milljónum króna svo nokkuð sé nefnt.**

Formleg tengsl hafa verið frá upphafi milli Ríkisútvarpsins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Í mestu þrengingum hafa stjórnendur RÚV borið sig illa undan milljóna skuldbindingum gagnvart hljómsveitinni, en árleg framlög frá RÚV nema tugum milljóna króna. Þröstur Ólafsson, framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitarinnar, segir að fram til ársins 1997 hafi greiðslurnar borist frá RÚV í gegnum Menningarsjóð útvarpsstöðva. „Það hefur gjarnan verið haft á orði að fjárskuldbindingar við Sinfónuhljómsveitina hafi gengið nærri fjárhag RÚV. Sannleikurinn er sá að hljómsveitin hefur ekki fengið grænan eyri frá RÚV frá árinu 1997 þegar lögum var breytt og Menningarsjóður var lagður niður. Eftir það áttu greiðslurnar að koma beint frá RÚV en við höfum ekki séð krónu,“ segir Þröstur.

Skuld Ríkisútvarpsins við Sinfóníuhljómsveitina áætlar Þröstur að nemi nú um 650 milljónum króna en árleg greiðsla hefði átt að vera á bilinu 70 til 100 milljónir króna frá árinu 1997. „Á móti þessu hefur Sinfóníuhljómsveitin safnað jafn hárri skuld hjá Ríkissjóði á þessum árum. Við höfum gert kröfu um að þetta verði gert upp áður en klippt verður á naflastrenginn milli Ríkisútvarpsins og Sinfóníuhljómsveitarinnar. Verði ekki búið að ganga frá þessu áður en blekið er þornað á nýjum lögum um Ríkisútvarpið neyðumst við til þess að setja lögfræðing í málið til að sækja rétt okkar fyrir dómstólum,“ segir Þröstur Ólafsson.

### Nefskattur gallaður

Frumvarpið um Ríkisútvarpið var skyndilega tekið út úr menntamálanefnd í vikunni og fer það því næst til annarrar umræðu af þremur í þinginu. Margir hafa komið fyrir nefndina og sagt álit sitt á frumvarpinu. Aðrir hafa skilað álitsgerðum. Meðal þeirra er Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri sem beðinn var um álit á upptöku nefskatts sem skila á Ríkisútvarpinu um það bil jafn miklum tekjum og afnotagjöldin gera nú.

Augljóst er að ríkisskattstjóri og Sigurjón Högnason, sem einnig skrifar undir álitið, eru lítið hrifnir af fyrirhuguðum nefskatti. „Frá skattalegu sjónarmiði hefur nefskattur á einstaklinga fáa kosti en marga galla... einfaldara væri að lækka persónuafslátt manna sem nemur gjaldfjárhæðinni og lögbinda framlag til Ríkisútvarpsins sem nemur hinni sömu fjárhæð á mann. Skattaleg áhrif yrðu mikið til hin sömu, gallarnir færri og framkvæmdin einfaldari.“

Ríkisskattstjóri bendir einnig á að nefskatturinn verði einnig lagður á lögaðila eða fyrirtæki. Bent er að lögaðilar eða fyrirtæki séu alls um 26 þúsund en af þeim greiði aðeins um helmingur tekjuskatt eða önnur gjöld til ríkissjóðs. „Nýir skattgreiðendur úr röðum lögaðila yrðu því um 13 þúsund. Þá er vert að hafa í huga að ætla má að verulegur hluti hinna nýju skattgreiðenda yrði félög sem ekki eru starfandi og hafa því engar tekjur til þess að greiða gjaldið af.“

Fyrirfram vita menn að ekki verður hægt að innheimta nefskattinn af þúsundum lögaðila. „Vangreidd útvarpsgjöld muni því safnast upp með dráttarvöxtum þar til gerð verði krafa um gjaldþrot og félaginu slitið í lok þess með ærnum tilkosntnaði.“ Ríkisskattstjóri efast um hagkvæmni þessa alls en segir þó að þetta gæti knúið á um að óvirk félög yrðu afskráð.

Ríkisskattstjóri lýkur orðum sínum með þessum hætti: „Með vísan til framangreinds verður ekki hjá því komist að draga í efa að sú tillaga frumvarpsins að afla Ríkisútvarpnu tekna með álagningu nefskatts sé heppileg.“

**johannh@frettabladid.is**

Franskir dagar í apríl

Fram til 30.apríl ætla matreiðslumeistararnir á veitingahúsinu Fjalakettinum að bjóða upp á hefðbundna franska matargerð, eins og við munum eftir henni hér á árum áður þegar hún var alsráðandi í veitingahúsamenningu á Íslandi.

Vínþjónar okkar hafa sérvalið góð vín frá frá bestu vínræktarhéruðum Frakklands sem falla einstaklega vel að franskri matargerðarlist.

Komdu og láttu okkur dekra við bragðlaukana þína upp á franska vísu!

Fjalakötturinn
Aðalstræti 16
Pöntunarsími 514 6060









**SKRÁNING Í SUMARBÚÐIRNAR HEFST Í DAG KL.12 Á VORHÁTÍÐINNI!**

# VORHÁTÍÐ

## KFUM og KFUK

Komdu á Holtaveg 28 í dag og kynntu þér starfið í sumarbúðum KFUM og KFUK.

**Við verðum með frábæra dagskrá með fullt af skemmtiatriðum og miklu fjöri frá kl. 13-16. Fram koma meðal annarra:**

### KRAKKAR

FRÁ KFUM OG KFUK





### JÓNSI

Í SVÖRTUM FÖTUM

### LALLI

TÖFRAMAÐUR











HÓLAVATN KALDÁRSEL VATNASKÓGUR VINDÁSHLÍÐ ÖLVER ÆVINTÝRANÁMSKEIÐ

MAX ERNST (1891-1976) LÉST ÞENNAN DAG

*„Allar góðar hugmyndir koma til af tilviljun.“*

*Þýski myndlistarmaðurinn Max Ernst tók þátt í sköpun margra af helstu listastefnum tuttugustu aldarinnar.*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 1. APRÍL 1979

## *Íslamska lýðveldið Íran fest í sessi*

Á þessum degi árið 1979 lýsti Ayatollah Khomeini yfir að Íran skyldi vera íslamskt lýðveldi. Þetta gerði hann eftir að ljóst var að 98% Írana höfðu samþykkt íslamskt lýðveldi í þjóðaratkvæðagreiðslu. Mörkuðu kosningarnar lok þess sem kallað er íranska byltingin og þar með endalok Shahveldisins í landinu.

Byltingin hafði staðið yfir frá árinu 1978 og kom Ayatollah Khomeini sem sigurvegari úr henni. Stuttu eftir yfirlýsinguna var ný stjórnarskrá tekin upp í landinu sem tryggði Khomeini stöðu trúarleiðtoga fram til dauða hans. Í stjórnarskránni er kveðið á um allt það sem einkennir íslamskt lýðveldi. Meginkrafan er sú að lög landsins eigi að að samræmast Sharí'a lögum, sem eru lög sem dregin eru af Kóraninum og öðrum viðurkenndum trúarritum íslam, og uppfylla á sama tíma kröfu um lýðveldi.

Sérstakar lögreglusveitir í Íran sem kallaðar eru Byltingarverðirnir fylgjast með því að allir þegnar landsins uppfylli skilyrði Sharí'a laga.



AYATOLLA KHOMEINI

## MERKISATBURÐIR

**1855** Einokunarverslun Dana er aflétt hér á landi og Íslendingum leyft að versla við þegna allra þjóða.

**1896** Álafoss hefur ullarvinnslu sem var starfrækt allt til ársins 1991.

**1934** Glæpamennirnir Bonnie og Clyde myrða tvo starfsmenn bensínstöðvar í borginni Grapevine í Texas-ríki Bandaríkjanna.

**1955** Almannatryggingalögin taka gildi og eru þau talin eitt mesta framfaraspor í sögu félagsmálalöggjafar Íslands.

**1971** „Lítið rautt kver fyrir skólanemendur“ er gefið út af Sambandi íslenskra námsmanna.

## ANDLÁT

**Bjarni Jörgensson** lést á Hrafnistu í Reykjavík miðvikudaginn 29. mars.

**Haukur Arnórsson** lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri miðvikudaginn 29. mars.

**Jón Bjarnason** lést miðvikudaginn 22. mars. Útför hefur farið fram í kyrrþey.

**Guðjón Sveinsson** verktaki, Suðurtúni 7, Álftanesi, lést á líknardeild LHS í Kópavogi miðvikudaginn 29. mars.

**Ólafur Ólafsson**, Rauðalæk 59, andaðist á Landspítalanum við Hringbraut miðvikudaginn 29. mars.

**Júlíus Veturliðason**, Vallholti 7, Akranesi lést 28. mars.

**Brynhildur Stefánsdóttir**, dvalarheimilinu Hlíð, áður til heimilis í Hafnarstræti 71, Akureyri, lést miðvikudaginn 22. mars. Útför hefur farið fram í kyrrþey.

## JARÐARFARIR

11.00 **Guðmundur Geir Ólafsson**, Grænumörk 3, Selfossi, verður jarðsunginn frá Selfosskirkju.

11.00 **Aðalheiður Jóhannesdóttir** frá Hraunsási, síðast til heimilis á Dvalarheimili aldraða, Borgarnesi, verður jarðsungin frá Reykholtskirkju.

14.00 **Helgi Sveinsson**, Hornbrekku, Ólafsfirði, áður til heimilis á Ólafsvegi 11, verður jarðsunginn frá Ólafsfjarðarkirkju.

14.00 **Sigríður Jónsdóttir**, Hátúni 8, Reykjavík, verður jarðsungin frá Stóra-Dalskirkju, V-Eyjafjöllum.

14.00 **Steinunn Geirsdóttir** verður jarðsungin frá Reykholtskirkju.

14.00 **Ingólfur Guðmundsson** fyrrum bóndi frá Króki verður jarðsunginn frá Kálfholtskirkju, Ásahreppi.

15.30 **Guðrún E. Welding Dyrnes**, Eyjahrauni 5, Vestmannaeyjum, verður jarðsungin frá Landakirkju Vestmannaeyjum.



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gunnlaugur Sigurðsson**

Sæbakka 8, Neskaupstað,

lést á fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað, þriðjudaginn 28 mars. Jarðsungið verður frá Norðfjarðarkirkju föstudaginn 7. apríl kl. 14.

**Margrét Björgvinsdóttir**
**Björk Gunnlaugsdóttir** **Borgþór Jónsson**
**Sigrún Gunnlaugsdóttir** **Bóas Bóasson**
**Halldór Gunnlaugsson** **Elsa Reynisdóttir**
**Hjörleifur Gunnlaugsson** **Hulda Eiðsdóttir**
**Lilja Salný Gunnlaugsdóttir** **Hafsteinn Þórðarson**
**afabörn og langafabörn.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, dóttir, systir og vinkona,*

**Steinunn Geirsdóttir**

sem lést á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi sunnudaginn 26. mars, verður jarðsungin frá Reykholtskirkju í dag kl. 14.00. Jarðsett verður í Borgarnesi. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á MND-félagið.

**Særún Lísa Birgisdóttir**
**Jóhanna Soffía Birgisdóttir** **Pétur Smári Sigurgeirsson**
**Guðrún María Brynjólfsdóttir** **Leifur Guðjónsson**
**Einar Geir Brynjólfsson**
**Bryndís Hrund Brynjólfsdóttir** **Guðmundur Ingi Guðjónsson**
**Borga Jacobsen**
**Brynjólfur Einar, Sveindís Gunnur, Ólafur Kári, Ísold Anja,**
**Silja Rós, Ástrós Birta, Hlynur Ægir, Helgi Leó.**
**María Geirsdóttir**
**Geirdís Geirsdóttir** **Ómar Einarsson**
**Þorleifur Geirsson** **Katrín Magnúsdóttir**
**Hólmfríður Benediktsdóttir.**

KARLAKÓR HREPPAMANNA: MEÐ VORTÓNLEIKA Á NÍU ÁRA AFMÆLINU

# Enginn hrepparígur í kórnum

Hreppamenn hafa í mörgu að snúast í dag, að minnsta kosti þeir sem taka þátt í kórstarfi sveitarinnar. Karlakór Hreppamanna verður á ferðinni með tvenna tónleika en svo skemmtilega vill til að kórinn á einnig níu ára afmæli í dag. Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri, varaþingmaður og tenór, hefur verið meðlimur kórsins undanfarin misseri og nýtur gamansins sem fæst með söng í góðra vina hópi.

„Það er óskaplega gaman að vera í svona kór og mér skilst að hann hafi þroskast mjög á þessum níu árum sem hann hefur starfað. Við erum svo heppin að vera með frábært tónlistarfólk hér á svæðinu. Stjórnandinn okkar heitir Edit Molnár og hún hefur stjórnað kórnum frá upphafi en maðurinn hennar, Miklós Dalmay, er þekktur einleikari á píanó. Þau koma frá Ungverjalandi og hafa lyft grettistaki í tónlistarlífi í uppsveitum Árnessýslu og reyndar víðar um land. Þetta þýðir að efnisskráin okkar er oft mjög fjölbreytileg og samanstendur af lögum úr ýmsum áttum, meðal annars Ungverjalandi, og svo auðvitað íslensk lög,“ segir Ísólfur Gylfi. Kórinn sækir lögin í efnisskránni líka í heimabyggð og á öllum kórtónleikunum eru flutt verk eftir Sigurð Ágústsson frá Birtingarholti en hann á hundrað ára ártíð á næsta ári. „Sigurður samdi mjög mikið af fallegum lögum og á efnisskránni okkar núna eru til dæmis tvö lög eftir hann.“

Ekki fer á milli mála að mikil orka er í starfinu því Ísólfur Gylfi segir suma kórfélaganna leggja á sig langar ferðir til að vera með. „Í kórnum eru um 55 karlar úr uppsveitum Árnessýslu þegar mest er. Íbúafjöldi allra hreppa í Árnessýslu er um 2.500 manns svo þetta er nú dágóður hópur sem kemur saman að lágmarki einu sinni í viku yfir veturinn. Sumir keyra allt að 120 kílómetra fram og til baka til að komast á æfingar.“ Ísólfur Gylfi er sjálfur ekki undanskilinn ferðalögunum því þessa dagana situr hann á Alþingi og hefur þurft að keyra lengi um nætur til að komast í vinnu til höfuðstaðarins. Hann lætur það þó ekki á sig fá því kostir söngsins vega rúmlega upp á móti litlum nætursvefni.



**ÍSÓLFUR GYLFI PÁLMASON TENÓR** Að sögn Ísólfs Gylfa er aðdráttarafl kórsins svo mikið að sumir meðlimir leggja á sig hundruð kílómetra akstur í hverri viku til að geta tekið þátt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ég vakna nýr og bættur maður eftir sönginn. Í söngnum hugsar maður um allt aðra hluti sem er að vissu leyti slökun og heilmikil útrás í senn.“

Mikil samkennd er með körlunum í kórnum og um leið og stigið er inn á æfingar gleymist dagsins amstur. „Þetta verður til þess að menn kynnast vel og hrepparíg og annað í þeim dúr tala menn aldrei um. Ekki er talað um pólitík heldur gleyma menn sér bara í söngnum og góðum vináttuböndum.“ Aðspurður segir Ísólfur Gylfi að ekki fari heldur mikið fyrir ríg milli raddanna í kórnum, tenóra og bassa. „Allir þeir sem hafa gott vit á tónlist vita að tenórarnir skipta kórana gífurlega miklu máli. Bassarnir í kórnum okkar hafa í það minnsta gert sér grein fyrir hvað tenórarnir eru mikilvægir.“

Tónleikar Karlakórs Hreppamanna í dag eru með Karlakórnum Stefni í Mosfellsbæ og hefjast þeir fyrri klukkan 17 í Hveragerðiskirkju. Seinni tónleikarnir verða svo haldnir klukkan 21 í Félagsheimili Hrunamanna.

# Breiðagerðisskóli fimmtíu ára

Afmælishátíð Breiðagerðisskóla verður haldin í dag í tilefni af fimmtíu ára afmæli skólans. Hátíðin hefst klukkan 11 árdegis þegar Skólahljómsveit Austurbæjar leikur nokkur lög og skólakórinn frumflytur nýjan skólasöng við undirleik kennara og nemenda. Lagið er eftir Þorvald Björnsson sem kenndi við skólann í mörg ár en textann samdi Sigrún Erla Hákonardóttir, tónmenntakennari í Breiðagerðisskóla. Eftir tónlistarflutninginn er ýmislegt á dagskrá og verður opið hús til hálf fjögur.

„Hátíðin er nemenda, foreldra og starfsmanna sem bjóða gestum sem vilja heimsækja okkur og það eru allir velkomnir,“ segir Guðbjörg Þórisdóttir skólastjóri Breiðagerðisskóla. „Við höfum verið að hvetja gamla nemendur og fyrrverandi starfsmenn til að koma. Fólkið í hverfinu sem hefur áhuga að líta við er líka mjög velkomið, foreldrar nemenda og fleiri, því skólinn er jú okkar sameiginlega eign.“



**AFMÆLISHÁTÍÐ UNDIRBÚIN** Nemendur æfa skemmtiatriði fyrir afmælishátíðina. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Guðbjörg segir að nemendur hafi unnið saman að undirbúningi hátíðarinnar og þar verði margt á boðstólum. „Sjö ára krakkar leika leikritið Fríminúturnar og nemendur í sjöunda bekk dansa gamla dansa. Skólastofurnar verða líka opnar þar sem verk nemenda eru til sýnis.“

Eldri nemendur hafa einnig lagt hönd á plóginn og segir Guðbjörg að von sé á fulltrúum allra árganga sem hafa útskrifast úr skólanum. „Nemendur hafa sjálfir bakað og skreytt súkkulaðikökur sem verða á boðstólum og foreldrar sjá um kaffiveitingar.“

# Eitthvað annað en Toyota?

Þú vilt nýjan bíl, japönsk gæði og öruggt bílaumboð. Toyota? Nú er annar góður kostur í boði fyrir þig: Nýr Mazda frá Brimborg. Japönsk gæði Mazda keppa við hvern sem er. Helst Toyota. Gerðu samanburð. Markmið Mazda um að vera betri en aðrir kalla á kröfur um annan stíl, aðra eiginleika, önnur þægindi og annað öryggi. Nýtt verður til. Veldu öruggan stað að vera á. Komdu í Brimborg. Veldu annan stíl. Núna Mazda.

## Gerðu samanburð á japönskum gæðum

Berðu saman verð og búnað Mazda6 Touring 4 dyra, sjálfskiptum, og Toyota Avensis Sedan Sol, sjálfskiptum. Mazda6 kostar núna aðeins frá 2.290.000 kr. á sérstöku tilboði til þín. Verð á sjálfskiptum Toyota Avensis Sedan Sol er frá 2.520.000 kr.* Veldu annan stíl. Núna Mazda.

**Það sem er umfram í Mazda6 Touring:**

- *2,0 lítra vél*
- *5 þrepa sjálfskipting*
- *Álfelgur*
- *Hraðastillir*

Brimborg Bíldshöfði 8
Brimborg Bíldshöfði 6
MAX1 Bílavaktin

**Komdu í nýjan sýningarsal Mazda hjá Brimborg - Bíldshöfða 8**




## Ný heimkynni - Nýtt verð!

# Kr.2.290.000

**Mazda6 Touring 2,0i**
4 dyra, sjálfskiptur*

NÝTT HÚSNÆÐI

## Við erum Mazda!

**Kauptu! Leigðu! Fáðu lán!**

Berðu saman verð og búnað Mazda og Toyota.
Kynntu þér þjónustu Brimborgar og betri kjör Lýsingar.

**Veldu annan stíl. Núna Mazda.**

**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.**
Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Mazda í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Mazda.

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.mazdabrimborg.is

LÝSING Lýsing býður viðskiptavinum Brimborgar betri kjör vegna nýrra heimkynna Mazda á Íslandi.

**Kauptu nýja bílinn á gamla genginu**
Nú er rétta tækifærið til að fá nýjan bíl á góðu verði.
Hver veit hvað það endist lengi? Sumarbíllinn er í Brimborg.
**Komdu núna**



**Mazda2**
Væntanlegur í maí

**Mazda3 Touring 1,6i**
5 dyra, 5 gíra*
**Besta verð 1.690.000 kr.**
Bílasamningur 22.945 kr.
Rekstrarleiga 30.414 kr.

**Mazda3 Touring 1,6i**
4 dyra, 5 gíra*
**Besta verð 1.720.000 kr.**
Bílasamningur 23.353 kr.
Rekstrarleiga 32.140 kr.

**Mazda5 Touring 2,0i**
7 manna, 5 gíra*
**Besta verð 2.190.000 kr.**
Bílasamningur 29.422 kr.
Rekstrarleiga 39.990 kr.

**Mazda6 Touring 2,0i**
4 dyra, sjálfskiptur*
**Besta verð 2.290.000 kr.**
Bílasamningur 31.130 kr.
Rekstrarleiga 41.800 kr.





**Mazda6 Touring 2,0i**
5 dyra, sjálfskiptur*
**Besta verð 2.340.000 kr.**
Bílasamningur 31.380 kr.
Rekstrarleiga 42.200 kr.

**Mazda6 Touring 2,0i**
Wagon, sjálfskiptur*
**Besta verð 2.390.000 kr.**
Bílasamningur 32.500 kr.
Rekstrarleiga 43.800 kr.

**Mazda MX-5 Sport 2,0i**
2 dyra, 6 gíra*
**Besta verð 2.750.000 kr.**
Bílasamningur 36.944 kr.

**Mazda RX-8 High**
4 dyra, 6 gíra*
**Besta verð 3.290.000 kr.**
Bílasamningur 44.669 kr.

**Mazda6 MPS AWD 2,3i**
4 dyra, 6 gíra*
**Besta verð 3.390.000 kr.**
Bílasamningur 45.543 kr.

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.mazdabrimborg.is

*Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. Aukabúnaður á mynd: sóllúga. Skv. verðlista Toyota mars 2006. **Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.


Vistvænt varp
10 EGG
399 KR.
VISTVÆN
BRÚNU EGGIN
FÁST NÚ Í BÓNUS
Vistvæn ræktun
EKKERT BRUDL
Þú ert á
VIÐSKIPTAVINIR ATHUGIÐ!
Innifalið í verði vistvænt ræktuðu kartaflnanna, eru 90 króna tollur og 44 króna virðisaukaskattur.
Eitt og hálft kg
359 KR.
Vistvænar kartöflur
KLOKKEHØJ
kartofler
økologiske
Líttu á lífsstílsvörurnar í Bónus
Bónusfeti
BÓNUSFETI
199 KR.
250g
BÓNUS FETA
ÓMISSANDI Í SALATIÐ!
Lífræn framleiðsla
GOLDEN HONING
ORGANIC HUNANG
499 KR.
EITT KÍLÓ
KÍLÓ AF LÍFRÆNU HUNANGI
Newman's Own salatið í Bónus er þess virði að prófa það!
Lífræn ræktun!
LÍFRÆNT SALAT
298 KR.
142g
NEWMAN'S OWN
APPELSÍNUR
85 KR.
KÍLÓVERÐ
Kauptu þér kippu af 2ja lítra Coca-Cola og þú færð 170g Bónus páskaegg í KAUPBÆTI!
12 LÍTRA TILBOÐ
Páskaegg -sem gleður!
170g
3
BÓNUS
Coca-Cola
Góður í kryddsmjörið!
Smjörvi
TILBOÐ
SMJÖRVI
98 KR.
300g
4 BOX Í PAKKA
98 KR.
BÓNUSBLÓM
BÓNUS Ís í boxi
4 box
BÓNUSKAFFI
199 KR.
HÁLFT KÍLÓ
500 GRÖMM
BÓNUS kaffi
fyrir alla
BLANDAÐ FYRIR BÓNUS
Súkkulaði
Vanillu ís
BÓNUSÍSINN
198 KR.
2 LÍTRAR!
BÓNUS

Öll tilboð í viku 13 gilda til sunnudags eða á meðan birgðir endast (sjá www.bonus.is).

# réttri opnu!

...fyrir góðan dag! KS

EKKERT BRUDL

30% afsláttur við kassann

LAMBALÆRI FROSIÐ OG SNYRT 898 kg KR. MERKT VERÐ 998 KR.

FROSINN LAMBABÓGUR 599 kg KR.

KJARNAFÆÐI Villijurtakryddað LÚXUS LAMBALÆRI

EGILS PILLI 49 KR. 500 ML

LAMBALÆRI VILLIBRÁÐARKRYDDAÐ 1189 kg KR. MERKT VERÐ 1699 KR.

Lágt verð alla daga!

...fyrir góðan dag! KS

## Frosin KS lambalæri og lambabógar

FEITAR OG BRAGÐGÓÐAR LAMBA GRILLRIFJUR

Kauptu pakka af Homeblest eða Maryland kexi og þú gætir unnið glæsilegan vinning!

EKKERT BRUDL

HOMEBLEST 119 KR. 300g

MARYLAND 59 KR. 150g

GÁÐU AÐ GULLPENINGI Í PAKKANUM!

30% afsláttur við kassann

FEITAR, GÓÐAR RIFJUR 299 kg KR. MERKT VERÐ 399 KR.

VILLI SIRLOINSNEIÐAR 1279 kg KR. MERKT VERÐ 1799 KR.

Kjúklingalæri, kjúklingaleggir, kjúklingavængir

# Ferskir bitar

FERSKIR LEGGIR 349 kg KR. Merkt verð 349 KR.

30% afsláttur við kassann

FERSKIR VÆNGIR 139 kg KR. Merkt verð 199 KR.

FERSK LÆRI 349 kg KR. Merkt verð 499 KR.

www.bonus.is

ERAN/Landlist

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



**HÁTÍÐ Í HÁSKÓLA** Styrkþegar ásamt háskólarektor og formanni stjórnar Háskólasjóðs Eimskipafélagsins við úthlutunina úr sjóðnum á þriðjudag. 27 verkefni voru styrkt og eru þau jafn ólík og þau eru mörg. MYND/KRISTINN INGVARSSON

# Þetta er ekki góðgerðastarf

Sextíu milljónum króna var úthlutað úr Háskólasjóði Eimskipafélagsins á þriðjudag. *Björn Þór Sigbjörnsson* hitti **Björgólf Guðmundsson**, formann stjórnar sjóðsins og bankaráðs Landsbankans, í höfuðstöðvum bankans og ræddi við hann um sjóðinn og menntun.

Það er annasamur dagur í Landsbankanum þegar blaðamaður heldur til fundar við Björgólf Guðmundsson, formann bankaráðs. Örfáar klukkustundir eru liðnar frá tilkynningu Seðlabankastjóra um hækkun stýrivaxta og nokkrar klukkustundir þar til tilkynnt er um skuldabréfaútgáfu Landsbanka í Bandaríkjunum upp á rúman 21 milljarð króna. En við ætlum hvorki að tala um vexti né skuldabréf heldur úthlutunina úr Háskólasjóðnum. Og þó að Björgólfi leiðist sjálfsagt ekki að ræða um peninga tekst hann á flug þegar hann talar um menntun, eflingu Háskóla Íslands og samfélagsins alls, fjárfestingu í mannauði og guðfræðina sem hann langaði til að læra á sínum tíma.

Það voru Vestur-Íslendingar sem stofnuðu til Háskólasjóðs Eimskipafélags Íslands fyrir rúmum fjörutíu árum. Tilgangur hans var að styðja að velgengni Háskóla Íslands og styrkja efnilega stúdenta til náms við skólann. Líkast til bauð stofnendurna ekki í grun hver afdrif sjóðsins urðu næstu áratugina. Hann var nefnilega settur ofan í skúffu í Eimskipafélaginu og nýttur í refskák viðskipta í stað þess að styðja að markmiðinu um velgengni HÍ og styrkveitingar til stúdenta.

Í kjölfar breytinga á eignarhaldi helstu stórfyrirtækja landsins og Eimskipafélagsins þar með ákváðu feðgarnir Björgólfur og Björgólfur Thor að snúa Háskólasjóðnum í það horf sem honum var ætlað í upphafi.

„Okkur fannst komið að því að þessi sjóður yrði notaður fyrir Háskóla Íslands eins og tilgangur hans var," segir Björgólfur Guðmundsson.

Hann segir þá feðga áhugasama um vöxt og viðgang Háskólans og því sérlega ánægjulegt að eiga þátt í að efla sjóðinn svo að hann verði skólanum til sem mests gagns.

### Skrefi nær markmiðinu

Áhugi Björgólfs á eflingu Háskóla Íslands á sér sínar ástæður. Hann er fullviss um að sterkari skóli skapi sterkara samfélag. „Við höfum áhuga á samfélaginu. Og eftir því sem þjóðin er betur menntuð þess betur mun okkur farnast. Framtíðin byggist ekki bara á ódýrri orku og hráefnissölu heldur hugviti og því þarf þjóðin að koma sér upp."

Björgólfur segir að víða þar sem hann hefur komið státi menn sig fyrst af menntunarstigi þjóðar sinnar og fjölda framúrskarandi vísindamanna. Annað komi á eftir. Búa þurfi svo um hnúta að Íslendingar geti státað af góðri menntun og vísindum.

Sem kunnugt er hefur Háskóli Íslands einsett sér að komast í röð hundrað bestu háskóla í heimi. Björgólfur er hrifinn af því markmiði og bendir á mikilvægi styrkveitinga Háskólasjóðsins til doktorsnema svo það geti gengið eftir. „Þessir styrkir eru stærsta skrefið sem stigið hefur verið í átt að þessu markmiði og þeir efla sjálfstraust nemenda, stjórnenda og ekki síst prófessora við skólann. Þetta getur svo hugsanlega orðið til þess að fleiri erlendir vísindamenn komi að skólanum, ýmist í doktorsnám eða sem leiðbeinendur doktorsnema."

Björgólfur á ekki einfalt svar við því hvort þetta háleita markmið Háskólans sé raunhæft. Hann nefnir þó að nú eygi skólinn tækifæri til að stóreflast með stuðningi frá fyrirtækjum, sjóðum og öðrum. „Hvert skref sem næst er stórkostlegt fyrir þjóðfélagið. Hundrað bestu er ótrúlega háleitt markmið en hvert skref er dýrmætt." Hann varar þó við að ríkisvaldið dragi úr framlögum sínum til skólans. „Háskólinn verður ekki bara rekinn fyrir styrki frá einstaklingum og fyrirtækjum. Ríkisvaldið ber ábyrgð og það á auðvitað að stórauka sín framlög þegar því er ljós áhugi fólks í samfélaginu á Háskólanum og viðhorfunum til menntunar og framtíðarinnar. Ég vona að tilhneigingin verði ekki sú að hið opinbera minnki framlög sín því aðrir koma inn í þetta."

### Forsjálni að styrkja menntun

Fyrirtæki í eigu Björgólfs, sjóðir á hans vegum, hann persónulega og fjölskylda hafa veitt margvíslega fjárstyrki á undanförnum misserum og árum. Hann vill hvorki kalla það skyldur né hlutverk fyrirtækja eða einstaklinga að veita fé til samfélagsmála heldur segir það undir hverjum og einum komið hvað hann gerir í þeim efnum. „Menn verða sjálfir að hafa áhuga á að gera þetta og þann áhuga höfum við og við höfum komið nálægt flestum sviðum samfélagsins. Ég vil sjá Landsbankann vera í forystu á þessum sviðum, að styrkja menningu, listir og menntun í von um að það sé hvetjandi fyrir aðra. Vonandi kveikir maður einhvern áhuga en þetta er allt persónubundið."

Í hinni köldu hagfræði segir að eina hlutverk hlutafélags sé að hámarka arð hluthafanna og spyrja má hvort samfélagsstyrkir fyrirtækja séu ekki á skjön við það. „Eigendurnir eru nú oft skynsam-



**BJÖRGÓLFUR GUÐMUNDSSON** „Menn verða sjálfir að hafa áhuga á að gera þetta og þann áhuga höfum við og við höfum komið nálægt flestum sviðum samfélagsins. Ég vil sjá Landsbankann vera í forystu á þessum sviðum, að styrkja menningu, listir og menntun í von um að það sé hvetjandi fyrir aðra. Vonandi kveikir maður einhvern áhuga en þetta er allt persónubundið." FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

*„...að hámarka arðinn er spurning um tíma, það þarf ekki að hámarka hann á einu ári. Þeir sem hljóta styrki koma til með að skila meiri hagsæld inn í þjóðfélagið og það skilar sér aftur inn í fyrirtækin."*

ir," segir Björgólfur og brosir. „Og að hámarka arðinn er spurning um tíma, það þarf ekki að hámarka hann á einu ári. Þeir sem hljóta styrki koma til með að skila meiri hagsæld inn í þjóðfélagið og það skilar sér aftur inn í fyrirtækin." Hann segir styrkveitingar tryggja undirstöður samfélagsins og þannig verði fjárfestingar manna öruggari. „Svona stuðningur er fjárfesting til framtíðar. Það er ákveðin forsjálni okkar að styrkja til dæmis menntun og rannsóknir og byggja undir framtíðina. Þetta er ekki góðgerðarstarf, við erum að efla íslenskt samfélag, okkur og öðrum til góða."

### 1.200 milljóna ávöxtun á einu ári

Eins og áður sagði lá Háskólasjóður Eimskipafélagsins í dvala í mörg ár án þess að Háskólinn hefði notið góðs af. Björgólfur segir þann hátt hafa verið hagstæðan fyrir stjórnendur Eimskipafélagsins en telur að það hefði komið Vestur-Íslendingum á óvart hefðu þeir vitað hve lítið Háskólinn bar úr býtum. „Stjórnendur félagsins töldu sig líklega hafa farið vel með sjóðinn og reglurnar voru nú þannig að þeir réðu þessu alveg. Við vildum hins vegar breyta þessu og setja allt á fullt. Við sáum möguleika á að efla sjóðinn og ávaxta hann á þann veg sem okkar bestu sérfræðingar gátu gert. Á síðasta ári efldist hann um 1.200 milljónir og nú höfum við sjóð sem á 3,4 milljarða króna. Það hefur leitt gott eitt af sér."

Hann segir að tæknilega hefðu menn getað haft sjóðinn áfram ofan í skúffu en slíkt hafi ekki komið til greina. „Allt er þetta bundið við þá menn sem halda á hlutunum. Það er áhugi þeirra sem skiptir máli. Ef menn hafa þá þjóðfélagssýn að það þurfi að efla samfélagið þá keppast menn við að gera það. Sumir hafa ekki þá sýn og sjá þjóðfélagið öðruvísi. Eru bara íhaldssamir á sína hugsun og aðgerðir. En nú er Háskólasjóðurinn góður minnisvarði um hvaða hug Vestur-Íslendingar báru til okkar hér heima og ég held að þeir gleðjist þegar þeir sjá þetta."

### Ætlaði að verða prestur

Björgólfur kynnti sér þau 27 verkefni sem hlutu styrk að þessu sinni. Þau eru jafn ólík og þau eru mörg og hann segist spenntur fyrir þeim öllum. „Ég skildi þetta nú ekki allt," segir hann og hlær, „en ég er sannfærður um að þetta á allt eftir að skila okkur miklu. Það er klárt mál að við njótum ávaxtanna af öllu þessu vísindastarfi þó við gerum okkur kannski ekki akkúrat grein fyrir því núna hvar það smellur inn í samfélagsþróunina.

Þessi mikli áhugi Björgólfs á framhaldsmenntun má heita undarlegur í því ljósi að sjálfur er hann ekki með háskólapróf. „Ég var eitt ár í lagadeildinni í Háskólanum en fór svo út á vinnumarkaðinn. Ég ætlaði nú að verða prestur en sá svo að mér yrði kannski betur ágengt á öðrum sviðum. Við erum ekki öll sniðin til langskólanáms. Ég skynja hins vegar og skil hversu mikilvæg menntun og vísindastörf eru, það er undirstaðan í dag." Björgólfur segir að hann hafi áður komið að stuðningi við háskólamenntun. Þegar hann stýrði Hafskipum á árum áður hafi félagið fært Háskólanum bókagjafir og stutt viðskiptadeildina.

Og prófleysið heldur ekki fyrir honum vöku. „Ég held ég hafi veitt það mörgum háskólamönnum atvinnu að ég get glaðst yfir því," segir hann. „Mér finnst ofsalega gaman, nú á þessum aldri, að vinna með öllu þessu unga og vel menntaða fólki. Hér í bankanum eru til dæmis viðskiptafræðingar, lögfræðingar, verkfræðingar, sagnfræðingar og heimspekingar. Það er þörf fyrir alla. Og það er kannski táknrænt að annar bankastjórinn er verkfræðingur og hinn lögfræðingur og svo er formaður bankaráðsins jarðtengdur," segir Björgólfur.

En hvað myndi hann læra ef hann færi í háskóla í dag? „Ætli ég færi ekki í guðfræðina og yrði prestur. Ég sé kannski til í næsta lífi." ■

# Frumsýnum í dag!

## Nýjan Suzuki Swift 4x4

**REYNSLUAKSTUR**
**OPIÐ**
**Í DAG**
**13.00 - 17.00**






**Swift setur ný viðmið í hönnun smærri fólksbíla**




**Í DAG**

**13.00 - 17.00**

**Swift hefur fengið 27 alþjóðleg verðlaun!**

HUGTÓK Mar.06

**REYNSLUAKSTUR**
**OPIÐ**
**Í DAG**
**13.00 - 17.00**






25 ÁR Á ÍSLANDI
1981-2006

SUZUKI
*...er lífsstíll!*

SUZUKI BÍLAR HF.
Skeifunni 17. Sími 568 5100.
www.suzukibilar.is

BANDALAG ÍSLENSKRA
BÍLL ÁRSINS
2006
BLAÐAMANNA





ÆVINTÝRAKONA Eliza Reid er Kanadamær sem fann ástina í Íslendingnum Guðna Th. Jóhannessyni sagnfræðingi. Hún er nú búsett hér á landi en ferðast þess á milli einsömul um heiminn og velur sér ekki alltaf kunnugar slóðir. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Ein á ferð

Kanadamærin **Eliza Reid** lifir lífinu lifandi og treystir ekki um of á örlagadísirnar. Hún hikar ekki við að ferðast um framandi hluta heimsins í eigin félagsskap eða gera möguleika sína hagstæðari á blindum stefnumótum, en það var ástin sem dró hana til Íslands þar sem hún á nú heima. ***Þórdís Lilja Gunnarsdóttir*** naut framandi ferðasagna Elizu meðan norðangarrinn skók íslenska skóga.

Eliza Reid geislar af lífgleði og hamingju. Hún er tilgerðarlaus, sjálfstæð nútímakona sem lætur ekkert stöðva sig og veit að hver er sinnar gæfu smiður. Fædd og uppalin í Ottawa í Kanada var hún frumburður foreldra sinna og systir tveggja bræðra, sem öll búa enn í Kanada, en er nú búsett á Íslandi fyrir tilstuðlan ástarinnar.

„Ég kynntist Guðna árið 1998 þegar bæði stunduðum nám í sagnfræði við Oxford-háskóla í Englandi og nöfn okkar voru dregin saman í samkeppni um blint stefnumót. Í þessari samkeppni setti maður nafn sitt í bolla og ég fyllti bollann hans Guðna með nafninu mínu, enda ekki hægt að láta forlögunum allt eftir,“ segir Eliza hláturmild en það var Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur sem óhjákvæmilega dró nafn Elizu úr bolla sínum og bauð henni í ítalskan kvöldverð á einu veitingahúsa Oxford-skíris, en eftir það fóru Amorsörvar að hitta hjörtu þeirra tveggja.

„Þetta var alls ekki ást við fyrstu sýn, en ég hafði verið skotin í honum úr fjarlægð og í dag erum við hamingjusamlega gift,“ segir Eliza, sem talar nær lýtalausa íslensku eftir tveggja og hálfs árs búsetu hérlendis, einstaka íslenskukúrs hjá Endurmenntun Háskólans, kórstarf með Mótettukór Hallgrímskirkju og sjálfboðastarf Rauða krossins á Landspítala þar sem hún starfar í sjoppunni aðra hvora viku.

„Ég hef alltaf unnið sjálfboðastarf á sjúkrahúsum, jafnt í Kanada, Bretlandi og á Íslandi. Starfið í sjoppunni hefur mikið hjálpað mér í tungumálinu, en fyrsta daginn var ég spurð hvort ég ætti tyggjó og hafði ekki hugmynd um hvað það þýddi, og hef lært mörg ný orð síðan,“ segir Eliza, sem annars starfar sjálfstætt sem markaðsfræðingur með prófgráður í alþjóðasamskiptum og sagnfræði, auk þess sem hún er blaðamaður í hálfu starfi hjá Iceland Review.

## Að ferðast með sjálfum sér

Eliza smitaðist ung af ferðabakteríunni þegar hún heyrði ömmu sína segja frá heimsreisu sinni og ferðalögum um Evrópu og frænku sína minnast ferðalaga með Síberíuhraðlestinni.

„Ég fékk snemma áhuga á stjórnmálum heims og stefndi strax á nám í alþjóðasamskiptum því ég þráði að læra um ólík lönd og þjóðir. Sem barn og unglingur ferðuðumst við fjölskyldan talsvert um Kanada og Bandaríkin, en 22 ára fór ég til meistaranáms í Englandi og hafði áður farið í tveggja vikna ferð til Rússlands á átjánda árinu. Eftir meistaragráðuna ákvað ég að fara ein míns liðs í bakpokaferðalag um Evrópu og það var yndisleg upplifun,“ segir Eliza, sem einnig ferðaðist víða í starfi sínu sem markaðsfræðingur í Englandi.

„En þótt það væru bisnessferðir þótti mér ávallt mikið ævintýri að koma til nýrra áfangastaða. Þegar ég hafði svo tekið ákvörðun um að flytja til Íslands með Guðna; án atvinnu og ótalandi tungumálið, fannst mér tilvalið að eyða fyrst öllum mínum sparnaði í viðamikið ferðalag og byrjaði á að bóka far með Síberíuhraðlestinni. Ég hafði séð ótrúlega heillandi myndir frá Úsbekistan og Kasakstan sem réðu úrslitum um að ég valdi að ferðast um Mið- og Suðaustur-Asíu en tíu dögum fyrir brottför þurfti ég að hætta við mánaðarferð til Kína vegna bráðalungnabólgufaraldurins,“ segir Eliza, sem fær ekki síður mikið út úr skipulagningu ferðalaga en ferðinni sjálfri.

„Það er svo margt sem mér finnst heillandi við ferðalög en einhver sagði að undirbúningurinn væri helmingur gamansins og þar er ég sammála. Ég fæ ekki síður mikið út úr því að panta bæklinga, lesa bækur, skoða myndir, plana fjárhaginn og skipuleggja alla þætti ferðalagsins, eins og að upplifa ævintýrið að vera á staðnum. Fólk á hverjum stað er alltaf ótrúlegt og einstakt, og dýrmæt reynsla að treysta á sjálfan sig. Það er þroskinn í kjölfar þess að ferðast einn sem er svo eftirsóknarverður; alls staðar mætir maður nýrri áskorun og tungumálaörðugleikum, því ég hef komið víða þar sem enginn skilur orðið „ókei“,“ segir Eliza en þá koma orðtakabækur til hjálpar eins og þegar hún ferðaðist með Síberíuhraðlestinni í klefa með þremur Rússum sem enginn talaði stakt orð í ensku.

„Með hjálp rússnesku orðtakabókarinnar tókst okkur að læra ýmislegt um hvort annað og það er dálítið fallegt þegar kona ferðast ein að fólki finnst það þurfa að gæta manns og líta til með manni, en það sem mér líkar einmitt best við að ferðast ein er þetta tækifæri að kynnast fólki á eigin forsendum því annars er hætta á að maður tali eingöngu við vini sína. Það er því engu líkt að upplifa ný lönd á eigin spýtur, sjá ólíka lífshætti, prófa framandi þjóðarrétti og þiggja heimboð til ókunnugra án þess að depla auga, en þó með heilbrigða skynsemi í veganesti.“



AÐ KAFNA ÚR HITA Eliza fær sér svalandi kókóshnetu til að kæla sig niður.

## Ástin er skilningsrík

Ótti hefur aldrei stöðvað Elizu á ferðalögum hennar, enda vonlaust að ferðast með ugg í brjósti.

„Ég hef svo sem aldrei lent í neinum hrakföllum utan þess hvað ég var rænd í Kasakstan. Það hræddi mig ekkert, en mér varð ekki um sel þegar ég fór í fyrsta sinn á hestbak í Mongólíu. Það er misjafnt hvað hræðir okkur mennina, en mér fannst útreiðar alltaf ógnvekjandi sport,“ segir hún og brosir feimnislega.

„Það rímar kannski einkennilega að ég kjósi að ferðast um heiminn ein, því ég er mikil félagsvera. Mér finnst gott að vera minn eigin herra og ráða alfarið hvernig ég eyði deginum, enda þegar maður ferðast í langan tíma og er með sömu manneskjunni allan sólarhringinn þarf hún helst að vera ástin manns, og Guðni er of heimakær til að langa með mér. Eins og mörgum Íslendingum leiðist honum of heitt veður en hann samgleðst mér að fara og það er ómetanlegur stuðningur. Það þarf skilningsríkan maka til að skilja þetta flökkueðli og sjá á eftir manni út í óvissuna því sjálf veit ég hvar ég er öllum stundum en hann ekki,“ segir Eliza, sem annað slagið finnur netkaffihús á ferðalögum sínum þar sem hún lætur Guðna vita um ferðir sínar.

„Það er eitthvað mjög rómantískt við svona fjarveru. Ástarbréf bíða manns í tölvum kaffihúsa heimsins og maður lærir að meta maka sinn og ástarsambandið upp á nýtt,“ segir Eliza, sem ferðast hefur til 35 landa.

„Úsbekistan er uppáhaldið því landið er ótrúlega fagurt og alls staðar gamlar moskur og söfn en varla ferðamann að sjá. Ég fer ekki að gamni mínu á staði sem teljast hættulegir, en þó langar mig mikið til Íran þótt einhverjir kynnu að vara vestræna ferðamenn við ferðalögum þangað vegna stjórnmálaskoðana. Mín reynsla er sú að fólk er alls staðar eins; gott, gestrisið og skemmtilegt, þótt vissulega finnist alls staðar svartir sauðir innan um, en í miklum minnihluta. Íbúar heimsins eru upp til hópa yndislegt fólk; þeir hafa áhyggjur af því sama og fást við það sama; að fæða sig og klæða, sjá fjölskyldu sinni farboða, þeir hafa áhyggjur af stjórnmálaástandi og heimsfriði. Til eru dæmi þess að neikvæður skilningur ríki gagnvart bandarískum ferðamönnum, en skoðanir stjórnvalda endurspegla ekki skoðanir almennings sem lítur á vestræna gesti sem sjálfstæða einstaklinga og sýnir þeim einstaka gestrisni og mannkærleika.“



FYLL'ANN TAKK
Bensín tekið í miðri Góbíeyðimörkinni.

VILTU SKJÓL Á VERÖNDINA?



MARKISUR



www.markisur.com
Hrein Fjárfesting ehf
REX
Dalbraut 3, 105 Reykjavík · Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar



## VEL HEPPNUÐ FRUMRAUN SAAB

Nýi jeppinn frá Saab, 9-7x, er kannski ekki sá rennilegasti á að líta en akstursegiginleikarnir svíkja engan.

BÍLAR 4



## ÞÚSUNDIR ÍSLENDINGA FLJÚGA TIL ALICANTE Í SUMAR

Alicante er einn vinsælasti áfangastaðurinn í sumar. Þangað verður flogið með yfir þúsund Íslendinga í viku hverri.

FERÐIR 2

allt



## ALLT HITT

[ BÍLAR FERÐIR ]

**Ferðatorg** 2006 stendur nú yfir í Smáranum í Kópavogi. Sýningin er glæsileg og er haldin samhliða stórsýningunni Matur 2006. Markmið Ferðatorgs 2006 er að gefa íslenskum ferðaþjónustuaðilum og þjónustugeirum tækifæri á að kynna starfssemi sína. Ferðatorgið verður opið fyrir almenning á laugardag og sunnudag kl. 11.00 til 18.00 báða dagana.



**Ökuskírteini** munu taka breytingum ef farið verður eftir tillögum samgönguráðherra Evrópusambandslandanna. Stefnt er að því að eitt ökuskírteini gildi innan Evrópusambandsins. Skírteinið nýja verður að öllum líkindum búið örgjörva til að auðvelda eftirlit og gera allt svindl og falsanir erfiðari og stuðla að meira öryggi í umferðinni. Áætlað er að nýja skírteinið taki gildi árið 2032.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er laugardagurinn 1. apríl, 91. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.46 | 13.32 | 20.19 |
| Akureyri | 6.28 | 13.16 | 20.07 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími 550 5000
Auglýsingasími Allt 550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Bjarni með einn af bílum sínum. Yfirbyggingin er úr koltrefjaplasti og málaði Bjarni hana sjálfur. Fyrirmyndin er Pontiac G6. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Eins og í formúlunni

***Smábílaklúbbur Íslands opnaði á dögunum nýtt félagshúsnæði í kjallara Laugardalshallar. Bjarni Björnsson er formaður klúbbsins og mikill áhugamaður um smábíla.***

Smábílar eru jafn margbreytilegir og venjulegir bílar. Þá er hægt að fá með bensínvélum, rafmagnsvélum, með mismunandi drifbúnaði, dempurum og gírkössum og auðvitað yfirbyggingum af öllum gerðum. Stillingamöguleikarnir eru nær óþrjótandi og algengt að áhugamenn standi tímunum saman yfir bílunum og stilli minnstu smáatriði. „Ég er vanur því að rífa bílinn alveg í öreindir þegar ég fer út að keppa,“ segir Bjarni. „Það er svo mikið af legum og slíku sem þarf að hreinsa svo bíllinn sé í toppstandi.“

Nokkrir smábílaklúbbar eru starfræktir á landinu, til dæmis á Akranesi, Hellu og á Akureyri. Fjölmörg mót eru haldin árlega, bæði innandyra og utan en þar ber hæst Íslandsmótaröðina, sem samanstendur af fimm mótum. „Ég keyri reyndar lítið sjálfur, læt son minn og dóttur um það,“ segir Björn, „en ég sé um öll tæknimálin og styrktarmál,“ segir Bjarni, sem er eiginlegur liðstjóri kappakstursliðsins á meðan börn hans eru ökumennirnir. „Já, það má segja að þetta sé eins og í formúlunni,“ segir Bjarni og hlær.

Keppt er í nokkrum flokkum á smábílum þar sem reglur og bönn eru mismunandi. Nýjasti flokkurinn er svokallaður stofnflokkur sem ætlaður er byrjendum. Þar keppa allir með eins vélar og liggur munurinn því einungis í ökuhæfni og stillingu bílsins. „Í þessum flokki getur þú keypt tilbúinn bíl, hlaðið rafhlöðurnar og byrjað að keppa. Svo einfalt er það,“ segir Bjarni.

Bjarni áætlar að um tvö þúsund manns stundi smábílaakstur á Íslandi og að sportið sé í stöðugri sókn. „Við erum um hundrað í okkar klúbbi en helsta baráttumál okkar er að fá aðstöðu fyrir brautir utandyra og rennum við hýru auga til Gufunessins,“ segir Bjarni.

tryggvi@frettabladid.is

## Ferð í Landmannalaugar um páskana

FERÐAFÉLAG ÍSLANDS STENDUR FYRIR FERÐ Í LANDMANNALAUGAR UM PÁSKANA.

Lagt verður af stað fimmtudaginn 13. apríl frá Mörkinni 6 klukkan 9.00. Á leiðinni verður boðið upp á skíðagöngu frá Bjallavaði eða eftir því sem færi og snjóalög leyfa. Farangur verður fluttur áfram í skálann. Alla dagana yfir páska verða farnar daggöngur og glatt verður á hjalla á kvöldvökum. Meðal fyrirhugaðra áfangastaða eru Hrafntinnusker, Jökulgil og Kýlingar en Helga Garðarsdóttir verður leiðsögukona.

Ferðinni líkur 17. apríl og lagt heim á leið uppúr klukkan 10.00. Skráning fer fram á skrifstofu FÍ í síma 568-2533 eða á fi@fi.is. Bóka þarf í ferðina fyrir 5. apríl en lágmarksþátttaka eru 10 manns.



Gott er að komast frá stressinu og út í náttúruna um páskana. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



**Vatnanámskeið II** Listin að leita að vaði, fer fram helgina 8.-9. apríl. Ferðafélag Íslands stendur að námskeiðinu og verður undirbúningsfundur haldinn á fimmtudag í Mörkinni 6.





Moskva er ævintýraleg útlits að kvöldlagi.

# Ævintýralegar brúðkaupsferðir

***Brúðkaupsperðir geta bæði verið spennandi og rómantískar.***

Stúdentaferðir bjóða upp á ýmsar ævintýraferðir, eins og ferðir frá Moskvu til Pekíng eða öfugt og ferðir á milli Tallinn og Sjanghaí. Upp á síðkastið hefur það aukist að brúðhjón kjósi ævintýraferð sem brúðkaupsferð. Brúðhjónin geta þá upplifað spennandi hluti og skoðað framandi slóðir að meðan þau njóta návistar hvors annars. Allar upplýsingar um ævintýraferðirnar má finna á heimasíðu Stúdentaferða, www.exit.is.






Alicante, Benidorm og fleiri staðir á svipuðum slóðum virðast vera sterkur segull á íslenska sólarlandafara.

# Þúsundir Íslendinga fljúga til Alicante í sumar

***Sá staður sem verður vinsælastur meðal Íslendinga næsta sumar er án efa Alicante á Spáni og stórt svæðið í kringum borgina. Þangað verður flogið með yfir þúsund Íslendinga í viku hverri næsta sumar.***

Alicante og svæðið í kringum þessa spænsku borg, meðal annars Benidorm og Albir, hefur lengi vel verið vinsæll áfangastaður sólþyrstra Íslendinga. Staðurinn hefur þó verið í nokkurri lægð á undanförnum árum en sér nú heldur betur til sólar. Í sumar hefur Iceland Express reglubundið flug þangað auk þess sem fjölmargar ferðaskrifstofur bjóða upp á ferðir þangað.

„Öll flugsætin voru orðin uppbókuð þannig að við einfaldlega neyddumst til þess að bæta við aukaflugi,“ segir Birgir Jónsson, forstjóri Iceland Express, en flugfélagið bætti fyrir stuttu við þriðju vikulegu flugferðinni til Alicante í sumar. Birgir hefur sínar kenningar um ástæður vinsældanna. „Ég held að fólk sé orðið svolítið leitt á þessum pakkaferðum, fólk vill frekar skipuleggja ferðir sínar sjálft. Það vill upplifa staðinn á sínum eigin forsendum.“

Önnur ástæða fyrir vinsældum Alicante og Benidorm er gríðarleg aðsókn í sumarhús á svæðinu. Hafa bæði einstaklingar og félagasamtök keypt sumarhús í gríð og erg. Telja flestir innan ferðageirans að sú ástæða sé ein sú veigamesta fyrir auknum vinsældum staðarins. „Íslendingar virðast vilja vera þar sem aðrir Íslendingar eru og þeir virðast því flykkjast til Alicante enda verið gríðargóð og mikil uppbygging á svæðinu. Þetta virðist vera orðinn liður í húsakaupum Íslendinga,“ segir Helgi Jóhannsson, forsvarsmaður Sumarferðar.

Þyri Gunnarsdóttir, sölustjóri Heimsferða, segir að stjórnvöld og athafnamenn við Alicante eigi einnig stóran þátt í auknum vinsældum. „Þeir hafa verið að taka staðinn í gegn, endurnýtt og betrumbætt. Í raun er verið að auka alla þjónustu við ferðamenn.“ Hjá öðrum ferðaskrifstofum er tekið í sama streng. Laufey Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Plúsferða, bætir við að fólk leiti mikið til Spánar vegna þess að það sé öruggur staður og þar megi finna flestallt sem leitað sé að fyrir sumarfríið.

Þó mikil samkeppni ríki á markaðnum búast allar ferðaskrifstofurnar við að uppbókað verði í öll flugsæti á vegum þeirra. Iceland Express gerir einnig ráð fyrir að um níutíu prósent allra flugsæta til Alicante verði bókuð, en allir ferðast í gegnum flugvöllinn á Alicante. Alls verður flogið með vel yfir þúsund farþega frá Íslandi til Alicante í sumar í viku hverri. Hjá ferðaskrifstofunum telja flestir að markaðurinn sé mettur en þó megi ætla að farþegum geti fjölgað enn meira með frekar sumarhúsakaupum landans á suðlægum slóðum Spánar.

*steinthor@frettabladid.is*




# Ný Evrópugátt á vefnum

***Ferðamálaráð Evrópu hefur opnað vefsíðu til kynningar á Evrópu sem áfangastað ferðafólks***

Undanfarin ár hefur verið unnið að þróun sameiginlegrar Evrópugáttar á vefnum til kynningar á Evrópu sem áfangastað ferðafólks. Hin nýja gátt var nýlega opnuð formlega á slóðinni www.visiteurope.com.

Aðild að verkefninu eiga ríkin 34 sem saman mynda Ferðamálaráð Evrópu (ETC) en að því hefur Ísland átt aðild í nærri fjörutíu ár. Slík gátt hefur í nokkur ár verið starfandi fyrir Bandaríkin en á vegum framkvæmdastjórnar ETC voru síðan teknar upp viðræður við Evrópusambandið um fjárhagslega aðkomu þess að frekari þróun Evrópugáttarinnar til notkunar á öðrum fjarmörkuðum en í Bandaríkjunum.

ESB hefur veitt fjármunum í þróun gáttarinnar en ETC hefur séð um faglega þáttinn. Til að byrja með er vefnum beint að mörkuðum Norður- og Suður-Ameríku en í framhaldinu verður sjónum einnig beint austur á bóginn, til Rússlands og Asíu.

Efni á vefnum er annars vegar sameiginleg kynning á Evrópu og hins vegar kynning á hverju landi um sig, með þeim möguleikum sem viðkomandi land hefur upp á að bjóða sem ferðamannastaður. Hefur á síðustu vikum og mánuðum verið unnið að því á vegum Ferðamálastofu að koma efni frá Íslandi inn á vefinn. Evrópugáttin er enn sem komið er fyrst og fremst upplýsingavefur og eru til dæmis ekki bókanir á sjálfum vefum. Hins vegar er vinnu við gáttina langt í frá lokið og á næstu mánuðum verður unnið að áframhaldandi þróun á virkni og innihaldi.



Í Evrópugáttinni geta ferðamenn fengið upplýsingar um fjölmarga staði í Evrópu.

# Erlendir sjúkdómar



Langflug leggst mismunandi í fólk.
NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

***Oft koma sjúkdómar og veikindi sem fólk smitast af í útlöndum ekki í ljós fyrr en eftir heimkomuna.***

Ferðamenn sem smitast erlendis verða oft ekki veikir fyrr en sex til átta vikum eftir heimkomu. Til dæmis geta einkenni malaríu komið fram allt að sex til tólf mánuðum eftir að heim er komið. Gott ráð fyrir þá sem veikjast hastarlega og hafa verið erlendis einhvern tíma á síðustu mánuðum er að segja lækninum frá ferðalaginu. Með því getur hann athugað hvort einhver alvarlegur erlendur sjúkdómur sé tilfellið.

Mælt er með því að fólk haldi áfram að taka lyf sem hindra malaríusmit í að minnsta kosti mánuð eftir að ferðalaginu lýkur. Þá þarf að athuga hvort lyf sem fengin voru erlendis séu leyfileg hér á landi.

Fólk sem vinnur í matvælaiðnaði ætti að láta yfirmenn sína vita ef það hefur nælt sér í matareitrun á ferðalagi. Þá ættu þeir sem hafa fengið læknismeðferð, verið bitnir af dýrum eða stundað óvarin kynmök erlendis að hafa samband við lækni sem fyrst, jafnvel þó þeim líði vel.



Einkenni sjúkdóma sem fólk hefur sýkst af í útlöndum geta komið fram sex til átta vikum eftir að heim er komið.

# Flugþreyta

***Það getur reynt verulega á að ferðast yfir mörg tímabelti á skömmum tíma. Ýmislegt er þó hægt að gera til að koma í veg fyrir flugþreytu.***

Þessi ráð er að finna á vef BBC: Breyttu tímanum á úrinu yfir á tíma áfangastaðar um leið og stigið er upp í vélina.

Reyndu að hreyfa þig mikið í flugvélinni. Stattu reglulega upp og röltu upp og niður gangana.

Áhrif áfengis eru allt að þrisvar sinnum meiri í flugi en á jörðu niðri. Þynnka hjálpar ekki upp á flugþreytu.

Ef þú millilendir, reyndu að komast í sturtu. Það hressir þig og kemur flæði á blóðið.

Stillti þig inn á matar- og svefntíma áfangastaðarins eins fljótt og hægt er.

Skipulegðu þig þannig að það sem þú þarft að gera fari fram þegar þú hafir mesta orku. Orkan er mest á kvöldin ef flogið er austur, á morgnana ef flogið er vestur.



Ávallt er skemmtilegt að vera í London og ekki verra að skella sér í leikhús í leiðinni.

# Á leikhús í London

***Express ferðir bjóða upp á skemmtilega leikhúsferð til London.***

Express ferðir bjóða í samstarfi við Borgarleikhúsið upp á leikhúsferð til London í apríl. Lagt verður af stað frá Íslandi fimmtudaginn 20. apríl og gist á Thistle Hotel Kensington rétt hjá Kensington Park. Í ferðinni verður farið á tvær leiksýningar sem báðar hafa hlotið verðlaun, söngleikinn The Producers og Who's Afraid of Virginia Wolf þar sem Kathleen Turner fer með aðalhlutverkið. Eftir aðra sýninguna fer hópurinn saman út að borða. Leiðsögumaður er Guðjón Petersen, leikhússtjóri Borgarleikhússins, og fræðir hann hópinn um leikritin og fleira skemmtilegt. Einnig verður hægt að skoða borgina á eigin vegum.

Gjaldið fyrir ferðina er 39.900 krónur og er innifalin í því gisting í þrjár nætur á hóteli ásamt morgunverði, akstur til og frá flugvelli og íslensk leiðsögn. Greiða verður þó aukalega ef fólk vill vera í einstaklingsherbergi.





**BMW** framleiddi fyrir skemmstu milljónasta bílinn í Bandaríkjunum. Það tók tólf ár að ná þessu markmiði en milljónasti bíllinn var blæjubíllinn Z4 M Roadster.




Saab 9-7x er myndarlegur bíll og afar sterklegur á að líta.

# Vel heppnuð frumraun Saab

***Nýi jeppinn frá Saab, 9-7x, er kannski ekki sá rennilegasti á að líta en akstursеiginleikarnir svíkja engan. Þarna fer saman mikið afl og einstök lipurð.***

Það er ekki margt sem minnir á gamlan Saab þegar sest er inn í Saab 9-7x, en þó eitt og það er svissinn sem er á milli framsætanna. Að öðru leyti hefur þessi glæsilegi bíll fyrst og fremst lúxusyfirbragð og ýmislegt í honum minnir raunar meira á amerískan bíl en evrópskan.

Og það er óhætt að fullyrða að vel fer um mann í þessum bíl. Leðurklædd sætin eru einstaklega þægileg og aðgengi og sýn bílstjóra á mæla og stjórntæki góð. Útsýni úr bílnum er einnig gott þótt framrúðan virki svolítið lítil séð utan frá.

Við hönnun bílsins að innan er greinilega lagt mikið upp úr því að vel fari um alla. Hitakerfið er til dæmis aðskilið milli bílstjóra og farþega í framsæti og sömuleiðis stilla aftursætisfarþegar hitann fyrir sig sjálfir. Leðurklædd framsætin eru einstaklega þægileg og halda vel utan um mann og aftursætin eru ágæt líka þrátt fyrir að þau séu svolítið sérkennilega grunn. Framsætin eru rafstýrð og bílstjórasætið með minni fyrir tvo, auk þess sem það fer sjálfkrafa afturábak þegar drepið er á bílnum til að auðvelda það að fara út úr bílnum og raunar setjast inn í hann aftur.

Saab 9-7x er kraftmikið ökutæki enda með 5,3 lítra vél, 300 hestafla. Það er auðvelt að ímynda sér að gaman sé að ferðast í þessum bíl um hraðbrautir þar sem afl hans og snerpa nýtur sín til fulls. Hitt er annað mál að það er ekkert slor að ferðast í honum hér heima þrátt fyrir að ökumaður finni vel fyrir því hversu mikið afl hann á inni þegar hámarkshraða er náð. En bíllinn er ekki bara kraftmikill heldur liggur hann á vegi eins og klettur. Þar er meðal annars fyrir að þakka framúrskarandi fjöðrun bílsins sem er svo mátulega stíf, sportleg án þess að bíllinn sé þó hastur. Fjöðrunin naut sín einnig vel þegar bíllinn var reyndur á nokkuð grófum vegi þar sem hann stóð sig vel að öllu leyti. Bíllinn reyndist einnig lipur í borgarakstrinum, alveg laus við þunglamalegheit sem stundum einkenna bíla í þessum stærðarflokki.

Óhætt er að segja að Saabmönnum hafi tekist vel til við hönnun þessa fyrsta jeppa síns. Þægindin og aflið eru í fyrirrúmi í þessum bíl enda má segja að fyrir það sé greitt.

**steinunn@frettabladid.is**

**SAAB 9-7X**

**5,3 lítra V8**
**300 hestöfl**
**verð kr. 6.300.000**



Aftursætisfarþegar geta sjálfir stjórnað hita.



Frágangur er víða skemmtilegur. Hér sést til dæmis hvernig öryggisbelti kemur upp úr sætinu.



Farangursrýmið er rúmgott, tekur 1.127 lítra og 2.268 ef bak aftursæta er fellt fram.



Aftursætin eru grunn en fótarýmið er gótt jafnvel þótt ágætlega fari um fólk í framsætum.



Lykillinn á sínum stað í svissinum milli sætanna.



Innan á hurð farþegamegin er ekki bara rúðuvinda heldur einnig einnig hnappar sem stjórna hita í farþegasæti.



Mælaborðið ber vott um lúxus.

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA FYRIR
Jeep CHRYSLER DODGE
BÍLJÖFUR
BIFREIÐAVERKSTÆÐI
Smiðjuvegi 34 - gul gata Kópavogi • Sími 544 5151 • biljofur@biljofur.is

SMS
Bílasprautun og réttingar
• Réttum og málum allar tegundir bíla
• Við vinnum fyrir öll vátryggingarfélögin
• Fljót og góð þjónusta
• Útvegum bílaleigubíla
• Yfir 20 ára reynsla
CABAS tjónamat
Smiðshöfði 12
110 Reykjavík
bilasprautunsms@simnet.is
Sími 567 1101
Gsm 868 8317
Fax 567 1182

BIFREIÐASTILLINGIN
Vissir þú að 90% af sjálfskiptingum bila vegna hitavandamála?
Láttu skipta um olíu og síu á sjálfskiptingunni.
Sjálfskiptingar, stillingar og alhliða viðgerðir.
Bifreiðastillingin ehf. • Smiðjuvegi 40d • Sími 557 6400

RÆSIR HF
Skúlagötu 59, sími 540 5400 www.raesir.is




Eigum fyrirliggjandi nýja vel útbúna Mazda6.
Komdu og skoðaðu. Viðurkenndur þjónustuaðili.
RÆSIR HF. sími 540 5400 Opið laugardaga 12-16.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



## Áfram veginn

Einar Elí Magnússon kemst leiðar sinnar

# Sektaður á fastandi maga

Ég held ég verði að hætta að borða niðri í bæ. Tvisvar í sömu vikunni hef ég reynt og tvisvar í sömu vikunni hafa fótgönguliðar borgarinnar tekið að sér að skreyta framrúðuna á bílnum mínum með bláum miðum. Sem eru reyndar í stíl við bílinn svo þeir fá plús fyrir smekkvísi.

Fyrra skiptið var ekki mér að kenna. Ekki beint. Við höfum sennilega öll lent í þessu; farið á veitingahús í hádeginu með vinnufélögunum, beðið of lengi eftir matnum og verið aðeins of sein að bílnum aftur. Hundraðkallinn útrunninn fyrir tveimur mínútum og fyrir hreina tilviljun er það akkúrat tíminn sem tekur að skrifa sektarmiða.

Hitt skiptið var sennilega aðeins meira mér að kenna. Í þrítugasta sinn lagði ég í sama stæðið og venjulega meðan ég stökk inn á veitingastað að sækja mat. Meðan ég beið kemur kona inn á staðinn og hrópar uppfyrir sig: „Þeir eru að sekta alla, þeir eru að sekta alla!“ og hljóp svo út. Þar sem ég hef kynnst furðulegra fólki en þetta um ævina kveikti ég engan veginn á því hvað hún meinti.

Þegar ég kom út var búið að... sekta alla. Ég leitaði og leitaði að stöðumæli og fann loks nokkra, á stæðum sem slógu varnarhring utan um það allra minnsta skilti sem ég hefi á ævi minni séð. Á því mátti, með góðum gleraugum, skilja að bíllinn minn stóð 60 sentímetrum fyrir utan leyfilegt bílastæði. Ég leitaði að gulum línum, kanti, striki...einhverju sem aðgreindi mitt stæði frá þeim leyfilegu. Án árangurs. En miðinn var blár eins og bíllinn. Smekklegt.

Nú er ég búinn að viðurkenna mín mistök og bíð eftir því að borgin viðurkenni sín og merki betur hvar má og má ekki leggja. Ég veit reyndar ekki til hvers er verið að rukka fyrir stæði yfir höfuð. Hver græðir á því? Einhver laun þurfa fótgönguliðarnir og varla er þá mjög mikið eftir fyrir borgina? Ekki eru það verslunar- og veitingahúsaeigendur í miðbænum sem hagnast, þeir sjá aldrei krónu af bílastæðagjöldunum og önnur kerfi, eins og klukkuskífan sem notuð er í Danmörku og víðar, hljóta að skila þeim sama fólksfjöldanum. Og ekki er það ég. Ég er meira að segja nokkrum þúsundköllum fátækari!

Ég er eiginlega viss um að Bílastæðastjóður er kominn á síðasta söludag og bílastæðamálin þurfa á alvarlegri endurskoðun að halda. En þangað til einhver annar fattar það verð ég bara að borða heima.



Hugmyndir eru uppi um lagningu vegar yfir Kjöl í einkaframkvæmd.

# Rætt um Kjalveg

*Á félagsfundi 4x4 verður rætt um fyrirhugaða lagningu Kjalvegar.*

Ferðafélagið 4x4 stendur fyrir félagsfundi á mánudaginn 3. apríl klukkan 20.00 að Mörkinni 6. Á fundinum verður meðal annars til umræðu Kjalvegur og hugmyndir um uppbyggingu hans.

Sigurður Ómar Sigurðsson frá Radíómiðun verður með kynningu á gervihnattasímum og erindi verður haldið um snjóalög á jöklum.

Að loknu kaffihléi verða umræður um Kjalveg og þær hugmyndir sem uppi eru um lagningu vegar yfir Kjöl í einkaframkvæmd. Frummælendur á fundinum verða Kjartan Ólafsson alþingismaður og Karl Ingólfsson, framkvæmdastjóri Ultima Thule. Að loknum framsöguerindum verður opin umræða.


Smurþjónusta
fyrir allar gerðir bíla
Eigum olíusíur í flestar gerðir bíla
Komdu með bílinn til okkar!
Frábær verð og góð þjónusta!
Alltaf heitt á könnunni!
SMURSTÖÐIN
„Sá smurði gengur“
STÓRAHJALLA
S. 554 3430



allt heimili
Alla fimmtudaga




Fimmta kynslóð Golf kom á markað fyrir tveimur árum.

# Nýjum Golf flýtt

*Golf VI er væntanlegur ári fyrr en áætlað var. Hann verður ódýrari en fyrirrennarinn og ekki eins hefðbundinn í hönnun.*

Komið hefur fram að salan á fimmtu kynslóð Volkswagen Golf sem kom á markað fyrir tveimur árum hefur ekki staðist væntingar framleiðenda. Þýska blaðið Auto-Bild greinir frá því að til að bregðast við þessu hafi verið ákveðið að kynna næstu kynslóð af Golf árið 2008 í stað 2009 eins og til stóð.

Nýi Golfinn verður að miklu leyti byggður á saman undirvagni og fyrirrennarinn og ekki er búist við miklum tæknilegum breytingum á bílnum. Hins vegar fá útlitshönnuðir að leika aðeins lausum hala og er uppálagt að hanna bíl með meiri „kynþokka“ en fyrirrennarinn, sem þykir hafa nokkuð íhaldssamt útlit.

# Astra stefnir í milljón

*Tvö ár eru síðan ný Opel Astra var kynnt. Salan stefnir hraðbyri í milljón.*

Sala á Opel Astra stefnir hratt og örugglega í milljón bíla markið í Evrópu. Salan á bílnum jókst um 25 prósent á síðasta ári og bíllinn vermdi efsta sæti í sölu í átta Evrópulöndum.

Alls seldust 515 þúsund Opel Astra-bílar í Evrópu á árinu sem leið og er það ekki síst Wagonútgáfa bílsins sem nýtur svo mikillar hylli Evrópubúa. Tíunda hver nýskráður bíll í Evrópu er Opel.



Salan á Opel Astra stefnir í milljón.


LÖÐUR
miðstöð bílaunnenda
sími 544 4540 I www.lodur.is
SVAMPBURSTAR
BYLTINGARKENND NÝJUNG Í BÍLAÞVOTTI Á ÍSLANDI
LÖÐUR KYNNIR FRÁBÆRA ÞJÓNUSTU Í NÝRRI KYNSLÓÐ BÍLAÞVOTTASTÖÐVA.
- Betri meðferð á bílnum með mjúkum og fleyglaga burstaendum.
- Bónið endist lengur og bíllinn verður áberandi hreinn og glansandi með úrvals hreinsiefnum og sápum.
- Alvöru bílaþvottastöð sem ræður við flestar stærðir bíla.
- Nánast engin bið eftir þvotti, afkastagetan er allt upp í 60 bílar á klukkustund sem er mun meira en hjá hefðbundnum stöðvum.
Opið virka daga kl. 8-19 og um helgar kl. 10-18
Fullkomnasta þvottastöðin á Íslandi er í Bæjarlind 2, kjallara


# Ný tvinntækni

***Land Rover hefur þróað nýja tvinntækni sem lagar sig að dísilvélum.***

Tvinntækni í bílum hefur þróast hratt á undanförnum misserum með aukinni áherslu á umhverfismengun bíla og bensíneyðslu þeirra. Tvinntæknin tekur helstu kosti úr báðum heimum, annars vegar rafbíla og hins vegar hefðbundinna bíla, og blandar þeim saman. Hafa tvinnbílar einnig verið nefndir blendingar af þeim sökum. Enginn bílaframleiðandi hefur enn sem komið er lagað tvinntæknina að dísilvélum, auk þess sem sárafáir bensíntvinnbílar eru til í fjórhjóladrifnum bílum.

Nýja Land_e tvinntæknin, sem Land Rover vinnur nú að, hentar bæði dísil- og bensínvélum og er þess utan löguð að bílum Land Rover í óbreyttri mynd. Vegna þess kallar nýja tvinntæknin ekki á flóknar breytingar á hönnun bílanna. Með þennan athyglisverða búnað innanborðs minnkar dísil- eða bensínnotkunin um allt að þriðjung en búnaðurinn byggir meðal annars á 300 volta rafgeymi og sérstökum rafmótor fyrir afturdrif.



Tölvuteiknuð mynd af nýrri tvinntækni Land Rovers, Land_e.

# Volvo fyrir þægindi

***Volvo V70 og S60 eru þægilegustu bílar á markaðnum samkvæmt nýlegri könnun.***

Um 46 þúsund bílnotendur í Bretlandi völdu Volvo V70 og S60 þægilegustu bíla á markaðnum í dag í nýlegri könnun breska bílablaðsins Auto Express. Blaðið stendur fyrir slíkri könnun árlega og birti niðurstöður sínar nú í marsmánuði.



Volvo V70

Volvo V70 fékk um 95 prósent atkvæða sem þægilegasti bíllinn og S60 kom á hæla honum enda sömu sæti og innréttingar í báðum bílum, segir á vef Brimborgar.

# SG-bílar flytja

***SG-bílar í Reykjanesbæ halda veglega opnunarhátíð um helgina í tilefni af nýju húsnæði bílasölunnar. Hefur öll aðstaða breyst til muna til hagsbóta fyrir bæði viðskiptavini og starfsfólk.***

SG-bílar hófu starfsemi fyrir tveimur árum að Brekkustíg í Keflavík en bílasalan er umboðsaðili B&L í Reykjanesbæ. Að sögn Grétars Ólasonar, annars eigenda SG-bíla, var gamla húsnæðið orðið í meira lagi úrelt og boðar nýja húsnæðið í raun byltingu fyrir bílasöluna. Í nýja húsnæðinu að Bolafæti 1 er sýningarsalurinn rúmlega helmingi stærri en sá gamli auk þess sem hann er mun bjartari og skemmtilegri. Bílastæðavandamál hafa einnig verið leyst auk þess sem nýja húsnæðið er mun betur staðsett en það gamla. Grétar bætir einnig við að aðstaða starfsfólks hafi breyst til muna en heldur þótti þröngt um alla starfsemina á gamla staðnum.

Í tilefni af flutningunum halda SG-bílar veglega opnunarhátíð bæði í dag og á morgun. Verða einhver tilboð en helst má nefna að rausnarlegur kaupauki eða aukahlutir að eigin vali fyrir 100 þúsund fylgir öllum nýjum bílum. „Við verðum líka með ýmsar uppákomur og húllumhæ. Þá er gaman að geta þess að þar sem SG bílar hófu starfsemi 1. apríl 2004 eigum við enn fremur tveggja ára starfsafmæli um helgina,“ segir Grétar, greinilega fullur tilhlökkunar.

*steinthor@frettabladid.is*





Hið nýja húsnæði SG-bíla í Reykjanesbæ skartar rúmlega 500 fermetra sýningarsal.



Verð á nýjum bílum fer hækkandi vegna lækkandi gengis krónunnar.

# Brimborg hækkar ekki

***Verð á bílum hefur hækkað í samræmi við þróun krónunnar. Hjá Brimborg hefur þó ekki enn komið til hækkana.***

Hjá Brimborg hefur verð á nýjum bílum ekki verið hækkað enn þrátt fyrir verulega gengislækkun krónunnar undanfarnar vikur. Þetta á við um allar gerðir nýrra bíla hjá Brimborg, Ford, Volvo, Citroën, Lincoln og Mazda. „Það má því segja að hægt sé að gera frábær kaup á bílum sem til eru á lager hjá Brimborg og hefur verið gífurleg umferð í bílaverslanir Brimborgar undanfarna daga af fólki sem er að tryggja sér bíla á gamla verðinu,“ segir Egill Jóhannsson, forstjóri Brimborgar. Ekki hefur enn verið tekin ákvörðun um það hjá Brimborg hvort eða hvenær nýir bílar verða hækkaðir í verði.






Bíll á mynd: Tucson Sport á 17" álfelgum.
* Bílasamningur til 84 mánaða með 30% útborgun. Mánaðarlegar greiðslur eru háðar vaxta- og gengisþróun.

HYUNDAI hefur gæðin

B&L Grjóthálsi 1 110 Reykjavík 575 1200 www.bl.is

Umoðsmenn um land allt Keflavík 421 4444 Akranes 431 2622 Akureyri 461 2533 Egilsstaðir 471 2524



## FRAMANDI BLÆR
*Vönduð og falleg hönnun Günthers Lambert*
BLS. 6



## Á RÚI OG STÚI
*Hirslur í barnaherbergi*
BLS. 18

[ SÉRBLAÐ UM SVEFNHERBERGI – LAUGARDAGUR 1. APRÍL 2006 ]

# heimilið


FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## EFNISYFIRLIT



HEIMILI VEKJARANS
*Náttborð* BLS. 2

ALLS KONAR KLUKKUR
*Tikk takk* BLS. 2

ALLT NEMA BLEIKT OG BLÁTT
*Lifandi barnaherbergi* BLS. 4

TILGANGUR LÝSINGAR MIKILVÆGASTUR
*Svefnherbergisljós* BLS. 8

TÖFRAVERÖLD BARNSINS
*Barnahúsgögn* BLS. 10

ÍSLENSKUR BÓLSTRAÐUR LEÐURGAFL
*Á amerískar dýnur* BLS. 12



RAMMAR INN RÚMIÐ
*Gaflar* BLS. 14

Fatabúðin
Skólavörðustíg 21 • Sími 551 4050 • Reykjavík

*Vorum að fá nýja sendingu af sængurfatnaði*

*Gæði, ending og góð þjónusta*

*Mikið og gott úrval*







# Heimili vekjarans

Við rúmið er nauðsynlegt að hafa náttborð þar sem hægt er að leggja hlutina frá sér. Flestir eru með bækur á náttborðinu sem þeir glugga í fyrir svefninn eða á sunnudagsmorgnum. Í skúffum náttborðins eru gjarnan geymd leyndarmál, myndir af gömlum elskhugum, smokkar, hálsmenið frá ömmu, dagbækur og fleira í þeim dúr. Náttborðið er þó fyrst og fremst heimili vekjarans, hann stendur þar og telur tímann allan sólahringinn og bíður þess að fá að vekja mann árla dags. Á sumum náttborðum standa innrammaðar ljósmyndir, lampar og falleg blóm. Viss leyndardómur hvílir yfir þeim og manni finnst að ef maður komist í návígi við þau upplýsi þau eitt og annað um eigenda sinn.








Klassískur, svartur útvarpsvekjari frá verslun Franc Michelsen, Laugavegi 15.



Sæt stjörnulaga klukka úr verslun Franch Michelsen, Laugavegi 15.





Klukka með gamaldags útliti sem er búið að poppa aðeins upp. Frá verslun Franch Michelsen.

# Alls konar klukkur

Þó nokkuð úrval er á vekjaraklukkum í verslunum í Reykjavík. Nær úrvalið alveg frá gamaldags vekjaraklukkum sem hringja eins og skólabjöllur yfir í útvarpsvekjara sem vekja okkur með ljúfum tónum eða fréttum, allt eftir því hvað er í gangi. Svo er líka hægt að finna klukkur sem spila lagstúf og eru öðruvísi í útliti en venjulegar klukkur. Í verslun Franch Michelsen og versluninni Birtu, sem báðar eru við Laugaveg, má finna mikið úrval af fallegum og skemmtilegum vekjaraklukkum.

Úrvalið er mikið í dag því það er mismunandi hverju fólk er að leita eftir. Sumir vilja að lítið fari fyrir klukkunni á meðan aðrir vilja einnig að þær passi inn í herbergið sem skraut. Svo er útvarpsvekjarinn alltaf vinsæll því bíp og hringingar eiga ekki við alla. Því má teljast öruggt að með öllu þessu úrvali finni allir eitthvað við sitt hæfi.

Á meðfylgjandi myndum má sjá brot af þeirri flóru sem finnst í verslununum.

Gamaldagsvekjaraklukka, bæði í útliti og hljóði. Frá versluninni



Lítil vekjaraklukka sem fer lítið fyrir. Vekur með skemmtilegu bípi. Úr versluninni Birtu.



Vekjaraklukka úr verslun Franch Michelsen með mjög gamaldags og fallegu yfirbragði.



Falleg kassalaga klukka sem fer mjög vel inn í svefnherberginu. Frá verslun Franch Michelsen.



Vekjarakluka með tölvustöfum. Einföld og nett. Úr versluninni Birtu, Laugavegi 33.



Nettur útvarpsvekjari úr versluninni Birtu.

# Doppur

Litrík barnaherbergi geta verið mjög skemmtileg og gaman er að leika sér þar að litum og formi. Til dæmis er hægt að prófa að mála doppur á veggina. Hægt er að nota kökuform til að mála eftir eða útbúa stensla með því að skera út hring í þykkan pappír. Þá er pappírinn límdur á vegginn og málað inn í með svampi svo málningin leki ekki út á vegginn og skemmi doppurnar. Þar að auki er hægt að láta útbúa hringlaga límmiða sem hægt er að líma á veggina.



NÚ ER ÞAÐ ÓDÝRT!

# Gullið tækifæri!

AF HVERJU AÐ BORGA MEIRA?

## Komdu í ORMSSON Smáralind og Akureyri



Dekor Kastanie/800
VERÐ FRÁ KR.:
186.100,-



Horizon/3000
VERÐ FRÁ KR.:
299.400,-



NÝTT!

Dekor Ramme Hvid Eg/2000
Endingargóð hvít eikarhúðuð innrétting sem í samspili við kassalaga og stílhreinar línur skápanna gefa eldhúsinu heillandi blæ.



NÝTT!

Soft Lud/KH
VERÐ FRÁ KR.:
199.900,-

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu



## SKÁPAR

Rennihurðir – Fataskápar

***Settu það saman*** býður einnig upp á skemmtilegar skápasamstæður með rennihurðunum vinsælu. Einfalt að flytja, einfalt í uppsetningu. Mikið og fallegt úrval.

*Bjóðum úrval vandaðra og gullfallegra innréttinga í eldhúsið og baðherbergið ásamt fataskápum í svefnherbergi og geymslur á **frábæru verði**.*

„***Settu það saman***" er ósamsetta línan frá HTH.
Enginn afgreiðslufrestur – Afhent beint af lager.*
Kynntu þér málið – þú sérð ekki eftir því!



Horizon Hvid/3000
VERÐ FRÁ KR.:
86.436,-



Dekor Ramme Hvid Eg/2000
VERÐ FRÁ KR.:
59.330,-

AEG
ELDHÚSPAKKINN



TILBOÐ!!
33%
afsláttur

ALLUR PAKKINN
99.900,-

*Enginn eða mjög stuttur afgreiðslufrestur. Sölumenn okkar veita allar nánari upplýsingar.
Birt með fyrirvara um innsláttarvillur í texta og verðum.

RADIONAUST
ORMSSON
FURUVÖLLUM · AKUREYRI
HTH-deild · SÍMI 461-5003

SETTU ÞAÐ SAMAN HTH

Opið virka daga frá 11-19, laugardaga frá 11–18 og sunnudaga frá 13–18.

ORMSSON
SMÁRALIND · SÍMI 530-2900



Heiður Anna og Brimir að leik í herbergi sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Sætur lítill stóll fyrir börnin.



Fallegur gamaldags dúkkuvagn.



Heiður heldur á kuðungi.

# Allt nema bleikt og blátt

*Júlía Sigurðardóttir og Búi Stefánsson búa í Laugarneshverfinu með tveimur börnum sínum, þeim Heiði og Brimi.*

Systkinin Heiður Anna, 5 ára, og Brimir, 2 ára, deila saman herbergi í sátt og samlyndi. Foreldrar þeirra létu þeim eftir hjónaherbergið þar sem þau sofa í koju.

Heiður er í efri kojunni en Brimir í þeirri neðri. „Hann er reyndar nýfarinn að sofa í kojunni, nýhættur að sofa í rimlarúmi," segir Júlía Sigurðardóttir, móðir þeirra. Aðspurð hvort sérstök hugsun hafi verið lögð í útlit herbergisins segir Júlía að svo sé ekki. „Herbergið er grænt og kremhvítt, en það var áður hjónaherbergi. Það var ágætt fyrir Heiði að fá smá tilbreytingu, hún var í hvítu herbergi," segir Júlía, en ítrekar að hún hafi ekki lagt mikla hugsun í þetta. „Mér finnst reyndar gaman að hafa liti, allt nema bleikt og blátt sem ýta undir kynjamótun. Ef nota á liti í barnaherbergið finnst mér sniðugra að hafa hlutlausa liti, eins og gulan eða grænan. Eða bara hvítan og skreyta með myndum," segir Júlía.

Gott skipulag er í herberginu, sem Júlía segir reyndar koma til af nauðsyn þar sem þau búi í litlu rými. „Við leigjum út hluta af húsnæðinu, þannig að við erum ekki með neina geymslu. Því förum við reglulega að gefa leikföng í Rauða krossinn," segir Júlía. Hún segir það ekki vera mikið mál að fá börnin til að gefa gömul leikföng. „Stelpan er mjög meðvituð að hún sé að fara að gefa börnum dótið sem geta nýtt þau seinna. Henni þykir vænna um leikföngin fyrir vikið."

Annað skipulag sem reynst hefur vel til að halda reglu á óreiðunni er að börnin gangi alltaf frá eftir sig. „Við erum með mjög ákveðnar reglur, ef börnin hætta að leika með eitthvað er gengið frá því áður en það næsta er tekið fram," segir Júlía og bætir við að ekki sé annað hægt en að setja svona reglur í takmörkuðu rými.



Dúkkuhúsi var breytt í hillur, þar sem það var í litilli notkun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Kuðungar og skeljar.

pgv

GLUGGI TIL FRAMTÍÐAR ...

- ENGIN MÁLNINGAVINNA
- HVORKI FÚI NÉ RYÐ
- FRÁBÆR HITA OG HLJÓÐEINANGRUN
- FALLEGT ÚTLIT
- MARGIR OPNUNARMÖGULEIKAR
- ÖRUGG VIND- OG VATNSÞÉTTING

PGV ehf. sérhæfir sig í smíði glugga, hurða, sólstofa og svalalokanna úr PVC-u

Öllum framleiðsluvörum PGV fylgir 10 ára ábyrgð

Gluggarnir eru viðhaldsfríir og á sambærilegum verðum og gluggar sem stöðugt þarfnast viðhalds

PGV ehf. | Bæjarhrauni 6 | 220 Hafnafjörður | Sími: 564 6080 | Fax: 564 6081 | www.pgv.is

# ég óska mér...



## Ballett fermingarstóllinn sem fær þig til að dansa!

Nettur, flottur og góður.
Passar alls staðar og til í þínum lit.
Vnr: BN60320RA (+litur)

**16.900 kr.**



## Gateway fartölva 465E

Örgjörvi: Intel Core Duo, 1,6 GHz
Vinnsluminni: 1024MB
Skjákort: 128MB
Harður diskur: 60GB
Skrifari: 8X DVD +/- RW Dual layer
Stýrikerfi: Microsoft Window XP Professional
Vnr: GWM465E

**159.900 kr.**



## Hátalari fyrir iPod og MP3 spilara

Magnaður hljómburður.
Gengur fyrir rafhlöðum og spennubreyti.
Taska utan um hátalarann fylgir en mjög auðvelt er að leggja hann saman. iPod fylgir ekki.
Vnr: 970159

**5.900 kr.**

HÖNNUN ODDI VOA6559

## LEYNIST GLÆSILEGUR VINNINGUR Í LUKKUEGGINU ÞÍNU?

Kauptu fyrir 5.000 kr. eða meira og fáðu LUKKUEGG í kaupbæti!

Ef heppnin er með þér getur þú unnið:
Ballet skrifborðsstól
Samsonite ferðatösku
Samsonite fartölvubakpoka
Bíómiða fyrir 2 í Smárabíó eða Regnbogann
Kók, snakk og súkkulaði



**Vinningur í öðru hverju eggi!**

ODDI
SKRIFSTOFUVÖRUR

Borgartúni 29 • Sími 515 5170 • Opið virka daga kl. 8-18 • laugardaga 11-16
Höfðabakka 3 • Sími 515 5105 • Opið virka daga kl. 8-18 • www.oddi.is



Bast er fallegt í svefnherbergið. Húsgögn frá Lambert.

Stóll með hvítri sessu frá Lambert.



Dökkur baststóll sem sómir sér vel í stofu, frá Lambert.

# Framandi blær

Basthúsgögn eru víða erlendis notuð utandyra en þau njóta sín jafn vel innandyra.



Bastrúm með austurlenskum blæ, frá Lambert.

Basthúsgögn eru sígild og hlýleg. Erlendis eru þau mikið notuð utandyra, en hérlendis henta þau vel innandyra og þá sérstaklega í svefnherbergið. Fallegt getur verið að hafa einn baststól í svefnherberginu sem nýtist til að sitja á, til að leggja frá sér fötin, eða bara til skrauts. Mikið er hannað og framleitt af basthúsgögnun hjá fyrirtækinu Lambert, en stefnan þar á bæ er að framleiða húsgögn þar sem gott handbragð og gæði haldast í hendur. Allt frá því að fyrirtækið var stofnað árið 1967 hefur það framleitt húsgögn sem eru aðeins meira en húsgögn. Þeim fylgir framandi blær og er þeim ætlað að vísa til hins ókunnuga og erlenda, fortíðar og hefða. Stefna fyrirtækisins er að framleiða húsgögn og muni sem gefa rýminu einstakan karakter og skapa vellíðan. Lambert telur að maður eigi að umvefja sig fallegum hlutum og leyfa rýminu að vaxa og dafna með í takt við eigin langanir og persónuleika. Þannig er áherslan lögð á persónulega og einstaklingsbundna innanhússhönnun. Mikil umhyggja er lögð í hvern hlut sem er hannaður og framleiddur hjá fyrirtækinu. Ekkert er verksmiðjuframleitt og mikið er lagt upp úr handbragðinu. Til dæmis eru öll glerljós sem koma frá fyrirtækinu úr munnblásnu gleri. Hver hlutur er því einstakur. Verslunin í gegnum glerið í Ármúlanum selur vörur frá fyrirtækinu og hefur gert í mörg ár.



Baststóll með dökkri leðursessu frá Lambert.


**Fermingartilboð**

**Kynnum nýjar gerðir af rúmum með 20% kynningarafslætti.**



Rafstillanleg rúm 120x200sm
með svæðaskiptri pokafjaðradýnu
Rétt verð kr. 118.000.
**Tilboðsverð kr. 94.400.-**



Hanson rúm með fjaðrandi rúmbotni,
svæðaskiptri pokafjaðradýnu og lúxus
yfirdýnu með hrosshárum
(án höfðagafls).120x200.
Verð kr. 110.600.
**Tilboðsverð kr. 88.480.-**

rúmco
Langholtsvegi 111,104 Rvk.
Sími 568 7900

**Opið:**
virka daga 11-18 • laugardaga 11-16.


# Svefnherbergið heilagur staður

Svefnherbergið er sá staður á heimilinu þar sem jafnvægi á að ríkja svo rýmið nýtist til slökunar. Feng Shui sérfræðingar segja mikilvægt að svefnherbergið endurspegli ekki hraðan lífstíl nútímafólksins heldur eigi herbergið að veita ró og vellíðan.

**SPEGLAR** Speglar eru mjög vandmeðfarnir í svefnherbergjum. Speglarnir ættu ekki að endurspegla rúmið því það getur kallað fram erfiðleika í hjónabandinu. Með speglum kemur ákveðinn óróleiki sem ekki er talinn góður fyrir svefnherbergi. Því er ráðlagt að hylja skápahurðir úr speglum á kvöldin þegar farið er að sofa en njóta orkunnar frá þeim á daginn.

**RÚMIÐ** Tvær dýnur í hjónarúmi vita ekki á gott. Með því fyrirkomu-





lagi er sköpuð gjá á milli elskenda. Betra þykir að höfuðgaflinn nemi við vegg og sé frekar voldugur þar sem gaflinum fylgir ákveðin öryggistilfinning. Best er ef dyrnar sjást frá rúminu en eru ekki beint á móti því.

**BIRTA OG LITIR** Heitir litir henta betur en kaldir í svefnherberginu og er varað við notkun sterkra lita. Kaldir litir eru taldir draga úr kynorku fólks og hlýju herbergisins. Birtan á að vera mjúk og lágstemmd og er mælt með notkun kerta til að skapa réttu stemninguna.

**SJÓNVÖRP** Það gefur augaleið að sjónvarp í svefnherbergi getur leitt til þess að rómantíkin dofni og að nætursvefninn styttist. Kjósi fólk að hafa sjónvarp í svefnherberginu er betra að hafa það í skáp sem má loka.

**VINNUAÐSTAÐA** Tölvur eða æfingabekkir tákna framkvæmdir. Ef enginn annar staður finnst er ráðlagt að hylja vinnuaðstöðuna þegar ekki er verið að nota hana, svo hún minni ekki á óunnin verkefni.

**LISTMUNIR** Veljið listmunina í svefnherbergið vel. Þeir ættu að skírskota til rómantíkur eða erótíkur. Myndir af einmana fólki eru ekki heppilegar því þær senda út röng skilaboð. Fólk í faðmlögum er mun gæfulegra og tveir listmunir hlið við hlið fela í sér sömu skilaboð.




NOVARTIS
CONSUMER HEALTH
Fæst án lyfseðils
Við vöðva- og liðverkjum
Voltaren Emulgel®
Díklófenak tvíetýlamín 11,6 mg/g
**Voltaren Emulgel®** er notað sem staðbundin útvortis meðferð við vöðva- og liðverkjum. Lyfið má ekki bera á skrámur, opin sár eða á exem, varist snertingu við augu og slímhúðir, notist einungis útvortis og má aldrei taka inn. Á meðgöngu skal ávalt leita ráða læknis eða lyfjafræðings áður en lyfið er notað, þó skal það ekki notað á síðasta þriðjungi meðgöngu. Lítil hætta er á ofskömmtun vegna útvortis notkunar lyfsins. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.
ARNARSON.TK · EMU-002-230305



Fallegt veggljós sem gefur mjúka birtu.

# Tilgangur lýsingarinnar mikilvægastur

Lýsing inni í svefnherbergjum getur skipt miklu máli. Mjög mikilvægt er að líða vel þar en geta jafnframt séð vel til. Í versluninni Ítölsk ljós við Síðumúla 33 eru til mörg falleg ljós. Hafsteinn Oddsson og eiginkona hans Anna Fanney Reinhardsdóttir hafa rekið búðina í yfir tuttugu ár og vita því upp á hár hvað hafa skal í huga þegar velja á ljós í svefnherbergið.

„Hægt er að skipta lýsingunni upp í þrjá flokka og fer það allt eftir því hvaða tilgangi ljósin eiga að þjóna,“ segir Hafsteinn. „Fyrsti flokkurinn er ljós á vegginn fyrir ofan rúmið sem eru með „dimmerum“ eða styrkleikabreytingum. Þessi ljós lýsa aðeins á þann sem er að lesa og lýsa því ekki upp allt herbergið. Þetta er mjög vinsælt og hentar vel fyrir hjón og pör því stundum vill annað lesa en hitt fara að sofa.“ Þar sem þessi ljós lýsa aðeins á lestrarhestinn getur hinn sofnað óáreittur.



Fallegur vegglampi sem gefur ekki of mikið ljós frá sér.



Vegglampi sem lýsir aðeins á þann sem er að lesa.

„Annar flokkurinn eru lampar á náttborðið sem eru aðallega hugsaðir sem skraut til að gefa herberginu fallegan svip. Þessir lampar lýsa herbergið meira upp en vegglamparnir. Svo er þriðji flokkurinn eiginlega skrifborðslampar á náttborðin. Fólk notar þá sem vinnuljós en þeir lýsa þó herbergið talsvert mikið upp.“ Þriðji flokkurinn af lömpum hentar því aðallega fólki sem tekur vinnuna með sér í rúmið.

Önnur lýsing í svefnherberginu er loftljósin. Það getur verið mikilvægt að velja rétt loftljós. Hafsteinn skiptir þeim í tvo flokka. „Ef fataskápar eru inni í svefnherberginu ráðlegg ég fólki að hafa góða lýsingu svo að fólk geti séð vel inn í skápana, til dæmis hvaða litur sé á sokkunum. Ef fólk er hins vegar með fataherbergi er ekki eins mikil þörf á að mikið ljós sé í herberginu. Loftljósið er þá meira notað sem skreyting og gönguljós og þarf þá ekki að lýsa eins vel upp.“

Verslunin hefur verið rekin síðan 1929 og kallaðist þá Rafmagn. Núna er það heiti undirnafn í dag en búðin kallast Ítölsk ljós og rafmagn. Þar eru þó eingöngu seld ljós og lampar frá ítalíu.



Borðlampi sem er fallegur í herbergið en gefur meiri birtu frá sér en vegglamparnir.





hansgrohe
ALLEGRA VARIARC
ALLEGRA VARIARC m. brúsu
ALLEGRA UNO
ALLEGRA CARLTON
ALLEGRA STARCK
ALLEGRA SLIM
ALLEGRA METROPOL
ALLEGRA PREMIA
ALLEGRA SPORTIVE
ALLEGRA STEEL
ALLEGRA STEEL m. brúsu
ALLEGRA ELEGANCE
blöndunartæki og vaskar
eldhús
FRANKE
STÁLVASKAR
ÍSLEIFUR JÓNSSON
Bolholti 4 · 105 Reykjavík
Sími, 568 0340 · www.isleifur.is



Ikea. Spöka næturljós. Verð krónur 1.290 krónur. Fæst í nokkrum litum og stærðum.



Ikea. Smila stjörnuveggljós. Verð krónur 790.



Ikea. Kura sænguhiminn. Verð krónur 1.490.

Tekk Vöruhús. Rúm fyrir sannar prinsessur með fallegum hvítum himni. Himininn kostar 19.900. Rúmið kostar 38.000 krónur. Náttborð kostar 23.600 krónur. Fataskápur 81.000 krónur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI





Tekk Vöruhús. Glæsileg koja með skemmtilegri lögun. Fæst bæði fyrir stráka og stelpur. Kojan án dýnu kostar 65.800. Fæst í nokkrum litum. Dýnurnar kosta frá 15.600 til 32.900.



Ikea Mammut stóll. Verð krónur 1.690.

## Ljós í myrkri

Litlar sálir geta hræðst myrkrið enda segir sagan að í myrkrinu búi alls kyns skrímsli og kynjaverur sem jafnvel taki sér bólfestu undir rúmum barna.

Til að róa lítil hjörtu getur verið sniðugt að setja upp næturljós sem gefa milda birtu frá sér og hræða á brott óboðna gesti og hjálpa til við góðan, áhyggjulausan svefn. Víða má fá næturljós sem stinga má í innstungur og nema við gólf og því geta litlar tásur tiplað að nóttu til án þess að rekast í borðfætur og meiða sig.



Trofast grind fyrir skúffur eða hillur. Verð krónur 7.950.



Glis kassar með loki. Verð krónur 390 stykkið.

## Á rúi og stúi

Í barnaherbergjum leynast margir smáhlutir sem erfitt er að hafa tölu á. Verst er þó þegar þessir smáhlutir og leikföng fara að dreifa úr sér út um allt húsið og flæðið virðist aldrei ætla enda að taka.

Með því að kaupa fallegur hirslur og geymslukassa í barnaherbergið getur barnið sjálft haft gaman af því að hafa hlutina í röð og reglu. Í Ikea fást margar fallegar hirslur í ýmsum stærðum og gerðum, margar hverjar bæði nytsamlegar ásamt því að vera skemmtilegar í barns augum.



# Töfraveröld barnsins

Barnaherbergið á að endurspegla persónu barnsins enda er herbergið heimur þess.

Úrval af barnahúsgögnum er mikið og fjölbreytt. Þegar kemur að því að innrétta barnaherbergið er gott að leyfa barninu að hafa skoðun líka á hvernig það á að líta út. Sumir þurfa lítil borð og stóla til að bjóða í teboð meðan aðrir þurfa ævintýralegri húsgögn til að fá útrás fyrir draumana sína.

Barnaherbergið er bæði svefnherbergi sem og leikherbergi og því gott að fara meðalveginn þar á milli í hönnun þess. Barnaherbergin geyma mikið af dóti og því er gott að gera ráð fyrir geymsluplássi og kaupa hirslur og geymslur fyrir dótið svo það barnið týnist ekki í dótafjallinu. Hægt er að fá rúm sem stækka með barninu svo ekki þurfi að kaupa nýtt rúm á hverju ári. Betra er að hafa minna en meira í herberginu og hugsa fyrir notagildinu í hverjum hlut sem er keyptur þangað inn.

Töfraveröld barnsins leynist í barnaherberginu þar sem ævintýrin gerast og hugurinn fer á flug.



Tekk Vöruhús. Fallegt skrifborð með skúffu og skrifborðsstóll. Borðið kostar krónur 58.600 og stólinn 23.800 krónur.



Tekk vöruhús. Hátt rúm með góðu geymslurými undir. Rennibrautin flýtir fyrir á morgnana og gæti verið uppspretta margra ævintýra. Áklæðin fáanleg í bleiku og bláu og rúmið fæst í nokkrum litum. Verð krónur 40.900 án dýnu. Rennibrautin kostar 29.000. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Ikea. Vikare stækkanlegt rúm. Hægt að fella niður höfða/fótagafl rúmsins, stillt eftir því sem barnið vex. Verð krónur 9.900.



Ikea. Kura rúm. Stækkar með barninu. Verð krónur 16.900.



Ikea. Diktad fjársjóðskassi. Verð krónur 9.450.



Tekk Vöruhús. Fallegt barnaborð með stólum. Hér má halda kaffiboð eða nýta borðið til fundarhalda fyrir ævintýraferðir. Borðið kostar 7.800. Bekkurinn kostar 9.500 og stóllinn kostar 7.000 krónur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


FERMINGARGJAFIR
PAKKFULL BÚÐ AF GRÆJUM Á GÓÐU VERÐI
JVC UXS1 Spilar CD-R/RW
MÍKRÓSAMSTÆÐA með MP3 geislaspilara og 10w RMS magnara með Bass Boost, RDS útvarpi með stöðvaminnum, Auto Reverse segulbandi og fjarstýringu.
VERÐ 14.990
FRÁBÆRT VERÐ
Lenco MDW3
Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, CD, CD-R/RW, (S)VCD og MP3
MÍKRÓSAMSTÆÐA með fjölkerfa DVD SPILARA, DolbyDigital og DTS, NTSC afspilun yfir í PAL, útvarpi með 120 stöðvaminnum, 2 hátölurum og bassaboxi, Scart og RCA tengi, Digital Optical og Coaxal útgangi, Aux Inn, heyrnartólstengi, glerstandi og fjarstýringu.
DVD VIDEO
TILBOÐ 16.990
FULLT VERÐ kr. 19.990
SPILAR MP3 DISKA
JVC UXG3 Spilar CD-R/RW
MÍKRÓSAMSTÆÐA með MP3 geislaspilara og 50w RMS magnara, RDS útvarpi með stöðvaminnum, Aux tengi, Auto Reverse segulbandi og fjarstýringu.
VERÐ 19.990
FRÁBÆRT VERÐ
PHILIPS FWM37
Mini SAMSTÆÐA með 2x120w (2x60 RMS) MAX Sound magnara, 3ja diska geislaspilara með MP3 afspilun, RDS útvarpi með stöðvaminnum, forstilltum DSC tónjafnara, öflugum 3-way hátölurum og fjarstýringu.
TILBOÐ 24.990
FULLT VERÐ kr. 29.990
SPILAR MP3 DISKA
PHILIPS MCD510
Spilar DVD, DVD+R/RW og (S)VCD Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA, JPEG
2x50w MÍKRÓSAMSTÆÐA með fjölkerfa DVD spilara, Dolby Digital og DTS út, Digital Sound Control og Dynamic Bass Boost, útvarpi með stöðvaminnum, Component, SVHS og CVBS tengi, Digital Coaxal tengi, útgangi fyrir subwoofer, Aux, heyrnartólstengi, segulbandi, vönduðum viðarhátölurum og fjarstýringu.
DVD VIDEO
TILBOÐ 29.990
FULLT VERÐ kr. 39.990
SPILAR MP3 DISKA
PHILIPS MCM11
2x150w MÍKRÓSAMSTÆÐA með MP3 geislaspilara, segulbandi og útvarpi með stöðvaminnum, D klassa stafrænum magnara, 2x150w, 2 way viðarhátölurum, klukku, vekjara og fjarstýringu.
VERÐ 39.990
FRÁBÆRT VERÐ
SPILAR MP3 DISKA
HEIMABÍÓSETT
SPILAR DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, VCD, SVCD SPILAR CD, CD-R/RW, MP3/WMA OG JPEG
PHILIPS HTS3300 DVD VIDEO
HEIMABÍÓKERFI með fjölkerfa DVD spilara, 300w (4x40+2x70w RMS) Digital magnara, 5 litlum hátölurum og bassaboxi, 4x Video Upsampling, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro Logic II, FM útvarpi með stöðvaminnum og fjarstýringu.
TILBOÐ 19.990
FULLT VERÐ kr. 29.990
DIVX VIDEO
DVD VIDEO
JVC THS11
Spilar DivX, DVD, DVD-R/RW, CD-R/RW, VCD/SVCD, MP3 og JPEG
HEIMABÍÓKERFI með fjölkerfa DVD spilara, 5x52w magnara og 52w bassa, 5 litlum umhverfishátölurum og bassaboxi, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro Logic II, NTSC afspilun á PAL sjónvarpi, RDS útvarpi með FM og 30 stöðvaminnum, SCART með RGB og fjarstýring.
TILBOÐ 24.990
FULLT VERÐ kr. 29.990
DIVX VIDEO
DVD VIDEO
JVC THS55
Spilar DVD-Video/Audio, DVD-R/RW/RAM, CD-R/RW, VCD/SVCD, MP3/WMA, DivX, MPEG4 og JPEG
HEIMABÍÓKERFI með fjölkerfa DiVX DVD spilara, 3x140w og 3x130w Dolby Digital/DTS magnara, 5 umhverfishátölurum og bassaboxi, Progressive Scan, Dolby Pro Logic II, NTSC afspilun á PAL sjónvarp, RDS FM útvarp með stöðvaminnum, SCART með RGB og fjarstýringu.
TILBOÐ 39.990
FULLT VERÐ kr. 44.990
Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og VCD/SVCD – Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG
JVC QPD25DVD DVD VIDEO
HEIMABÍÓKERFI með fjölkerfa DivX DVD spilara og 5x60w magnara, Dolby Digital og DTS, Dolby Pro-Logic II, DVD-Multi Channel Audio, RDS útvarpi með 30 stöðvaminnum, 3 Optical in og optical út, coaxal in, 3 Video og SVHS inn- og 4 útgöngum, Digital Direct Progressive Scan, NTSC afspilun yfir í Pal, Scart (með RGB), RCA og Component (Y, Pb, Pr) tengi, Digital Coaxial tengi, 4 súlugólfhátölurum og miðju, bassa með innbyggðum 60w magnara og fjarstýringu.
VERÐ 69.990
FRÁBÆRT VERÐ
HEIMABÍÓPAKKI
Dantax
NEW CENTURY
150w fram- og 100w miðju- og bakhátalarar.
JVC RX5032 DOLBY DIGITAL
5x100w Dolby Digital DTS ÚTVARPSMAGNARI með Dolby Pro Logic II, 3D Phonic og All Ch. Stereó, RDS útvarpi með 30 stöðvaminnum, 5 hljóðinngöngum og 2 útgangar, 2 video inn- og útgöngum, Optical og Coaxal inngöngum og fjarstýringu.
TILBOÐ 59.990
FULLT VERÐ kr. 90.990
JVC XVN212 DVD VIDEO
Fjölkerfa DVD SPILARI.
Alltaf gæði og góð kaup!
1971 - 2006
Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Þristur, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Ljósgjafinn, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: KF Héraðsbúa, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Neskaupsstað. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Turnbræður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Verslunin Vík, Reyðarfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. Brimnes, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspítalinn, Grindavík. Rafeindatækni, Keflavík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði. Rafmætti, Hafnarfirði.


Ítalskt rúm undir amerískar rúmdýnur.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


Rúmgaflinn, kistann og náttborðið eru allt íslenskt framleiðsla. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


Rúmgafl úr fallegum kirsuberjaviði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Íslenskur bólstraður leðurgafl

Amerískar rúmdýnur njóta vinsælda en verslunin Kósý selur dýnur frá hinu virta merki Simmons. Einnig fást þar rúmgaflar og rúm sem henta amerískum dýnum.

Kósý húsgögn selja amerísku rúmdýnurnar frá Simmons sem þekktar eru fyrir einstök gæði og hlotið hafa fjölda viðurkenninga. Dýnurnar sem seldar eru hjá Kósý heita Beauty rest þar sem hver gormur í dýnunni er einstakur og sérstaklega klæddur, þannig að hreyfingin milli einstaklinga er algerlega í lágmarki. Ekki þarf nokkurn tímann að snúa dýnunum, og eru þær með sérstyrktum hliðarköntum með stífari gormum. Jafnframt eru öll efni sem notuð eru


Simmons beauty rest rúmdýna með ítölskum gafli úr antik kirsuberjaviði.

í dýnurnar ofnæmisprófuð og eiga ekki að innihalda nein ofnæmisvaldandi efni. Dýnurnar eru seldar með grind en í versluninni er jafnframt mikið úrval af fallegum ítölskum og íslenskum rúmgöflum sem hægt er að festa við dýnurnar. Reyndar segja starfsmenn verslunarinnar að best sé að festa rúmgaflinn á vegginn en ekki sjálfa dýnuna, ef fólk hefur tök á því. Bólstruðu leðurgaflarnir hafa verið sérstaklega vinsælir, en þeir eru íslensk framleiðsla og hægt að sérpanta þá og velja um ólíka liti. Gafl sem passar á king size dýnu kostar um 65.000 kr. Aðrir gaflar sem fást í versluninni eru frá Ítalíu og eru flestir úr antik kirsuberjaviði. Bæði eru til höfuðgaflar og heil rúm sem hægt er að setja dýnurnar í.


Bólstraður leðurgafl. Gaflinn er sérsmíðaður á Íslandi fyrir Kósý húsgögn.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI





1928
VERSLUN • VÖRUHÚS
www.1928.is
SÍGILD OG FALLEG HÚSGÖGN Í LJÓSUM LIT
LANGUR LAUGARDAGUR
LÁGT VERÐ
FERMINGAR NÁLGAST
Veggkertastjaki
KR. 2.500
NÚ 1.900
Hornsófaborð m/ hillu og skúffu
60x60x47cm
KR. 15.500
NÚ 7.900
Sófaborð með hillu og skúffu
1200x600x470 cm
KR. 24.500 NÚ 9.900
Funkistóll
KR. 29.900
NÚ 19.900
Skammel 5.900
Sporöskjulaga borð m/ skúffu og hillu.
54x43x70cm
KR. 12.900
NÚ 9.900
Glerskápur
47x5x35,5x190cm
KR. 29.900
NÚ 23.000
Bókaskápur m/ skúffu
80x39x187cm
KR. 39.900
NÚ 31.000
Sófaborð m/blaðahillu og skúffu
81x43x55cm
KR. 13.900
NÚ 11.000
Kommóða
52,5x36x95cm
KR. 29.900
NÚ 23.000
Náttborð m/skúffu og blaðahillu
55x39x76cm
KR. 19.700
NÚ 15.900
Náttborð
40x38x64cm
KR. 15.700 NÚ 12.900
Kommóða
89x42x90cm
KR. 39.000 NÚ 31.000
Náttborð
34x30x76cm
KR. 15.000
NÚ 12.000
Hálfmáni m/ lyklaskúffu og hillu
83,5x35x76cm
KR. 15.900 NÚ 12.900
Kollur/blómaborð
36x30x46,5cm
KR. 6.900
NÚ 5.500
Innskotsborð 3 saman
L 52x45x51cm
M 39x39x47cm
S 27x33,5x43cm
KR. 17.000 NÚ 9.900
Gangaborð/ Snyrtiborð
85x42x78cm
KR. 23.000
NÚ 19.000
80x99x55cm
KR. 11.500
NÚ 9.000
94,5x61x18cm
KR. 16.900 NÚ 13.500
Laugavegi 20b • Sími 552 2515 • Auðbrekku 1 • Sími 544 4480
opid 10-18 mán til fös 11-17 lau 13-15 sun



# Gjöfin vex í pakkanum

**5.000 kr. verða 7.000 kr.**

Vildarviðskiptavinur Sparisjóðsins sem gefur fermingarbarni 5.000 króna gjafabréf í Framtíðarsjóð Sparisjóðsins eða meira fær 2.000 króna viðbót við gjöfina frá Sparisjóðnum. Gefðu gjöf sem stækkar í pakkanum!

**Framtíðarsjóður**

- Ber hæstu vexti almennra innlánsreikninga
- Engin lágmarksinnborgun
- Verðtryggður
- Bundinn til 18 ára aldurs
- Kjör haldast óbreytt þótt innstæða sé ekki tekin út við 18 ára aldur

Kíktu á spar.is og reiknaðu út ávöxtun á sparnaði í Framtíðarsjóði Sparisjóðsins.

SPARISJÓÐURINN
– *fyrir framtíðina*

Fiton/SÍA F116713



Hár gafl getur verið mjög flottur þar sem hátt er til lofts.



Fallegur austurlenskur gafl. Til að útbúa svona gafl er hægt að verða sér úti um frístandandi skilrúm og breyta því í gafl.

# Rammar inn rúmið

Rúmgafl gefur rúminu og svefnherberginu mikinn svip.

Færst hefur í vöxt að fólk kaupi sér stórar og þykkar rúmdýnur sem standa á grind, en ekki í rúmi. Fyrir vikið er ekki rúmgafl á dýnunum, sem getur verið óþægilegt. Rúmgafl gefur rúminu mikinn svip, auk þess sem þægilegt getur verið að sitja upp við hann með púða þegar lesið er í rúminu. Mikið er til af smíðaverkstæðum og alls konar smiðjum sem geta aðstoðað fólk við útbúa hvernig rúmgafl sem er. Vinsælt hefur verið að bólstra spónaplötu með hvítu eða svörtu leðri, en það er líka hægt að bólstra hana með svampi og einhverju fallegu efni. Fólk á að leyfa hugmyndafluginu og persónulegum stíl að ráða för þegar það velur eða býr til rúmgafl. Þess vegna er hægt að útbúa rúmgafl úr spegli og láta skera hann út, eða úr gleri og líma á það sandblásna filmu með mynstri. Ekki er heldur vitlaust hugmynd að láta skera út mynstur í mdf-plötu og láta svo sprautulakka hana í fallegum lit. Þar að auki er hægt að útbúa gervigafl með því að veggfóðra eða mála í rýmið þar sem annars væri gafl. Það getur verið mjög smart, en ekki eins þægilegt að sitja við.



Í stað þess að hafa gafl er hægt að mála mynd á vegginn.


Sigtún 40
RISASTÓR
MARKAÐUR
með geisladiska, DVD, músik og myndir
Opnar sunnudaginn 2. apríl kl. 12.00
í Sigtúni 40 (gamla Blómaval)
DVD
Kr. 899.-
DVD
Kr. 899.-
VHS
Kr. 699.-
VHS
Kr. 899.-
VHS
Kr. 699.-
5 CD
Kr. 1.999.-
5 CD
Kr. 1.999.-
5 CD
Kr. 1.999.-
5 CD
Kr. 1.999.-
5 CD
Kr. 1.999.-
5 CD
Kr. 1.999.-
5 CD
Kr. 1.999.-
5 CD
Kr. 1.999.-
5 CD
Kr. 1.999.-
5 CD
Kr. 1.999.-
5 CD
Kr. 1.999.-
5 CD
Kr. 1.999.-
Kr. 699.-
Kr. 699.-
Kr. 699.-
Kr. 699.-
Kr. 699.-
Kr. 699.-
Kr. 699.-
Kr. 699.-
Kr. 699.-
Kr. 699.-
Kr. 699.-
Kr. 999.-
Kr. 999.-
NÝTT
Kr. 1.199.-
Kr. 1.399.-
Kr. 499.-
Kr. 999.-
Kr. 999.-
Kr. 1.499.-
Opið alla
virka daga
frá 12.00 - 18.00
BERGVÍK
12 Tónar
Músik ehf
MÚSIK & MYNDIR



AFSLÁTTUR 40 % AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR

## TORINO

LEÐURSÓFAR OG LEÐURSTÓLAR

| | | | |
|---|---|---|---|
| 2,5 sæta | 88.000 | áður | 52.800 |
| 3ja sæta | 98.000 | áður | 58.800 |
| 4ra sæta | 118.000 | áður | 70.800 |
| leðurstóll | 58.000 | áður | 34.800 |
| skemill | 29.000 | áður | 17.400 |






AFSLÁTTUR 50 % AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR

## TICKER

LEÐURSÓFAR OG LEÐURSTÓLAR

| | | | |
|---|---|---|---|
| 3ja sæta | 62.000 kr. | áður | 124.000 kr. |
| 2.5 sæta | 54.000 kr. | áður | 108.000 kr. |
| stóll | 37.000 kr. | áður | 74.000 kr. |

AFSLÁTTUR 50 % AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR

## PRINCESS+TYPHOON

BORÐSTOFUBORÐ (200X90 cm)
6 LEÐURSTÓLAR

VERÐ NÚ 66.500 kr.
Áður 133.000 kr.







AFSLÁTTUR 50 % AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR

## VINTAGE

SKRIF- / TÖLVUBORÐ

VERÐ NÚ 21.500 kr.
Áður 43.000 kr.

## COSMO

LEÐURSTÓLL

VERÐ NÚ 17.500 kr.
Áður 35.000 kr.

AFSLÁTTUR 50 % AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR

## NIMFA

BASTSTÓLL

VERÐ NÚ 14.500 kr.
Áður 29.000 kr.

# ÞETTA ER GRÍN EN EKKI GABB

ÓTRÚLEG TILBOÐ ÚT APRÍL

FABRIKAN

TEKK COMPANY

OPIÐ LAUGARDAG 10-16 OG SUNNUDAG 13-16

BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS | WWW.TEKK.IS

operator Looking for crane operator to work on our crane in Reykjavik Also looking for fitters and weld- Hamar ehf. Tel: 00354-6603600

maður óskast Kranamaður óskast nu á krana í Reykjavíkursvæðinu. a stað er óskað eftir vélvirkjum og niðum. Erum að taka inn efnilega . Hamar ehf. 660 3600, Kári.

útboð. Erum að leita eftir tré- um í mótauppslátt, járnabindingar, agningarmönnum, og rafvirkjum taka þátt í lokuðu útboði við uppgu tveggja stálgrindarhúsa í ná- i Keflavíkur. Áhugasamir sendi póst á ernst@hamar.is

kur hönnuður óskast til að hanna a til auglýsingarborða (bannera) efsíðu. Áhugasamir hafi samband a 511 2090.

## vinna óskast

iðir óska eftir vinnu. Vanir gips, ti o.fl. Vilja mikla vinnu. S. 661 & 824 2926.

**Leigubifreiðastjórar**
eftir að kaupa eða taka á leigu leyfi fyrir leigubifreið, veikindi eða rfrí. Löng reynsla í krókaleyfum. sendist til Fbl, Skaftahlíð 24 merkt

## ðskiptatækifæri

yrtir óskast. Mikil verkefni og gott umhverfi. Fagmenska og gott við- r algert skilyrði. Nánari upplýsing- efur Unnur Rán Reynisdóttir rtimeistari í síma 552 1375 og á rran@gmail.com

**Leitar þú að öryggi?**
lu góðu til leiðar og skapaðu þér tekjur í leiðinni: www.Gott- om.

**Fyrir alla!**
tækifærið ekki framhjá þér fara: u þér málið á www.FyrirAlla.com

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

Aðalfundur. Ættingjabandsins, Ættingja- og vinasambands heimilisfólks á Hrafnistu í Reykjavík verður haldinn á Helgafelli, 4. hæð á Hrafnistu í Reykjavík, mánudaginn 3. apríl n.k. kl. 20:00.Dagskrá: Siv Friðleifsdóttir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, flytur ávarp. Venjuleg aðalfundarstörf. Kaffiveitingar. VERUM VIRK - TÖKUM ÞÁTT - SJÁUMST HRESS. Stjórnin.

## Ýmislegt

Vantar ykkur tónlistarmenn, skemmtikrafta fyrir þorrablótið, árshátíðirnar, afmæli, tónleika, þemadaga, 17. júni hátíðarhöld eða aðrar skemmtanir. Á skrá hjá okkur eru m.a. fremstu tónlistarmenn og skemmtikraftar landsins. Höfum áratuga reynslu af skemmtanahaldi. Leigjum einnig út samkvæmistjöld, útvegum matvörur, grill og þjónustufólk ef áhugi er fyrir slíku. Símar 586 9000 & 821 9903 Netfang orlygur@tenor.is

Hefur þú séð auglýsinguna í Birtu frá Ice Atlantic.

allt atvinna
Alla sunnudaga

Fasteignasala GÓ 421-8111
Hafnargötu 79 • Reykjanesbæ • Sími 421-8111 • www.fasteign.com

EKRUSMÁRI 5 – KÓP. – OPIÐ HÚS




Nýkomið í einkasölu raðhús við Ekrusmára í Kóp., arkitekt Kjartan Sveinsson. 1½ hæð, samtals 169m², m. bílsk. Skemmtilega skipulögð eign að innan, hönnuður: Ómar Sigurbergsson. 3 sv.herb. Síma og sjónvarpstenglar í herb. Sérsmíðaðar innrétt. úr rauðeik, innihurðir rauðeik. Lýsing frá Lúmex. Vandað parket og steinskífur. Útihurð og bílskúrshurðir úr mahóní. Hitalögn er í öllum flísalögðum gólfum. Sólverönd með heitum potti. Lóðin er afar vel úr garði gerð, steinabeð og gróður vel skipulagt, landsl.arkitekt Eiður P. Birgisson. Hvar sem á eignina er litið er allt tækja- og efnisval af vandaðri gerð og frág. góður. **Verð 47 millj.**

OPIÐ HÚS laugard. 1. apr. kl. 16:30–18:00

FASTEIGNASALA G.Ó. Símar 421 8111 • 892 0125
www.fasteign.com
Gunnar Ólafsson löggiltur fasteigna- og skipasali
Frum

**OPIÐ HÚS**
Laugardag 01.04.2006 14.00-16.00
Sunnudag 02.04.2006 14.00-16.00




Fasteignasalan Bakki
Sigtún 2 Selfossi
Sími 482-4000
www.bakki.com

Árni Valdimarsson lögg.fasteignasali

Við Smáratún nr. 10 á Selfossi stendur þetta virðulega 193,6m2 einbýlishús á 2 hæðum byggt 1955 auk bílskúrs sem er 24,9m2 byggður 1971. Húsið hefur verið klætt að utan með STO klæðningu og einangrað en það var gert uppúr 1990 og lítur húsið ljómandi vel út . Á efri hæð eru 2 rúmgóð svefnherbergi, stofa og borðstofa, eldhús og baðherbergi en á neðri hæð eru 3 svefnherbergi auk stofu baðherbergis, geymslu og þvottahús. Gott risloft eða geymsluloft er fyrir ofan aðra hæð. Góðar svalir út af stofu á annarri hæð sem gott er að grilla á. Lóðin er afar gróin og falleg og hefur verið kosin fallegasta lóð bæjarins. Auðvelt er að útbúa séríbúð á neðri hæð. Ásett verð er 30,5 millj.Uppl.hjá sölumanni í síma 899-5466 og eiganda í s.895-8428.

# ATVINNA

BLIKKSMIÐJAN VÍK

Óskar eftir að ráða blikksmið eða mann vanan blikksmíði sem allra fyrst.

**Upplýsingar veitir Eyjólfur í síma 557-1580 og 699-1204.**

Opið hús í dag á milli 16 og 18
Bæjargil 56 - Garðabæ



Frum



# TILKYNNINGAR

## ELDRI BORGARAR

## FERÐAKLÚBBUR ELDRI BORGARA

**Nú er hver að verða síðastur að skrá sig í Færeyjarferðina okkar sem verður farin dagana 30. maí til 9. júní 2006.**

**0. maí** - Ekið til Akureyrar og gist þar.
**1. maí** - Ekið Akureyri - Seyðisfjörður.
**. júní til 7. júní** - Færeyjar Þórshöfn - Leirvík - lakksvík - Viðoy - Kunoy - Runnavík - Gjögv - Eiði - örnuvík - Vágar - Vestmannabjörg - Sandeyjar -

Magnús Emilsson löggiltur fasteignasali

ann að
þína

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA

Fasteignasala
snýst ekki bara
um fasteignir...
...heldur líka um fólk

fnarfirði • Sími 520 7500 • Fax 520 7501 • hraunhamar@hraunhamar.is • www.hraunhamar.is

# ag á milli kl. 15 og 17

# Garðabæ

a þetta stórglæsilega fullbúna endaraðhús sem ga. Fallegt útsýni er af efri hæð. Innbyggður bíl- erbergi. Gegnheilt eikarplankaparket er á flestum innbyggðri halógenlýsingu. Hellulögð verönd og Hellulögð innkeyrsla með snjóbræðslu. Sjón er kipta um veðurkápu á húsinu. **Verð 52,5 millj.**

**Hraunhamars verða á staðnum**









® KÓPAVOGUR

ÞITT - *líf* - ÞINN *ferill* - ÞÍN *leið*







**Verð: 27,9 millj**
Stærð: 121,4 m²
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 2004
Brunabótamat: 22.920.000
Bílskúr: 36 m²

15.30

í suðurbyggð á Selfossi. Eignin skiptist í Forstofu með rðstofu með hnotuparketi á gólfi. Eldhús með flísum á legt baðherbergi með flísum í hólf og gólf, sturta með ergi og hjónaherbergi með hnotuparketi á gólfi. Öll ljós í eru fjarstýrð. Glæsileg nýstandsett eign!

RE/MAX KÓPAVOGUR



Þórarinn Jónsson hdl.
lögg. fasteignasali



Gunnar
Sölufulltrúi
**822 3702**
gv@remax.is



Konráð
Sölufulltrúi
**822 0491**
konrad@remax.is







## Fossvegur 4

800 Selfoss
Opið hús Í DAG kl. 16.00 -16.30

**Verð: 15,9 millj**
Stærð: 79 m²
Fjöldi herbergja: 2-3
Byggingarár: 2002
Brunabótamat: 16.250.000

Glæsilega 2-3 herbergja íbúð á jarðahæð á þessum vinsæla stað við Fossveg á Selfossi. Komið er inn í góða forstofu með skápum, innaf forstofu er lítið forstofuherbergi. Baðherbergi er með góðum innréttingum og sturtu. Hjónaherbergið er mjög rúmgott og með góðum skápum. Eldhúsið er opið inn í stofu og er borðkrókur. Stofan er rúmgóð og með útgengi í hellulagðan sérgarð með heitum potti. Flísar eru á gólfum. Geymsla sem tilheyrir íbúðinni er í kjallara.

RE/MAX KÓPAVOGUR



Þórarinn Jónsson hdl.
lögg. fasteignasali



Konráð
Sölufulltrúi
**822 0491**
konrad@remax.is



Gunnar
Sölufulltrúi
**822 3702**
gv@remax.is

## VISSIR ÞÚ...

...að um 240 milljónir manna leika knattspyrnu reglulega?

...að knattspyrna er leikin í yfir 200 löndum?

...að nútíma knattspyrnureglur eiga rætur sínar að rekja til Englands?

...að fyrstir til að setja þessar reglur á prennt og reyna að samræma þær voru breskir háskólanemar?

...að þetta var árið 1848?

...að þá hittust fulltrúar Eton, Harrow, Rugby, Winchester og Shrewsbury háskóla og samræmdu reglurnar?

...að þetta gerðist í Trinity-Háskólanum í Cambridge?

...að 1863 stofnuðu Bretar fyrsta knattspyrnusambandið (FA) í London?

...að fyrir tilstuðlan þess voru fyrstu heildstæðu reglurnar fyrir knattspyrnu festar á blað?

...að ekki voru allir á eitt sáttir? Meðal þess sem fulltrúar Shrewsbury-háskóla sættu sig ekki við var að bannað var að nota hendurnar og bannað var að sparka aftan í menn, grípa um þá og halda þeim niðri.

...að Shrewsbury-háskóli, ásamt ýmsum öðrum, stofnaði rúgbísambandið?

...að árið 1886 var stofnuð svokölluð International Football Association Board (IFAB), en hún sér um að ákveða leikreglur í knattspyrnu?


Madonna Ristorante

**Þriggja rétta matseðill**

| | Verð fyrir einrétta | Verð fyrir þrírétta |
|---|---|---|
| *Okkar rómaða humarsúpa* | 990 | |
| *Steiktur skötuselur með hvítvínssósu* | 3.390 | 4.390 |
| *Kjúklingabringa „a la Italiana“* | 2.950 | 3.890 |
| *Lambafillet með sherrybættri sveppasósu* | 3.390 | 4.390 |
| *Nautalundir með Chateubriandsósu* | 3.700 | 4.690 |
| *Súkkulaðifrauð* | 790 | |

*Einnig úrval annarra rétta á „a la Cartseðli“*

*Veitingahúsið Madonna / Rauðarárstíg 27-29*
*Borðapantanir í síma 562 1988 • Madonna síðan 1987 • www.madonna.is*



**LANGUR LAUGARDAGUR**




DIESEL FOR SUCCESSFUL LIVING - DAGAR
10% AFSL. AF DIESEL GALLABUXUM Í 7 DAGA

gs skór eva gallerí sautján Kultur menn DIESEL barnadeild

verið velkomin Laugavegi 89-91 opið laugardag 11 - 17



**Öskrandi fjör**
*á Classic Rock í kvöld*



STUÐBANDALAGIÐ

Classic ROCK SPORTBAR
Ármúla 5 • S:568 3590








# Blessuð sértu borgin mín!

## Borgaraþing í Tjarnarsalnum í Ráðhúsi Reykjavíkur, 1. apríl, 2006

Fjölmörg íbúasamtök Reykjavíkur standa saman að borgaraþingi um borgina okkar laugardaginn 1. apríl og það er ekkert gabb!

*Tekin verða fyrir margvísleg efni:*

| | |
|---|---|
| ÍBÚALÝÐRÆÐI | Gauti Kristmannsson |
| REYKJAVÍK Í ÖÐRU LJÓSI! | Hrafn Gunnlaugsson |
| UMHVERFI OG SKIPULAG | Pétur H. Ármannsson |
| BORGARHAGFRÆÐIN | Þorvaldur Gylfason |
| BORGARMENNINGIN | Þorsteinn J. Vilhjálmsson |
| UMHVERFI OG VELLÍÐAN | Kristín Þorleifsdóttir |
| SJÁLFSMYND REYKVÍKINGA | Eggert Þór Bernharðsson |

Við þinglok verða pallborðsumræður þar sem formenn íbúasamtaka og fulltrúar flokkanna sem fram bjóða til borgarstjórnar taka þátt.

Fundarstjóri verður Hildur Helga Sigurðardóttir

Þingið hefst kl.10 og lýkur kl. 15 og verða bæði kaffi- og hádegishlé.

Með þessu þingi fá Reykvíkingar tækifæri til að móta hugmyndir um borgina sína og segja forsvarsmönnum sínum frá því á staðnum. Við hvetjum alla sem áhuga hafa á borginni sem bústað okkar allra til að koma og taka þátt.
Aðgangur er ókeypis.

**Íbúasamtök Grafarvogs, Íbúasamtök Laugardals, Íbúasamtök Vesturbæjar, Íbúasamtök 3. hverfis, Samtök um betri byggð.**



**SÉÐ INN Í BÚDDAHOF** Í Luang Prabang í Laos.



**VERÐANDI MUNKAR** Ungir drengir í Mongólíu nema munkafræði.

## Gestrisni og háskaflug

Ævintýri eru á hverju strái þegar kona ferðast ein um heiminn og það þekkir Eliza af eigin raun.

„Ég var á búðarölti í Kasakstan þegar ég lenti á tali við búðarkonu sem skildi nánast enga ensku. Þarna var ég trúlofuð Guðna og gifting fram undan svo allir vildu vita hvenær brúðkaupið færi fram og vildu skála fyrir frjósemi okkar og ófæddum sonum. Eftir hálftíma bauð hún mér heim til sín í kvöldverð svo ég kom við á netkaffihúsi til að láta Guðna vita um ferðir mínar, svo hann vissi hvar til mín hafði sést síðast,“ segir Eliza hláturmild.

„Konan bjó í dæmigerðri sovéskri úthverfablokk með eiginmanni og fjórum sonum og heimilið bar þess merki að fjárráð væru af skornum skammti, en þarna elduðu þau glæsilega máltíð með alls kyns dásamlegum mat og vitaskuld vodka, sem eru sovésk áhrif þótt strangtrúaðir múslimar drekki ekki vín, og eftir matinn buðu þau mér að gista á gólfinu hjá sér, sem ég og þáði,“ segir Eliza um þessa góðu vini og minnist fleiri óvæntra ævintýra.

„Ég svaf aftan í jeppa í Gobieyðimörkinni í Mongólíu í heila viku. Þar hitti ég tvo útlendinga á kameldýrum, en konan reyndist vera frá Kanada, nánar tiltekið sama litla þorpinu og ég, úr næstu götu þar sem ég ólst upp. Kom upp úr dúrnum að við þekktum sama fólkið, en mér fannst þetta tákn um hve heimurinn er smár, þótt stundin væri súrrealísk þá,“ segir Eliza glöð í bragði.

„Frá eyðimörkinni ákvað ég að fljúga til baka. Ég hafði heyrt hræðslusögur um flugfélög í þróunarlöndum og hafði áður tekið flug í Úsbekistan, en þarna stóð ég frammi fyrir hrörlegri sovéskri Antonov-vél sem flaug þessa leið einu sinni í viku og mjög dæmigerð fyrir þann flugkost sem ég hafði séð fyrir mér úr hræðslusögunum. Landgangurinn var skítugur, sum flugsætin á hliðinni, engin formleg farþegaskráning og ekkert starfsfólk sjáanlegt um borð. Aðrir farþegar voru tveir ástralskir verkfræðingar sem hristu hausinn en sögðu að meiri líkur væru á bílslysi í bakaleiðinni og engin önnur leið fær. Svo skrölti vélin af stað og hóf sig til flugs, en þá birtist úr flugstjórnarklefanum flugþjónn með morgunsnakk; vodkaskot eins og hver gat í sig látið. Ég ákvað að taka minn væna skammt af vodkanu því mér fannst skárri tilhugsun að vera aðeins kennd ef flugvélin skyldi hrapa,“ segir Eliza og hlær dátt að minningunni eftir á.

„Frá Mongólíu fór ég til Japan og kom til Tókýó eftir tveggja tíma lestarseinkun klukkan tvö að nóttu. Ég átti hvergi bókaða gistingu en starfskona í lestinni bauðst til að lána mér GSM-símann sinn í leit að gistingu, þótt sjálf hefði ég hugsað mér að finna netkaffihús og hanga til morguns. Þá bauð hún mér að koma heim með sér, sem reyndist vera á einhvers konar kvennaheimavist þar sem gestir voru stranglega bannaðir. Ég varð því að læðupúkast með risastóran bakpoka inn á herbergi hennar þar sem hún náði í vinkonu sína um miðja nótt og þær útbjuggu dýrindis máltíð handa mér og bjuggu mér rúm fyrir nóttina,“ segir Eliza um þá ótrúlegu gestrisni sem alls staðar mætti henni á þessu þriggja mánaða ferðalagi hennar um Asíu.

## Sátt og samlyndi

Og Eliza er hvergi hætt að ferðast; þegar byrjuð að skipuleggja tveggja mánaða ferðalag um Afríku þar sem hún hyggst heimsækja Gambíu, Senegal, Malí, Búrkína Fasó, Tógó, Gana og Benín. Vitaskuld ein á ferð.

„Mig langar að sjá heiminn allan. Maður lærir svo mikið um sjálfan sig, um fólk almennt og lífið í sinni fjölbreyttustu mynd. Ég er sannarlega ekki að finna lækningu við krabbameini eða hlúa að öðrum heimslausnum, og sumir myndu segja ferðalögin eigingjörn, en vonandi gefur það mér meiri skilning á veröldinni og slíkt er mikilvægt þegar kemur að virðingu og fordómaleysi. Maður lærir um íbúa heimsins hvað þeir eru meira líkir en ólíkir; allir þurfa þeir að borða, klæða sig og sofa, hlæja, gráta, vinna og elta drauma sína, gleði og sorgir,“ segir Eliza fullmeðvituð um forréttindalífið sem fylgir því að vera Kanadamaður og Íslendingur.

„Bæði löndin eru auðug velferðarríki sem hlúa vel að þegnum sínum og eru frjálslynd, en lífið getur verið gott annars staðar líka. Þótt fátæktin sé mikil víða finnst mér fólk ekki endilega óhamingjusamara og það hefur sýnt mér að veraldlegur auður skapar ekki hamingjuna. Öll ferðalög eru til góðs því öllum er hollt að fræðast um önnur lönd og þjóðir. Þangað má fara í eigin persónu, en líka fræðast í bókum og sjónvarpi, auk þess að vingast við útlendinga. Allt þetta eykur skilning meðal þjóða og stuðlar að sátt og samlyndi.“■



**EINN Á BÁTI** Munaðarlaus fílsungi frá Pinnewala í Srí Lanka.



**LOSTÆTI** Sölukona með djúpsteiktar risakóngulær sem þykja lostæti í Kambódíu.



**MADRASSAH** í Bukhara í Úsbekistan.



# „Drífið ykkur...! Þetta er að gerast

1. apríl hefur löngum verið eins konar óopinber hrekkjavaka fjölmiðla víða um heim. Samkvæmt hefðinni er eingöngu leyfilegt þann daginn að espa upp trúgirni almennings, undir merkjum góðlátlegs gríns. *Kristinn Pálsson* rýndi í nokkur velheppnuð og skemmtileg aprílgöbb íslenskra fjölmiðla frá liðnum árum.




## 1963 Kafbátur Landhelgisgæslunnar

Líkt og í dag, voru málefni Landhelgisgæslunnar mönnum mjög hugleikin á þessum tíma. Vísir greinir frá því að stofnunin hafi fjárfest í forláta kafbáti sem muni vera til sýnis niður á höfn eftir hádegið, en farartækinu er ætlað er að koma breskum landhelgisbrjótum í opna skjöldu. Einnig kemur fram að hugmyndin sé að nýta farkostinn við tilraunir með veiðarfæri neðansjávar og í því skyni eru staðsettir sérstakir útsýnisgluggar á kafbátnum til þess að fylgjast með fiskitorfum.

## 1967 Ferðamannaparadís fína fólksins á Þingvöllum

Í Vísi er sagt frá því að trúarleiðtoginn og auðkýfingurinn Karim Aga Khan hafi eignast jarðirnar Nes og Nesjavelli við Þingvallavatn. Þar hyggst hann byggja upp allsherjar ferðamannaparadís með 20 hæða glæsihóteli í Nesjahrauni, hraðbátahöfn og seglskipalægi á Þingvallavatni, diskóteki í Nesjaey, völundarhúsi í Þingvallahrauni og útsýnisturni á Lögbergi með lyftum upp hamraveggina ásamt dýragarði og spilavíti á svæðinu. Einnig kemur fram að þessi afþreyingar- og ferðamannaparadís sé einungis ætluð fína, ríka og fræga fólkinu og í niðurlaginu er sagt að von sé á tignum gestum á borð við kynbomburnar Ursulu Andress, Brigitte Bardot og auðkýfinginn Onasiss.

## Frumraunir fjölmiðlanna

Fyrstu aprílgöbbin í íslenskum fjölmiðlum birtust árið 1957. Í smádálki í Vísi eru þær fregnir að Hermann Jónasson forsætisráðherra hafi undirgengist mikla sálkönnun og af þeim sökum hafi hann beðist lausnar frá embætti. Haft er eftir Hermanni að völd séu ekki eftirsóknarverð og ráðherradómur sé ekki til sáluhjálpar. Öll kosningaloforð hafi verið svikin og sóma síns vegna geti hann ekki setið lengur. Í lok klausunnar stendur síðan á hvolfi: „Afsakið – 1.apríl!“.....

Ríkisútvarpið sendi beint út frá þeim ótrúlega viðburði þegar fljótaskipið „Vanadísin“ sigldi upp Ölfusárósa. Á skipsfjöl stóð sá ástsæli fréttamaður Stefán Jónsson lýsti því sem fram fór og sagði hann m.a. frá því að tveir hrafnar fylgdu skipinu og að heyra mætti hundagá frá nálægum bæjum. Á miðri leið fær ferðin fremur snautlegan endi þegar Vanadísin lendir skyndilega í miklum grynningum og strandar. Áhöfnin ákveður þá að reyna að halda til baka, en lendir í erfiðleikum með að snúa dallinum, þannig að honum er einfaldlega bakkað til sjávar.

## Lífseigasta aprílgabbið

Árið 1960 birtist í Morgunblaðinu ljósmynd af Þórarni Vigfússyni, sjómanni á Hagbarði, þar sem hann hélt á stærsta sjólaxi sem vitað er um. Þetta var 80 punda hrygna sem var alls 173 cm á hæð, í lóðréttri stöðu og átti hún að hafa veiðst á línu við Grímsey. Sagt er frá því að laxinn hafi verið settur óskemmdur í frystiklefa á Húsavík og að takmarka hafi þurft ásókn forvitinna gesta þangað sem vildu berja flykkið augum. Þetta aprílgabb er eitthvert það lífseigasta sem vitað er um, því að í hinu áreiðanlega ritsafni „Öldinni okkar“ er þessum atburði tekið sem helberri staðreynd.







## 1970 Geimskotið á Skólavörðuholti

Í hádegisfréttum Ríkisútvarpsins berst sú flugufregn að Frakkar ætli að skjóta upp geimflaug frá Skólavörðuholti og er sett í gang bein útsending frá öllum herlegheitunum. Þarna drífur að fjölda erlendra fréttamanna og forvitinna gesta sem ætla sér ekki að missa af því þegar dulbúin kirkjubygging hefur sig á loft út fyrir gufuhvolfið, en á þessum tíma var Hallgrímskirkja á miðju byggingarstigi og hún því umvafin byggingapöllum. Farartækið er sagt vera knúið af um 1000 tonnum af alkóhóli, sem dælt hafði verið úr tankskipinu Bakkusi. Rétt fyrir geimskotið, vill svo illa til að gat kemst á eldsneytisleiðsluna og við það tekur alkóhólið að flæða út í stríðum straumum... Mikil ringulreið myndast og fréttamaður fylgist agndofa með niðurtalningunni. Á örlagastundu rofnar sambandið skyndilega og er þá skipt yfir á fréttamann á Skólavörðustíg sem horfir forviða upp á alkóhólstórfljót steypast niður götuna. Í miðju fljótinu fylgist hann síðan með mannmergðinni, sem í örvæntingu reynir að hella öll sín ílát full af guðaveigum úr hinu misheppnaða geimskoti.

## 1971 Sjálfstæði Vestmannaeyja

Í Ríkisútvarpinu er tilkynnt að Vestmannaeyjar ætli að slíta öllu stjórnmálasambandi við Ísland og stofna þjóðþing með þriggja manna ríkisstjórn. Þær forsendur eru gefnar að eyjaskeggjar hafi lítinn atkvæðisrétt í rekstri þjóðarbúsins, en að á hinn bóginn séu þeir efnahagslega sjálfstæðir, með risastóra verstöð sem velti hundruðum milljóna á ári. Af þeim sökum sé þeim ekkert að vanbúnaði við að byggja upp skattlaust og óháð þjóðfélag. Í fréttinni er einnig greint frá því að varðskip lóni úti fyrir Heimaey, til taks ef hernaðarátök brytust út. Auk þess er sagt frá því að Íslendingar hafi lokað fyrir rafmagn, síma og vatn til eyja. Í niðurlagi fréttarinnar er síðan sagt að Árni Johnsen hafi verið útvalinn fyrsti sendiherra Vestmannaeyja á Íslandi, en hið nýja ríki ætlaði sér framvegis að halda upp á þjóðhátíðardaginn þann 1. apríl.




## 1975 Sjónvarpstruflanir fyrir óskilvísa

Ríkissjónvarpið kynnir með stolti að teknir hafi verið í notkun sérstakir bílar með flóknum miðunarútbúnaði sem truflar útsendingu hjá þeim sem ekki hafa greitt afnotagjöldin. Til þess að auka á áreiðanleika fréttarinnar, þá eru framkvæmdar sífelldar myndtruflanir út allan fréttatímann. Margir hlupu apríl í þetta skiptið og eru dæmi þess að fjöldi skilvísra greiðenda afnotagjaldsins hafi sett sig í samband við Sjónvarpið, verulega ósátt yfir myndtruflunum.

## 1982 Stríðsástand á hafnarbakkanum

Í Ríkisútvarpinu er sagt frá því að Bandaríkjamenn ætli að yfirtaka verksvið Orkustofnunar og Almennu Verkfræðistofunnar varðandi gerð olíuhafnar í Helguvík. Málið virtist hið dularfyllsta og er jafnframt tilkynnt að sökum þessa hafi olíuleitarsamningi milli Grænlands og Bandaríkjanna verið sagt upp. Í sama mund er herskipinu Nordic Pioneer umsvifalaust stefnt hingað til

# núna...!“

lands. Fréttamaður útvarpsins mætir niður á Ægisgarð þegar skipið er að leggjast að bryggju, en þar er þá samankominn múgur manna sem lætur ófriðlega og upphefur mótmæli gegn þessum takmarkalausa yfirgangi Bandaríkjamanna. Til átaka kemur á milli mótmælenda og starfsmanna Ríkisskipa sem eru að reyna binda landfestar herskipsins, en að sjálfsögðu fer allt vel að lokum.

## 1987 Afrugluð gleraugu

Á þessum tíma var Stöð 2 nýtekin til starfa og DV greinir frá því að á markaðinn séu komin sérstök gleraugu sem eru þeim kostum gædd, að með þeim sé skammlaust hægt að fylgjast með trufluðri dagskránni og komi þau þannig í stað afruglara. Verðlagið á þessari miklu tækninýjung er að sjálfsögðu hlægilegt í tilefni dagsins og eru fullorðinsstærðir á 750 kr. en barnastærðir hins vegar á 600 kr. Gabbið var býsna vel heppnað og voru dæmi þess að menn kæmu alla leið úr Sandgerði til að verða sér úti um „afruglaragleraugu“…

## 1989 Búfjártalning gæludýra

Ríkisútvarpið fregnar af allsherjar búfjártalningu víða um land. Löggæslumenn í hverju umdæmi áttu að sameina talningu á búfénaði og gæludýrum eins og hrossum, alifuglum, gullfiskum og hundum. Brýnt er fyrir hundaeigendum á landsbyggðinni að halda dýrum sínum við útidyr á bilinu 14.30-16.00 svo að hægt sé að telja þau. Hundaeigendur á höfuðborgarsvæðinu áttu hins vegar að mæta með sínar skepnur til talningar á sama tíma á baklóð Heilsuverndarstöðvarinnar.

## 1992 Gnægtaborð Evrópska efnahagssvæðsins

Á tímum undirritunar EES-samninga er Ríkisútvarpið með velheppnaða frétt um að Evrópubandalagið hyggist kynna landbúnaðarstefnu sína á nýstárlegan hátt. Í þessu skyni áttu þennan daginn, að koma til landsins tólf gámar af niðurgreiddum landbúnaðarvörum frá bandalaginu. Til þess að auka á áreiðanleikann voru Davíð Oddsson forsætisráðherra og Jón Sigurðsson viðskiptaráðherra fengnir til þess að skýra frá fyrirkomulaginu. Allir gámarnir skyldu skiptast bróðurlega á milli landshluta og yrði þeim landað skipulega með strandferðaskipum á sjö hafnir umhverfis landið. Sala á innihaldinu átti að hefjast stundvíslega klukkan tvö eftir hádegi. Vöruvalið var ekkert slor. Þarna mátti t.d. finna léttvín í fernum frá Portúgal og Ítalíu, danskt og þýskt svínakjöt, breskan Stiltonost, belgíska kjúklinga, írskt jógúrt, spænskar nautatungur, Franskar aliendur, gæsalifur, froskalæri og lóubringur svo eitthvað sé nefnt. ■

## Bobbyarnir og hitt fræga fólkið

Í gamla daga þótti Ísland aldeilis ekki ákjósanlegur áfangastaður hjá ríkum, frægum og fallegum útlendingum, en af einhverjum ástæðum breyttist það lögmál oft þann 1. apríl. Leikarinn Leonardo DiCaprio, svigkappinn Ingemar Stenmark og diskódrottningin Donna Summer, auk frægra bítilmenna, eiga öll sameiginlegt að hafa heimsótt okkur þann daginn.

Í Vísi árið 1970 er t.d. birt viðtal við John Lennon (Jón Gunnarsson, leikari) þar sem hann er staddur á Hótel Sögu við undirbúning á uppsetningu söngleiksins „Hr. Hvít skyrta og bindi“ eftir Gunnar Þórðarson. Blaðamaður spyr Lennon m.a. að því hvort eitthvað sé hæft í þeirri kjaftasögu að Paul McCartney sé dáinn og hann svarar að bragði: „Ja, það skyldi þó aldrei vera, ég hef verið að furða mig á því hvað hann hefur verið daufur í dálkinn upp á síðkastið.“

Í Ríkisútvarpinu árið 1984 er frétt þess efnis að til landsins séu mættar Dallasstjörnunar Patrick Duffy (Bobby Ewing) og Victoria Principal (Pamela Ewing). Tilgangurinn með heimsókn skötuhjúanna er sagður vera að leika í sjónvarpsauglýsingum þar sem ullarlegghlífar og peysur frá Álafossi eru kynntar Bandaríkjamönnum. Til þess að gera fréttina enn sennilegri er haft samband við fréttaritara útvarpsins í Bandaríkjunum, Stefán Jón Hafstein sem fylgir stjörnunum út í flugvél vestanhafs og þar hefur hann eftir Victoriu Principal, sem segir á þessari bjöguðu íslensku: „Ék helska hull“.

Stórmerkilegt er til þess að vita að tvívegis á áttunda áratugnum sagði Vísir frá því að Bobby Fischer hefði komið fyrirvaralaust til landsins þann 1. apríl. Árið 1977 skýrði blaðið frá því að hann mundi, þann daginn, ganga að eiga vesturíslenska stúlku í Árbæjarkirkju. Í fyrra skiptið, árið 1975, var síðan fregnað í Vísi að Fischer ætlaði sér að segja sig úr FIDE og stofna eigið skáksamband, en hið ótrúlega í fréttinni var sú forspáa staðreynd að stórmeistarinn hygðist sækja um ríkisborgararétt og setjast hér að.

## Best heppnuðu göbbin

BIFREIÐAR OG BENSÍN Á SPOTTPRÍS

Árið 1980 tóku allir prentmiðlar landsins sig saman um að hrekkja lesendur sína. Þá var sagt frá því að 300 lítt útlitsgallaðar og flunkunýjar Mitsubishi-bifreiðar yrðu boðnar á hlægilegu verði, eingöngu þennan daginn og á greiðsluskilmálum sem þá þóttu fáheyrðir. Pétur Sveinbjarnar, talsmaður Heklu h/f, hélt mikinn blaðamannafund af þessu tilefni og kom þar fram að bílarnir yrðu til sýnis fyrir utan verksmiðjur Lýsis og Mjöls við Hvaleyrarholtsveg í Hafnarfirði. Þarna var framkvæmt örugglega best heppnaða aprílgabb hér á landi frá upphafi. Þúsundir manna lögðu leið sína í fjörðinn þann daginn og voru dæmi þess að menn keyrðu alla leið ofan úr Borgarnesi til þess eins að sjá skilti, með ör í aðkeyrslunni, sem á stóð: „Bílasýning“ og þegar að var komið blasti við risastór borði utan á húsinu sem á stóð: „1 apríl!“…

Árið 1995 var Fréttastofa Stöðvar 2 með viðamikla frétt varðandi sölu olíufélags Esso til bandaríska fyrirtækisins Irving Oil og í tilefni af því verði boðið upp á bensín á spottprís. Til þess að gera aðstæður sem raunverulegastar voru hannaðir sérstakir límmiðar og borðar með merki fyrirtækisins. Tveir leikarar voru síðan látnir túlka forstjóra Skeljungs og Olíufélagsins af stakri snilld. Hér var á ferðinni skothelt aprílgabb sem skapaði svo mikla örtröð á bensínstöðvum Esso að kalla þurfti til aukamannskap til hjálpar.




Bestir í kjöti!
Bestir í kjöti
NÓATÚN
í 40 ár
Úr Kjötborði Nóatúns
Sparaðu 1000 kr.
UNGNAUTAFILLET ÚR KJÖTBORÐI
2.498 kr. kg
ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN
Nóatún er með ánægðustu viðskiptavinina
Úr Kjötborði Nóatúns
Sparaðu 200kr.
LAMBAGEIRI M. SÆLKERAF.
2.798 kr. kg
Úr Kjötborði Nóatúns
Sparaðu 392kr.
KRYDDAÐ LAMBAFILLET
2.898 kr. kg
Úr Kjötborði Nóatúns
Sparaðu 500kr.
LAMBALÆRI ÚRB. OG FYLLT
1.798 kr. kg
Eðallax reyktur og grafinn
35% afsláttur
Tilboð á gæða Argentínu sósum
15% afsláttur
Notaðu ekta Jack Daniel's grillsósu á kjötið
JACK DANIELS BBQ SÓSUR
199 kr. 450g

# Gældu við bragðlaukana



LAMBALÆRI MEÐ KRYDDJURTUM OG HVÍTLAUK



LAMBAFILLET MEÐ FITURÖND



KJÚKLINGABRINGUR

## á matvörumarkaði skv. íslensku ánægjuvoginni




GULRÆTUR, BABY 169 kr./kg

+



BÖKUNARKARTÖFLUR Í LAUSU 149 kr./kg

+



ASPAS GRÆNN 399 kr./kg

+



PAPRIKA RAMIRO 499 kr./kg

+



SVEPPIR PORTOBELLO 249 kr./kg

=

5 á dag



# Glæsilegt úrval fyrir páskana!

Mundu CHESTER FRIED

NÓATÚN

OPIÐ TIL KL. 21 ALLA DAGA



**Á LEIÐ Í FANGELSI** Hundruð manna hafa verið flutt í fangelsi fyrir að efna til mótmælaaðgerða í Hvíta-Rússlandi í kjölfar kosninganna þann 19. mars síðastliðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Hvíta-Rússland: Saga erlendra yfirráða

Stiklað á stóru í sögu Hvíta-Rússlands, landlukts ríkis í Austur-Evrópu sem lengst af hefur lotið stjórn annarra ríkja.




**■ 6. til 8. öld**
Slavneskir þjóðflokkar bjuggu á þessu landsvæði.

**■ 9. öld til miðrar 13. aldar**
Undir stjórn Garðaríkis, forvera Rússlands.

**■ 1240-1569**
Að mestu undir stjórn Litháens frá 1240, þegar mongólar réðust á Kænugarð.

**■ 1569 til seinni hluta 18. aldar**
Undir pólskri stjórn frá 1569; verður fyrir skakkaföllum í stríði Póllands og Rússlands.

**■ Frá seinni hluta 18. aldar til fyrri heimsstyrjaldar**
Hluti Rússaveldis eftir 1795; fjöldi manns flytur til Bandaríkjanna vegna fátæktar.

**■ Frá fyrri til seinni heimsstyrjaldar**
Sovétlýðveldið Hvíta-Rússland frá 1919; vesturhluti landsins innlimaður í Pólland 1921 en Sovétríkin endurheimtu hann 1939.

**■ 1945-1991**
Landið var hluti Sovétríkjanna; lýsti yfir sjálfstæði 25. ágúst, 1991.

**■ Frá 1991**
Umbótastjórn til 1994, þegar Alexander Lúkasjenkó varð forseti; gagnrýndur fyrir mannréttindabrot og kosningasvik.

© 2006 KRT
Heimildir: Encyclopaedia Britannica, Times Atlas of World History, Penguin Atlas of Modern History

# Lúkasjenko á erfiða daga í vændum

Sem forseti þarf ég stundum að taka óvinsælar ákvarðanir. Ég veit að fólki mun líka illa við mig vegna þess,“ segir Alexander Lúkasjenkó, forseti Hvíta-Rússlands, á heimasíðu sinni. „En takmark mitt er að hvetja alla til þess að láta sér þykja annt um landið sem við búum í og bera virðingu fyrir stjórnvöldum þess, sem hafa aldrei yfirgefið þjóðina í sorg.“

Lúkasjenkó hefur verið kallaður „síðasti einræðisherrann í Evrópu“. Hann komst til valda árið 1994 og hófst þá strax handa við að gera þær breytingar á stjórnarskrá landsins, að völd forsetans hafa aukist til muna.

Að nafninu til er Hvíta-Rússland lýðveldi en stjórnarfarið þykir einna helst minna á sovétskipulagið. Fjölmiðlar eru flestir í ríkiseigu og leyfa þeir sjónarmiðum forsetans óspart að njóta sín, en andstæðingar hans eiga fáa möguleika á að koma skoðunum sínum á framfæri.

Efnahagslífið er allt undir járnhæl stjórnvalda, einkafyrirtæki þurfa að lúta ströngum reglum og geta hvenær sem er átt von á inngripi hins opinbera. Þetta erfiða rekstrarumhverfi gerir það að verkum að fá erlend fyrirtæki treysta sér til þess að fjárfesta í landinu.





**Á TALI VIÐ ÞJÓÐINA** Lúkasjenko er duglegur að ávarpa þjóð sína. Þarna er hann að skýra frá því að hann sjálfur hafi unnið yfirburðasigur í forsetakosningunum.

### Saga erlendra yfirráða

Íbúar í Hvíta-Rússlandi eru rúmlega tíu milljónir. Um áttatíu prósent þeirra eru Hvít-Rússar, en rúmlega tíu prósent eru Rússar. Hvít-Rússar tala sitt eigið tungumál, hvítrússnesku, sem er býsna skyld rússnesku og reyndar úkraínsku einnig en þó frábrugðin þeim báðum í fjölmörgum atriðum.

Uppruni þjóðarinnar er nokkuð óljós, en sögu hennar má þó rekja allt aftur til Garðaríkis sem norrænir menn stofnuðu í austurvegi á níundu öld. Auk Hvíta-Rússlands rekja bæði Rússland og Úkraína uppruna sinn til Garðaríkis.

Hvít-Rússar nánast alla tíð lotið yfirráðum annarra. Það var ekki fyrr en 1918 sem vottur að sjálfstæðu ríki varð til undir nafninu Hvíta-Rússland, en strax í ársbyrjun 1919 réðst Rauði herinn inn í landið og það var svo innlimað í Sovétríkin um leið og þau voru formlega stofnuð árið 1922.

Það var svo í júlí árið 1990 sem Hvíta-Rússland lýsti yfir sjálfstæði en hlaut það ekki formlega fyrr 25. ágúst 1991 þegar Sovétríkin voru hrunin. Undir stjórn Lúkasjenkós heldur Hvíta-Rússland hins vegar þjóðhátíð hinn 3. júlí ár hvert, en það er til að minnast þess þegar höfuðborgin Minsk var frelsuð árið 1944 undan hernámi þýskra nasista.

### Góð staða á byrjunarreit

Þegar Hvíta-Rússland varð sjálfstætt árið 1991 voru lífskjör þar með því besta sem þekktist í fyrrverandi Sovétlýðveldunum. Næstu árin varð hnignun í efnahagslífinu en fljótlega eftir að Lúkasjenkó komst til valda árið 1994 náði hagvöxtur sér á strik og hefur oftast verið á bilinu fimm til tíu prósent á ári. Alþjóðabankinn telur að hagvöxtur árið 2004 hafi numið ellefu prósentum.

Þennan efnahagsbata geta Hvít-Rússar að verulegu leyti þakkað velvild Rússa, sem hafa selt þeim orku nánast á gjafverði og einnig veitt þeim lítt heftan aðgang að mörkuðum sínum með útflutningsframleiðslu sem erfitt gæti reynst að selja annars staðar.

Ekki er þó víst að Hvít-Rússar njóti þessarar velvildar mikið lengur því nú hafa Rússar sent þeim þau skilaboð að brátt verði þeir að greiða fyrir gasið frá Rússlandi sambærilegt verð og tíðkast í Evrópu.

### Upphaf endalokanna?

Þótt Lúkasjenkó hafi tryggt sér þriðja kjörtímabilið í forsetakosningunum 19. mars síðastliðinn, er engan veginn víst að hann eigi náðuga daga í vændum. Stjórnvöld á Vesturlöndum hafa nánast einróma gagnrýnt framkvæmd kosninganna harðlega.



**ALEXANDER MILINKEVITSJ** Milinkevitsj hefur verið einn virkasti leiðtogi stjórnarandstöðunnar í Hvíta-Rússlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

bæði Evrópusambandið og Bandaríkin hafa ákveðið að refsa Lúkasjenkó með því að leggja á hann ferðabann og frysta innistæður hans í bönkum. Þetta eru sams konar refsiaðgerðir og beitt hefur verið gegn Robert Mugabe í Simbabve og alræðisstjórn hersins í Mjanmar.

Innanlands hefur stjórnarandstöðunni sömuleiðis vaxið ásmegin, þrátt fyrir úrslit kosninganna og harkalegar aðgerðir lögreglunnar gegn mótmælendum í kjölfar kosninganna. Meira en 500 mótmælendur sitja nú í fangelsum landsins en utan fangelsisveggjanna og ekki síður utan landsteinanna heldur stjórnarandstaðan áfram baráttu sinni.

Alexander Milinkevitsj, sem bauð sig fram í forsetakosningunum á móti Lúkasjenkó og hefur verið einn virkasti stjórnarandstæðingurinn í kjölfar kosninganna, hefur sagt að með kosningunum og fjöldamótmælum í tengslum við þær hafi loks komið brestir í varnarvirki Lúkasjenkós. Hugsanlega þurfi stjórnarandstaðan að hafa hægt um sig um sinn, en hún muni halda áfram að breiða út boðskap sinn og aðeins sé tímaspursmál hvenær almenningur láti til sín taka á ný.

gudsteinn@frettabladid.is

Hættu að hlaupa apríl…

# Úrval af sófum á vaxtalausum kjörum

ekta leður

## Sérsmíðum

eftir þínum þörfum.
Þú velur áklæði, stærð og gerð og við smíðum fyrir þig.



99.000 kr
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 24. mán.

**Leðurhornsófi** 2+h+2

## Eingöngu fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á Akureyri



Fullt verð 168.000 kr
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 24. mán.

**Leðursófasett** 3+1+1 Dany



Fullt verð 168.000 kr
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 24. mán.

**Leðursófasett** 3+1+1 M6217



Fullt verð 204.000 kr
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 24. mán.

**Bycast sófasett** 3+1+1 Nice



Fullt verð 216.000 kr
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 24. mán.

**Leðursófasett** 3+1+1 Chesterfield



Fullt verð 168.000 kr
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 24. mán.

**Leðursófasett** 3+1+1 3178



Fullt verð 156.000 kr
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 24. mán.

**Púðahornsófi** 2+h+2 Paris



Fullt verð 237.600 kr
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 24. mán.

**Leðursófasett** 3+1+1 3002



Fullt verð 168.000 kr
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 24. mán.

**Leðursófasett** 3+1+1 3057



Fullt verð 168.000 kr
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 24. mán.

**Leðurhornsófi** 2+h+2 3130

*Stimpil- , seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

Gildir til 7. apríl eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Spólað áfram um tvö og hálft ár

Sápuóperan **Bold and the Beautiful,** sem sýnd hefur verið alla virka daga á Stöð 2, á sér glettilega stóran hóp dyggra áhorfenda. Þessi margverðlaunaða sápuópera hóf göngu sína í Bandaríkjunum árið 1987 og hefur verið á dagskrá Stöðvar 2 allar götur síðan 1995.

Stórtíðindi munu eiga sér stað í sögu Glæstra vona (The Bold and the Beautiful) á Íslandi mánudaginn 3. apríl. Þá verða þættirnir spólaðir áfram um tvö og hálft ár. Með öðrum orðum verður hlaupið yfir atburðarás tveggja og hálfs ára í þeim tilgangi að færa þættina nær okkar tímum.

Glæstar vonir hafa verið á dagskrá undanfarin ellefu ár, en þættirnar sem sýndir eru hérlendis eru um fimm árum á eftir framleiðslu. Eftir tímaflakkið umrædda verða þeir því svo gott sem spánnýir og fyrir vikið snöggtum ferskari og meira í takt við ríkjandi tíðaranda; bæði hvað snertir efnistök og tískustrauma, sem hafa einmitt ætíð leikið stórt hlutverk í þáttunum og lífi Forrester-fjölskyldunnar.



**STORMASAMT SAMBAND** Ridge og Brooke hafa verið sundur og saman í gegnum tíðina og meðal annars gengið í það heilaga í tvígang.



**GLÆSTAR VONIR** Forrester-fjölskyldan er sem fyrr kjölfesta þáttanna. Þrátt fyrir mikið ríkidæmi er líf hennar langt í frá auðvelt og allir hafa sinn djöful að draga.

Þrátt fyrir gloppuna þurfa unnendur þáttanna engu að kvíða því kjölfestan er óbreytt og allir við sama heygarðshornið. Aðalsöguhetjurnar eru sem fyrr Forrester-fjölskyldan, en þrátt fyrir stórkostlegt ríkidæmi glímir hún við margs konar erfiðleika í einkalífinu og hver og einn virðist eiga sinn skrautlega og illskeytta djöful að draga. Á árunum sem hlaupið verður yfir drífur ýmislegt á daga söguhetjanna og nægir að nefna að Brooke hefur eignast barn og þau Ridge hafa áfram átt í stormasömu sambandi; gengu meðal annars í það heilaga tvisvar auk þess sem Brooke gekk í skammlíft og vonlítið hjónaband með Nick Marone. Þá kvaddi Taylor Hayes þennan heim af völdum veikinda.

En þegar við tökum upp þráðinn hafa enn ein stórtíðindin átt sér stað. Brooke og Ridge hafa náð saman enn á ný og virðast ástfangnari en nokkru sinni fyrr. En þýðir það að ástin muni vara? Hvað ætti að vera öðruvísi nú? Hvers vegna ætti sambandið að vara lengur en í fyrri skiptin? Eins og þeir sem ekki missa af þætti vita gengur margt á og sögupersónur koma og fara. Sjaldan eða aldrei hefur söguþráðurinn verið safaríkari og nú og eitt er víst að sögupersónurnar hafa aldrei verið skrautlegri eða leikararnir glæstari. Meðal þeirra sem nú fara með lykilhlutverk eru Lorenzo Lamas, hjartaknúsari af guðs náð sem margir muna eflaust eftir úr Falcon Crest, og Lesley-Anne Down sem er margreynd sápuleikkona úr þáttum á borð við Dallas og Dynasty.

Þá hafa fleiri leikarar úr gamla góða Dallas gert vart vart við sig í Glæstum vonum. Nægir þar að nefna Lindu Gray, sem lék Sue Ellen og síðast en ekki síst Patrick Duffy, sem er betur þekktur sem Bobby Ewing, en innan tíðar mun Duffy taka að sér stórt hlutverk í Bold and the Beautiful. Sannkallað tilhlökkunarefni fyrir alla unnendur góðra sápuópera.

Glæstar vonir verða sem fyrr sýndar tvisvar á dag, alla virka daga og samantekt vikunnar er svo endursýnd á laugardögum.

... taktu frekar bíl!

Í dag, 1. apríl, er 35 ára afmæli Hertz á Íslandi. Í tilefni þess hlaupum við á okkur með tilboði sem hljómar einsog aprílgabb og leigjum allar tegundir bíla á

35kr.
yfir daginn*

*Á meðan birgðir af bílum endast. Tilboðið gildir um allt land, í Reykjavík, Keflavík, á Ísafirði, Akureyri, Egilsstöðum og í Höfn. Venjulegt gjald samkvæmt verðskrá tekur við ef fólk tekur bílinn lengur en einn dag.

Hertz
50 50 600 • www.hertz.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS HER 32033 03/2006

## Sally er undirförul

Björn Baldursson er fyrrverandi þýðandi sápuóperunnar Bold and the Beautiful. Eftir að hafa þýtt fimm þætti í hverri viku í nokkur ár ákvað hann að snúa sér að því að þýða annað efni fyrir Stöð 2.

„Þetta var allt of mikið fyrir einn mann að vera með fimm þætti í viku og síðan er þetta ekki akkúrat efnið sem höfðar til karlmanna,“ segir Björn, sem fylgdist eins og gefur að skilja vel með framvindu mála í sápuóperunni á sínum tíma. „Ég átti enga uppáhaldspersónu en það væri helst hún Sally kerlingin. Hún er hörð viðskiptakona og dálítið undirförul eins og þær eru margar persónurnar í þessum þáttum,“ segir hann.

Aðspurður segist hann vera mjög fylgjandi því að færa þáttinn fram um nokkur ár. „Mér finnst það hið besta mál. Það er eiginlega ómögulegt að vera svona langt á eftir.“

Patrick Duffy, sem lék Bobby í Dallas á sínum tíma, er ein af nýju persónunum í Bold and the Beautiful og segist Björn spenntur að sjá hvernig hann kemur út. „Ég gæti vel hugsað mér að horfa á nokkra þætti með honum. Ég þýddi líka Dallas í nokkur ár og fannst þeir þættir nú meira spennandi.“



**BJÖRN BALDURSSON** Björn er fyrrverandi þýðandi sápuóperunnar Bold and the Beautiful. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Á meðal fleiri þátta á Stöð 2 sem Björn fylgist með eru Nip/Tuck og sakamálaþátturinn 48 Hours en sápuóperuna Nágranna horfir hann aftur á móti aldrei á. - fb



SPRENGJA
OPIÐ ALLA HELGINA • ÓTRÚLEG TILBOÐ Í GANGI
OPNUNARTÍMAR
1. APRÍL. 10-18
2. APRÍL. 13-17
0% VEXTIR
Á ÖLLUM TÖLVUM
Vaxtalaus tilboð gilda eingöngu á tölvum keyptar dagana 30 mars til 2 apríl. 2006
2 DAGAR
NÚ FER HVER AÐ VERÐA SÍÐASTUR, 2 DAGAR EFTIR TIL AÐ TRYGGJA SÉR EINSTÖK TILBOÐ Á TÖLVUM OG TÖLVUBÚNAÐI. EKKI MISSA AF ÞESSU
SJÁUMST
SPRENGJA
FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ
Vaxtalaus tilboð eru miðuð við mánaðalegar jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf með 3,5% stimpil og lántökugjaldi sem bætist við heildarupphæðina og dreifist jafnt yfir samningstímann
TÖLVULISTINN
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR
1 REYKJAVÍK Nóatúni 17 Sími 562 6730
2 AKUREYRI Glerárgötu 36 Sími 464 7400
3 KEFLAVÍK Hafnargötu 90 Sími 534 7400




SKEIFAN / BÍLDSHÖFÐI / HRINGBRAUT / BREIÐHOLT / NORÐURBRÚN / HVALEYRARBRAUT / MOSFELLSBÆR / SELFOSS / VESTMANNAEYJAR / ÞORLÁKSHÖFN

| Skeifan | | Bíldshöfði | | Hringbraut | | Breiðholt | | Norðurbrún | | Hvaleyrarbraut | | Mosfellsbær | | Selfoss | | Vestmannaeyjar | | Þorlákshöfn | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| virkir dagar | 11-19 | virkir dagar | 11-19 | virkir dagar | 11-19 | virkir dagar | 11-21 | virkir dagar | 11-21 | virkir dagar | 11-21 | Allir dagar | 12-23 | virkir dagar | 11-19 | virkir dagar | 11-19 | virkir dagar | 11-19 |
| laugardagar | 11-19 | laugardagar | 11-19 | laugardagar | 11-19 | laugardagar | 11-21 | laugardagar | 11-21 | laugardagar | 11-21 | | | föstudagar | 11-20 | laugardagar | 11-19 | laugardagar | 11-19 |
| sunnudagar | 12-18 | sunnudagar | 12-19 | sunnudagar | lokað | sunnudagar | 12-21 | sunnudagar | 12-21 | sunnudagar | 12-21 | | | laugardagar | 11-19 | sunnudagar | lokað | sunnudagar | 11-16 |
| | | | | | | | | | | | | | | sunnudagar | 12-19 | | | | |


Virk Sam- keppni
KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI
30% Afsláttur
Gourmet ungnautagúllas og ungnautasnitsel 1.518 kr./kg.
BIG
Big George Foreman Grill
5.995 kr./stk.
Verð áður 8.995 kr.
Ferðatöskusett 3 töskur saman
6.997 kr./pk.
Grand Italia pasta 500g 2 teg.
59 kr./stk.
Stjörnu partýmix
149 kr./pk.
PÁSKAEGG OG PÁSKASKRAUT Í ÚRVALI
ALLTAF FRÁBÆR TILBOÐ

# Um notagildi klámmynda

Sýningar á framhaldi Basic Instinct eru að hefjast í kvikmyndahúsum. Breski stórleikarinn **David Thewlis** leikur rannsóknarlögreglumann í myndinni. *Birgir Örn Steinarsson* spjallaði við hann í London.

Þið kannist kannski ekki við nafnið David Thewlis í fyrstu. Svo, þegar þið sjáið mynd af andlitinu á honum, áttið þið ykkur á því að ykkur hefur alltaf verið svolítið vel við þennan mann. Enda er hann vinsæll maður. Leikur í hverri stórmyndinni á fætur annarri og gerir það alltaf einstaklega vel. Hann er einn af þessum frábæru ensku leikurum sem við þekkjum öll en getum ekki alveg nefnt á nafn. Andlit sem aldrei gleymist á manni sem við þekkjum ekki neitt.

Kvikmyndagrúskarar muna eftir honum úr Naked eftir Mike Leigh. Þeir sem eru að klára menntaskóla muna eftir honum sem hinum spillta kóngi Einon úr Dragonheart, sem þeir hötuðu af öllum lífsins krafti þegar þeir sáu myndina í bíó tíu ára. Tíu ára krakkar í dag þekkja hann einungis sem varúlfinn Prófessor Lupin úr veröld Harry Potter.

Hann er líka það besta við framhald kvikmyndarinnar Basic Instinct, sem nú er að koma í bíó. Þar leikur hann lögregluforingja sem er staðráðinn í því að negla rithöfundinn Catherine Tramell, bandaríska tálkvendið sem gerði Michael Douglas lífið leitt í San Francisco fyrir fjórtán árum síðan. Núna er hún stödd í London að sjúga vitið úr stífum breskum sálfræðingi.

David Thewlis virðist ekki vera týpan til þess að eyða athyglisgáfu sinni í að lesa um einkamál annarra. Hann er Hollywood-leikari að atvinnu, en vissi lítið sem ekkert um Sharon Stone. Áður en hann lék í Basic Instinct 2 hafði hann bara séð hana í einni mynd, og nei… það var ekki fyrri myndin.

Ég trúi því nú varla að þú hafir ekki orðið var við fyrri myndina þegar hún kom út?

„Ég man alveg eftir því að hafa heyra fólk tala um hana þegar hún kom út,“ útskýrir David án þess að afsaka sig neitt eins og Bretar eiga til að gera við hvert tækifæri. „Sumar myndir fara bara einhvern veginn framhjá manni. Ég hef til dæmis aldrei séð Gone with the Wind. Ég hef aldrei séð The Sound of Music eða Pinocchio. Þegar ég fékk handritið fór ég nú og skoðaði fyrri myndina. Ég vissi varla neitt um Sharon Stone. Mig minnir að ég hafi bara séð hana í Casino eftir Martin Scorsese. Mér fannst hún góð í fyrri myndinni. Hún er mjög skrítin leikkona, með undarlegan stíl. Ég get ekki ímyndað mér neina aðra manneskju í þessu hlutverki. Ég kynntist henni líka mjög lítið við tökur á þessari mynd, því við lékum bara saman í einu atriði. Það litla sem ég vissi um hana var að hún væri mjög sterk og öfgafull kona.“

Á svipaðan hátt og persóna hennar í myndinni?

„Nei, hún er miklu skemmtilegri. Hún er alls ekki ógnvekjandi. Hún hlær mikið og er svolítið villt. En ég fékk ekki að kynnast henni eins vel og David Morrissey fékk.“

Já, hún virðist hafa „endurnýjað“ sig svolítið fyrir þessa mynd.

„Já. En hey, það hefði persóna hennar í myndinni gert líka. Og önnur hver leikkona í Bandaríkjunum í dag, ef við förum út í þá sálma.“

Ég fæ svolítið á tilfinninguna að þessi mynd sé persónuleg tilraun hennar til að endurvekja leiklistarferil sinn.

„Já, hún var víst í löngu veikindafríi. Fékk heilablæðingu, sem ég heyrði bara af eftir að við byrjuðum að vinna saman. Hún var bara ekki í minni veröld. Ég hafði lesið um hana í blöðunum eins og flestir aðrir og hafði auðvitað heyrt um atriðið þar sem hún sýnir á sér klofið. Svo eftir að ég sá loksins þetta blessaða atriði gat ég ekki skilið af hverju allir voru eitthvað að kippa sér upp við þetta. Ef því finnst þetta spennandi, þá ætti það kannski að prófa að fara út á næstu leigu og ná sér í klámmynd.“

Þegar þú varst beðinn um að leika í framhaldi Basic Instinct, hélstu þá að þú þyrftir hugsanlega að fara úr fötunum fyrir hlutverkið?

„Í algjörri einlægni, nei. Það hefði aldrei virkað. Ég bý ekki alveg yfir sama sjarma og David Morrissey.“



**LEIKARINN DAVID THEWLIS** Kippti sér ekki upp við að leika á móti kynbombunni Sharon Stone í Basic Instinct 2.

### Andkristur snýr aftur

David er nýbúinn að leika í endurgerð The Omen. Myndin verður frumsýnd um heim allan á sjötta degi júní, sem er sjötti mánuður ársins ´06. Auk hans leika í endurgerðinni Michael Gambon, Julia Styles, Mia Farrow og Liev Schreiber. Það er víst ekki búið að breyta söguþræðinum mikið.

„Margir kvarta yfir því að við séum að endurgera þessa mynd,“ viðurkennir David. „Ég sé ekki hvað er að því að endurgera myndir. Það kvartar enginn í leikhúsinu ef fólk setur upp gamalt leikrit aftur. Af hverju ekki að gera mynd tvisvar? Ef nýja útgáfan er ekki eins góð, þá hefur fólk alltaf þá gömlu.“

Góður punktur, og hvern leikurðu?

„Ef þú manst eftir ljósmyndaranum í upphaflegu útgáfunni sem missir höfuðið, þá er það ég núna. Þannig að ég tapa haus, aftur. Í þriðja skiptið á leiklistarferli mínum. Á mjög stuttum tíma.“

Nú, hvar annars staðar misstir þú hausinn?

„Fyrst í mynd sem heitir Timeline, eftir Richard Donner, sem gerði upphaflegu Omen-myndina. Næst í Kingdom of Heaven og svo aftur núna. Ég á hausinn úr Timeline heima. Stundum set ég hann inn í ísskáp þegar gestir koma í heimsókn.“

### Með ítök í bresku undirheimunum

Þú ert mjög duglegur leikari, vinnur mikið. Ertu vinnusjúklingur?

„Ég hef mjög gaman af vinnunni minni og fæ nú yfirleitt frí á milli verkefna. Ég er til dæmis ekki að vinna það mikið þessa dagana. Er að njóta þess til fulls að vera nýbakaður faðir. Núna langar mig bara til þess að eyða tíma með dóttur minni. Það er eiginlega það besta við það að vera leikari, að maður getur tekið sér löng frí á milli verkefna ef mann langar til.“

Hvað gerir þú í frítíma þínum?

„Ég er mjög duglegur við að skemmta sjálfum mér. Ég skrifa og nýt fjölskyldulífsins. Mér finnst allt í lagi að vera ekkert að vinna ef það er nóg af seðlum í bankanum.“

Um hvað skrifar þú?

„Ég var að klára skáldsögu sem verður gefin út á næsta ári. Ég hef skrifað nokkrar smásögur um ævina, en aldrei áður bók. Ég á eftir að verða mjög stoltur af sjálfum mér þegar hún er komin í búðirnar. Vonandi fær hún frábæra dóma, annars verð ég alveg eyðilagður. Ég er búinn að komast að því að það er miklu erfiðara að skrifa bækur en að leika í kvikmyndum.“

Hvað ræður því hvaða hlutverk þú velur?

„Vanalega vel ég að gera eitthvað sem er ekki líkt einhverju sem ég hef gert áður. Ég hafði aldrei leikið rannsóknarlögreglumann áður. Ég velti því samt fyrir mér hvort það væri eitthvað gaman að leika svoleiðis. Vanalega eru þeir frekar þurrir og leiðinlegir. Gera lítið annað en að mæta í síðum frökkum og spyrja spurninga. Þessi er örlítið áhugaverðari. Hann hefur sínar skuggahliðar. Þess vegna valdi ég að leika hann. Ég hafði gaman af því. Ég myndi samt aldrei taka að mér að leika rannsóknarlögreglumann í sjónvarpsþætti. Það yrði hundfúlt.“

Áhorfandinn fær nú ekki að vita svo mikið um persónu þína í Basic Instinct 2, hún er bara þarna.

„Nei, bara að hann sé spillt lögga, og ég þekki menn sem þekkja svoleiðis. Til dæmis Bruce Reynolds, sem var hugsuðurinn á bak við lestarránið mikla árið 1963. Ég hef kynnst honum ágætlega, og verð að segja að hann er yndislegur maður. Hann sat í fangelsi í 25 ár. Hann hefur aldrei verið ofbeldisfullur. Hann rændi bara um fjörutíu milljónum punda. Þannig að hann er úr glæpaheiminum, og glæpamenn þekkja spilltar löggur. Þegar ég fékk þetta hlutverk þá hringdi ég í hann og spurði hvort hann vissi ekki um einhverjar spilltar löggur sem ég gæti talað við. Hann skipulagði mót á bar með nokkrum „vinum sínum“ og sagði þeim áður að ég vissi ekkert um þá eða atvinnu þeirra. Svo sátum við og spjölluðum. Ég sagði þeim auðvitað ekkert frá því að ég væri að fara að leika spillta löggu í bíómynd. Ég byggði persónu mína á einum af þessum mönnum sem ég hitti. Útlitið er mjög svipað.“

Þannig að það er þá óhætt að fullyrða að þú hafir tengsl við bresku undirheimanna?

„Já. Aðallega frá því þegar ég lék í Gangster No.1. Ef einhver er einhvern tímann með stæla við mig, þá er það allt í lagi,“ segir hann og hlær að lokum. Svo sannarlega skuggalegur maður. ■

**David Thewlis heitir réttu nafni David Wheeler og fæddist árið 1963.**

| | |
|---|---|
| **1993** | Leikur aðalhlutverkið í **Naked** eftir Mike Leigh. |
| **1995** | Semur og leikstýrir myndinni **Hello, Hello, Hello**. |
| **1996** | Leikur illa kónginn í **Dragonheart**. |
| **1997** | Leikur í **Seven Years in Tibet**. |
| **1998** | Leikur í **The Big Lebowski** eftir Coen-bræður. |
| **1998** | Leikur í **Divorcing Jack**. |
| **2003** | Semur, leikstýrir og leikur aðalhlutverkið í myndinni **Cheeky**. |
| **2004** | Leikur í **Harry Potter og fanganum frá Azkaban**. |
| **2005** | Leikur í **Kingdom of Heaven**. |
| **2006** | Leikur í **Basic Instinct 2**. |
| **2006** | Leikur í endurgerð **The Omen**. |



**SHARON STONE** Sýnir gamla takta í framhaldsmynd Basic Instinct.

UNIVERSITY COLLEGE
VITUS BERING DENMARK

NÁM Í DANMÖRKU

Hjá VITUS BERING í Horsens bjóðum við upp á margvíslega menntun.

Í boði er:

Á ensku og dönsku
- Byggingafræði
- Byggingaiðnfræði
- Markaðshagfræði

Á dönsku
- Veltækni
- Veltæknifræði
- Landmælingar
- Tölvutæknifræði
- Aðgangsnámskeið
- Byggingatæknifræði
- Framleiðslutæknifræði
- Útflutningstæknifræði

Frá 26. mars til 5. apríl eru fulltrúar frá Vitus Bering, Johan Eli Ellendersen og Jørgen Rasmussen á Hótel Plaza. Hringið í síma 590 1400, leggið inn skilaboð og við munum hringja tilbaka, eða hringið beint í Johan í síma 845 8715.

UNIVERSITY COLLEGE
VITUS BERING DENMARK
CHR. M. OESTERGAARDS VEJ 4
DK-8700 HORSENS
TEL. +45 7625 5000
FAX: +45 7625 5803
EMAIL: CVU@VITUSBERING.DK

www.vitusbering.dk

*Allt í baðherbergið!*

**10 DAGA**

# SPRENGI TILBOÐ

**LÝKUR Á SUNNUDAG!**

SOEHNLE

**2.990**
~~4.755~~

Vnr.42263686

**Baðvog**
SOEHNLE VERONA stafræn baðvog, hámark 150 kg, stál litur.

SÚPER VERÐ *í BYKO!*

**8.990**
~~12.800~~

Vnr.15529831

**Handklæðaofn**
Handklæðaofn hvítur, 50x120 cm.

# 25% afsláttur

*af öllum blöndunartækjum**

* Gildir ekki með öðrum tilboðum!

**990** kr./m²
~~1.950~~

Vnr.16600100

**Veggflísar**
IDEA MIRROR veggflísar, hvítar 20x25 cm.

**2.290** kr./m²
~~3.290~~

Vnr.17311471

**Flísar**
SALAMANCA gólf- og veggfliár 33x33 cm.

iris

**1.690** kr./m²
~~2.490~~

Vnr.19713643

**Flísar**
IRIS Tundra Grigio gólf- og veggflísar20x20 cm.

BYKO

BYGGIR MEÐ ÞÉR




## STUÐ MILLI STRÍÐA Allt tekur enda um síðir

**JÓHANNA SVEINSDÓTTIR** KVEÐUR GAMLAN VIN.



Ég hef keyrt þrjá Volvoa um ævina, allir fæddir í kringum 1985. Einn var blár, einn var grár en sá besti var hvítur. Þann bláa átti minn fyrrverandi, þann gráa átti bróðir minn, og þann hvíta áttu amma mín og afi, svo fékk mamma bílinn og ég fékk að deila honum með henni. Reyndar kallast það ekki að deila þegar maður frekjulega eignar sér eitthvað, en deila er bara svo miklu fallegra orð.

Því hefur hvíti Volvoinn, eða Vollinn eins og ég kalla hann, fylgt mér í 17 ár og fimm mánuði og er ég búin að keyra um á honum í rúm sjö ár. Þar til um daginn, þegar hann neitaði að fara í gang. „Plís prittí plís ekki deyja núna kæri Volli,“ sagði ég, en þegar ég sneri lyklinum heyrðist bara „klikk“ og dauf ljós í mælaborðinu sögðu mér að nú væri komið að lokum dýrðardaga Jóu og Vollans. Vollinn er nú á bílskúrsgjörgæslu og er faðir minn að leita allra leiða til að blása lífi í andvana alternator.

Vollanum fylgja margar góðar minningar. Á Vollanum keyrði ég á nokkur fyrstu stefnumót mín og á góða vinafundi. Í Vollanum hef ég setið og grátið með brostið hjarta, hlegið með vinum eða bara rúntað meðan ég reyni að botna í lífsgátunni. Vollinn og ég höfum heimsótt saman nýfædd börn vina, keyrt upp í sumarbústað, upp á kanta og lagt á skringilegum stöðum því við erum alltaf sein. Vollinn og ég höfum einnig komist í kast við lögin saman, verið sektuð og haft gaman af. Við höfum ferðast víða, allt frá sjoppuferðum og upp í Borgarfjörð.

En aldrei aftur. Nú er komið að leiðarlokum.

Því kveð ég þig gamli vin. Volvo M142 er orðinn þreyttur og þarfnast hvíldar. Þú varst kannski þungur í stýri og bara með fjóra gíra. Þig vantaði kannski útvarp og rafdrifnar rúður. En þú varst minn. Ég vonast eftir kraftaverki en veit að allt tekur enda um síðir, líka gamlir Volvoar.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Overli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Pú og pa

Eftir SÖB




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



# Stórútsölu-markaður

## í Kringlu og Smáralind

**Hundruðir kvikmynda- og tónlistartitla á ótrúlegu verði!**

Úrval geisladiska verð frá **199 kr**

DVD myndir verð frá **699 kr**




Gildir til 3. apríl eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

Komdu að dansa

HARMONIKUBALL

í Húnabúð, Skeifunni 11 Reykjavík,
í kvöld, laugardaginn 1. apríl frá kl. 22:00.

Harmonikufélag Reykjavíkur.



ÓPERUSTÚDÍÓ
NÓTT Í FENEYJUM
EFTIR JOHANN STRAUSS

Nótt í Feneyjum

NÓTT Í FENEYJUM - eftir JOHANN STRAUSS
3. sýn. sun. 2. apríl kl. 20 – 4. sýn. þri. 4. apríl kl. 20
5. sýn. fim. 6. apríl kl. 20 – 6. sýn. lau. 8. apríl kl. 20 - SÍÐASTA SÝNING

Glitnir er bakhjarl
Óperustúdíós Íslensku óperunnar

Hádegistónleikar fim. 6. apríl kl. 12.15 - Kansónur úr suðri og norðri
Kolbeinn J. Ketilsson, tenór og Anna Guðný Guðmundsdóttir, píanó

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
ÁTTA KONUR
2. sýn. í kvöld lau. 1/4 örfá sæti laus, 3. sýn. sun. 2/4 örfá sæti laus, 4. sýn. fim. 6/4 örfá sæti laus, 5. sýn. fös. 7/4 örfá sæti laus, 6. sýn. lau. 8/4 örfá sæti laus, 7. sýn. mið. 19/4, 8. sýn. fim. 20/4, 9. sýn. fös. 21/4, 10. sýn. lau. 22/4.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00
ELDHÚS EFTIR MÁLI
Í kvöld lau. 1/4 **uppselt**, sun. 2/4 örfá sæti laus, fim. 6/4 nokkur sæti laus, fös. 7/4 örfá sæti laus, lau. 8/4 **uppselt**.

KASSINN KL. 20:00
PÉTUR GAUTUR
Í dag lau. 1/4 **kl. 16:30 uppselt**, sun. 2/4 **kl. 17:00 uppselt**, þri. 4/4 **uppselt**, mið. 5/4 **uppselt**, fim. 6/4 **uppselt**, fös. 7/4 **uppselt**, lau. 8/4 **uppselt**, sun. 9/4 **uppselt**, fös. 21/4 **uppselt**, lau. 22/4 **uppselt**, sun. 23/4 **uppselt**, þri. 25/4 **uppselt**, mið. 26/4 **uppselt**, fim. 27/4 **uppselt**, fös. 28/4 **uppselt**, lau. 29/4 **uppselt**. **Aukasýningar í maí:** fös. 5/5 örfá sæti laus, lau. 6/5 **uppselt**, sun. 7/5 **uppselt**, lau. 13/5 **uppselt**.

LEIKHÚSKJALLARINN
**Leiklistarsamb. Íslands - Hvað kemur þetta okkur við?** Í dag lau. 1/4 kl. 15:00.
**Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!**
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma **585 1295**.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.



BORGARLEIKHÚSIÐ

Stóra svið

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Í dag kl. 14 UPPS. | Lau 8/4 kl. 14 UPPS.
Su 9/4 kl. 14 UPPS. | Su 23/4 kl. 14
Su 23/4 kl. 17:30 | Lau 29/4 kl. 14
Su 30/4 kl. 14 | Lau 6/5 kl. 14
Su 7/5 kl. 14 | Lau 20/5 kl 14
Su 21/5 kl. 14 | Su 28/5 kl. 14
ÓSÓTTAR PANTANIR SELDAR DAGLEGA

KERTALJÓSATÓNLEIKAR
HARÐAR TORFA
FIMMTUDAGINN 6/4 Kl. 20

KALLI Á ÞAKINU
Fi 13/4 kl. 14 skírdagur UPPSELT
Lau 15/4 kl. 14 UPPSELT
Má 17/4 kl. 14 annar í páskum
Fi 20/4 kl. 14 sumardagurinn fyrsti
Lau 22/4 kl. 14

FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP
Su 30/4 kl. 20 UPPS. | Má 1/5 kl. 20 UPPS.
Þri 2/5 kl. 20 UPPS. | Mi 3/5 kl. 20 UPPS.
Su 7/5 kl. 20 UPPS. | Má 8/5 kl. 20 UPPS.
Þr 9/5 kl. 20 UPPS. | Fi 18/5 kl. 20 UPPS.
Fö 19/5 kl. 20 UPPS. | Fö 19/5 kl. 22:30
Su 21/5 kl. 20 UPPS. | Fi 25/5 kl. 20 AUKAS
Fö 26/5 kl. 20 UPPS. | Fö 26/5 kl. 22:30
Su 28/5 kl. 20 | Fi 1/6 kl. 20

VORSÝNING 2006
Listdansskóli Íslands
Þri 11/4 kl . 20 | Mi 12/4 kl. 20

Nýja svið / Litla svið

BELGÍSKA KONGÓ
Fi 6/4 kl. 20 UPPS. | Fö 7/4 kl. 20
Fi 20/4 kl. 20 | Fö 21/4 kl. 20
Lau 29/4 kl. 20 | Su 30/4 kl. 20

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Í kvöld kl. 20 | Lau 8/4 kl. 20
SÍÐUSTU SÝNINGAR Í REYKJAVÍK

HUNGUR
Fi 4/5 kl. 20 | Su 7/5 kl. 20

NAGLINN
Fö 28/4 kl. 20 | Lau 29/4 kl. 20

GLÆPUR GEGN DISKÓINU
Lau 22/4 kl. 20 | Fö 28/4 kl. 20
Fö 5/5 kl. 20 | SÍÐUSTU SÝNINGAR

FORÐIST OKKUR
Í kvöld kl. 20 | Mi 5/4 kl. 20
Fi 6/4 kl. 20 UPPS. | Fö 7/4 kl. 20
Lau 8/4 kl. 20 | Su 9/4 kl. 20
Fi 20/4 kl. 20 | Fö 21/4 kl. 20

DANSleikhúsið
Su 9/4 kl. 20 | Þri 11/4 kl. 20
Mi 19/4 kl. 20 | 23/4 KL. 20

SÖNGLIST
Í dag kl. 12:00 | Í dag kl. 15
Má 3/4 kl 17 | Má 3/4 kl. 20:30
Þri 4/4 kl. 17 | Þri 4/4 kl. 20
Mi 5/5 kl. 17 | Mi 5/5 kl. 20

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is




GUNNAR REYNIR SVEINSSON TÓNSKÁLD OG HILMAR ÖRN AGNARSSON KÓRSTJÓRI Útgáfutónleikar með trúarlegu ívafi.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Trúarleg tónverk í bland

Í dag verða útgáfutónleikar í Þjóðmenningarhúsinu þar sem tónsmíðar Gunnars Reynis Sveinssonar munu óma í flutningi Kammerkórs Suðurlands, gítarleikarans Símon H. Ívarssonar og einsöngvara.

Gunnar Reynir hefur fengist talsvert við að semja trúarlega tónlist en diskurinn Til Máríu var tekinn upp í tilefni af sjötugsafmæli tónskáldsins og kom út á boðunardegi Maríu síðastliðinn sunnudag. Þungamiðja tónleikanna er flutningur á titilverkinu, sem að sögn Hilmars Arnar Agnarssonar, stjórnanda Kammerkórs Suðurlands, er eitt merkilegasta verk Gunnars. Einnig verða flutt kvennakórslög og einsöngsverk eftir hann auk laga við ærslavísur Æra-Tobba sem kunna að létta andrúmsloftið.

Gunnar Reynir hóf tónsmíðanám hjá dr. Viktor Urbancic á sjötta áratug síðustu aldar og lærði síðar hjá Jóni Leifs en Gunnar var eitt af fyrstu tónskáldunum sem áttu verk á tónleikum Musica Nova. „Hann hefur samið mjög fjölbreytta tónlist, allar tegundir raunar, leikhústónlist, djass og mótettur sem eru stórkostlegar tónsmíðar en hann nær að sameina svo margt í sinni músík. Maður finnur að hún er íslensk, en það er sveifla í henni og hljóðheimur dægurtónlistar en líka framúrstefna og klassík," segir Hilmar Örn. Trúartónlist Gunnars Reynis hefur verið flutt víða um heim, þar á meðal víða í Austur-Evrópu og í Aserbaídsjan.

Gunnar Reynir hefur einnig komið víða við sem hljóðfæraleikari, hann var til að mynda fyrsti slagverksleikari Sinfóníuhljómsveitar Íslands og spilaði með frægustu djassleikurum veraldar á sínum Parísar- og Lundúnaárum. Hann kveðst enn vera að semja en vill ekkert láta uppi um tónsmíðar framtíðarinnar að svo stöddu.

Tónleikarnir hefjast kl. 15.00 en aðgangur er ókeypis og allir velkomnir. **- khh**


SÍÐUSTU SÝNINGAR

TYPPATAL
LEIKSTJÓRN: SIGGI SIGURJÓNS



Sýnt á NASA við Austurvöll
Miðvikudagur 12. apríl
Laugardagur 15. apríl
Miðvikudagur 19. apríl

Miðasala í síma 575 1550,
verslunum Skífunnar og www.midi.is



CommonNonsense kynnir:
Forðist okkur
eftir Hugleik Dagsson
Ekki missa af því.....aftur.
FERMIÐ OKKUR
Miðasalan er hafin í Borgarleikhúsinu
568 8000



Ein elsta og mesta rokkhljómsveit landsins
Logar
frá Vestmannaeyjum
á Kringlukránni
Eyjastuð í kvöld



Café/Restaurant
KRINGLU KRÁIN
– á góðri stund



GERÐUBERG



Steinunn Sigurðardóttir
fatahönnuður
tískuhönnun • myndbönd frá
tískusýningum • ljósmyndir
Sýninguna má einnig sjá á
www.siminn.is/steinunn

Margræðir heimar
Valur Sveinbjörnsson naívisti
sýnir málverk í Boganum

Sýningarnar standa til 30 apríl
og eru opnar virka daga 11-17,
miðvikudaga 11-21 og um helgar 13-16.

Vissir þú...
...að í GERÐUBERGI er fjölbreytt
og góð aðstaða fyrir fundi fyrirlestra,
námskeið og ráðstefnur

www.gerduberg.is Síminn



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Leikfélag Mosfellssveitar

**Í BEINNI**

eftir Hrafnkel Stefánsson og Nóa Kristinsson í Bæjarleikhúsinu Mosfellsbæ
Leikstjóri: Guðný María Jónsdóttir

9. sýning Laugard. 01.apr. kl.20:00

Síðasta sýning

*Leikritið gerist í lokaþætti sjálfshjálparþáttarins Í beinni, útsendingin gengur þó ekki átakalaust fyrir sig og hinar óvæntustu uppákomur setja svip sinn á atburðarásina. Einnig er í sýningunni skyggnst bakvið. Þetta er bráðfyndið leikrit sem óhætt er að mæla með.*

**Miðasala í síma 5 66 77 88**
**Miðaverð kr. 1800,-**
**www.leikmos.is**









LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU

24. starfsár



Dietrich Buxtehude

**Membra Jesu Nostri**

Hallgrímskirkju 2. apríl kl.17:00

Flytjendur:
Hymnodia -
Kammerkór Akureyrarkirkju

Stjórnandi: Eyþór Ingi Jónsson

Aðgangseyrir kr. 2000,-/1500,-

**Miðasala í Hallgrímskirkju**
s. 510 1000.



**HIMNARÍKI**

Geðklofin gamanleikur eftir Árna Ibsen

Fös. 31. mars. kl. 20
*Síðasta sýning.*

**HVAÐ EF**

Fös. 31.mars kl. 14.00 uppselt

**VIÐTALIÐ**

eftir Lailu Margréti Arnþórsdóttur

Laugard. 1.april kl.20.00
Fimmtud. 6.april kl. 20.00
Föstud. 21.april kl.20.00
Fimmtud. 27.april kl.20.00

10 ÁRA HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ

Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is







# VELKOMIN Í INTERSPORT

## gerðu góð kaup um helgina







**4.990**
VERÐ ÁÐUR ~~5.990~~

RÖHNISCH

RÖHNISCH **LINA SWEAT HOOD** Rennd dömu hettupeysa úr bómul. Litur: svartur. Stærðir: 36-44 Kr. **4.990**

**2.990**
VERÐ ÁÐUR ~~3.990~~

RÖHNISCH

RÖHNISCH **CTIVE LOOSEPANTS** Klassíkar dömubuxur, reimaðar í mittið.
Litur: Svartar. Stærðir: 36-42 Kr. **2.990**

**1.990**
VERÐ ÁÐUR ~~2.990~~





**4.990**
VERÐ ÁÐUR ~~6.290~~

**2.990**
VERÐ ÁÐUR ~~3.990~~

RÖHNISCH

RÖHNISCH **LOGO WMN SINGLET** Vandaðir og góðir dömubolir. Litur: bleikur, hvítur og turquise. Stærðir: 36-46 Kr. **1.990**

RÖHNISCH **SOFT SWEAT PANTS** Flottar dömu bómullarbuxur með beinu sniði. Reimaðar í mittið. Litur: Svartar. Stærðir: 38-44 Kr. **2.990**

CONVERSE

CONVERSE **ALL STAR OX** Dömuskór sem ekki þarf að reima. Teygja í skónum. Litur: olífugrænn. Stærðir: 35-40 Kr. **4.990**

**100% ÖRYGGI**
við lofum þér lægra verði!

Við leggjum okkur 100% fram við að bjóða ávallt upp á lægsta verðið. Ef þú hefur keypt vöru í INTERSPORT og finnur sömu vöru á lægra verði í annarri verslun, þá **endurgreiðum** við þér mismuninn. Sýna þarf kassakvittun.
***Gildir í tvær vikur frá kaupdegi , gildir um allar vörur nema útsölu- eða tilboðsvörur.***

**Intersport Húsgagnahöll** SÍMI 585 7220 • Mán. - föstud. 10 -19 • Laugardaga 10 -18 • Sunnudaga 12 -18







7.990
VERÐ ÁÐUR ~~9.990~~

ADIDAS **GAZELLE II** Flottir götuskór úr leðri fyrir stráka. Góðir á fermingardaginn. Litur: svartur. Stærðir: 41-45 Kr. **7.990**



6.990
VERÐ ÁÐUR ~~8.990~~

ADIDAS **GAZELLE II** Mjög flottir skór á herra. Litur: svartur, blár og rauðir. Stærðir: 39-46 Kr. **6.990**

# FJÖLBREYTT ÚRVAL

## af sportfatnaði og skóm



5.990
VERÐ ÁÐUR ~~7.990~~

ADIDAS **STAN SMITH W** Klassískir dömuskór. Litur: hvítur með bleiku. Stærðir: 37 1/3- 40 2/3 Kr. **5.990**



7.990
VERÐ ÁÐUR ~~10.990~~

ADIDAS **RACER LOW W** Flott, nýtt sumarútlit á dömuskónum komið. Litur: hvítur. Stærðir: 36-41 Kr. **7.990**



3.990
VERÐ ÁÐUR ~~4.990~~

AVIA **PARADE W**: Flottir götuskór á dömur. Litur: svartir. Stærðir: 37-43 Kr. **3.990**

*Póstverslun*
VIÐ SENDUM HVERT
Á LAND SEM ER

INTERSPORT®

CLUB INTERSPORT

• **Intersport Smáralind** SÍMI 585 7240 • Mán. - föstud.11 - 19 • Laugardaga 11 - 18 • Sunnudaga 13 - 18

## > Coco Chanel

*...ilmvatnið góða fæst nú í ferðaumbúðum sem handhægar eru í hvert kvenmannsveski. Glasið er perlulitað og ákaflega fallegt og auðvelt í notkun. Þetta er eitthvað sem aðdáendur Chanel mega ekki missa af!*



# útlit

utlit@frettabladid.is

## SMEKKURINN THELMA BJÖRK JÓNSDÓTTIR FATAHÖNNUÐUR

# *Með slettu af hinu óvænta*

**Spáir þú mikið í tískuna?**
Já, að sjálfsögðu alltaf.

**Hvernig lýsirðu stílnum þínum?**
Kvenlegur með slettu af hinu óvænta.

**Uppáhaldshönnuðir eða fatamerki?**
Gowithjan, STEiNNUNN, Sonia Rykiel, Balenciaga, Chanel, Alaia, Halston og ELM svo einhverjir séu nefndir.

**Flottustu litirnir?**
Þessa stundina eru það svartur, súkkulaðibrúnn, sægrænn og fjólublár.

**Hverju ertu veikust fyrir?**
Chanel-töskum, góðum mat og hávöxnum, dökkhærðum herramönnum.

**Hvaða flík keyptir þú þér síðast?**
Agent Provocateur-undirföt.

**Hvað finnst þér flottast í tískunni núna?**
Höfuðföt.

**Hvað ætlarðu að kaupa þér fyrir sumarið?**
Kort í sundlaugarnar.

**Uppáhaldsverslun?**
Álnavörubúðin í Hveragerði, Fríða frænka og Maður lifandi.

**Hvað eyðir þú miklum peningum í föt á mánuði?**
Það er eins mismunandi og mánuðurnir eru margir.

**Hvaða flíkur gætir þú ekki verið án?**
Hattanna minna.

**Uppáhaldsflík?**
Joggingbuxurnar mínar.

**Hvert myndir þú fara í verslunarferð?**
New York.

**Ljótasta flík sem þú hefur keypt þér?**
Til er skápur fullur af gömlum syndum.


FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



## MÓÐUR VIKUNNAR

### > MARTA MARÍA FER YFIR MÁLIN

# *Kerlingarleg?*

Að vera eða að vera ekki kerlingarlegur er eitthvað sem getur vafist fyrir manni. Sérstaklega þegar 29. aldursárið bankar upp á. Ég hélt að þessi hugsun myndi aldrei koma upp og hvað þá vefjast fyrir mér. Ég var handviss um að mér myndi alltaf líða eins og ég væri 18 að verða 19 ára. Einn daginn vaknar maður upp með breyttan svip, nokkrar broshrukkur í kringum augun, örfá grá hár og sjónin fer jafnvel að versna. Án þess að maður geti hent reiður á því breytist smekkurinn sjálfkrafa burtséð frá tískusveiflum og „trendum“ líðandi stundar.

Þægileg föt fá meira vægi en óþægileg og maður kaupir helst ekkert nema að viðkomandi flík sé nánast fullkomin og geri eitthvað pínulítið fyrir mann. Ég verð að játa að í dag klígjar mig við bolum úr 100% gerviefni og ég myndi aldrei fara í taftkjól út í kulda. Þessi „miðaldra smekkur“ gerir það líka að verkum að mér finnst allt í lagi að fara í dúnúlpu á bar ef það er mjög kalt úti.

Mér finnst alltaf jafn hræðilegt þegar ég sé „eldri konur“ í unglingafötum og það er líka vont að sjá stelpur verða „kerlingalegar fyrir aldur fram. Þó veit ég ekki hvor kosturinn er skárri, líklega báðir jafn vondir. Svo eru það dragtirnar. Auðvitað eru til ofursvalar dragtir með víðum herralegum buxum og vel sniðnum jökkum með flottum smáatriðum. En ljósar dragtir úr gerviefnum er eitthvað sem enginn ætti að láta sjá sig í.

Vegur rétta fatnarins getur verið torfarinn. Það er allt of auðvelt að lenda ofan í skurði. Þess vegna skiptir máli að vera meðvitaður og taka engar skyndiákvarðanir. Maður tapar nefnilega aldrei á því að velta hlutunum fyrir sér í ró og næði og taka síðan ákvörðun. Skál í boðinu!












**DÖNSK KAÐLAPEYSA** sem gæti vel verið frá sjötta áratugnum. Dúskarnir eru að minnsta kosti mjög í ætt við það tímabil. Peysan fæst hjá Ilse Jacobsen.

**FULLKOMINN SUMARKJÓLL** fyrir allar þær skvísur sem setja smekklegheit í forgang. Hann fæst í versluninni Ilse Jacobsen á Garðatorgi.





**FREISTANDI** Gullstrigaskór með rauðu munstri. Er hægt að biðja um betra? Skórnir eru frá Ilse Jacobsen.

# Rómantískt, danskt og dásamlegt!



**SKVÍSULEGT** Sumarpils sem fæst í versluninni Ilse Jacobsen.

Vor- og sumartískan í ár iðar af lífi. Rauði liturinn verður einn af aðallitunum ásamt köflum, rósum og öðrum líflegum og sumarlegum munstrum. Áhrif frá sjöunda áratugnum eru afar áberandi, stuttir aðsniðnir jakkar með kvartermum og skemmtilegum tölum er eitt af því sem verður sérlega vinsælt. Rósóttum og munstruðum kjólum má enginn missa af og svo kemst enginn í gegnum sumarið nema eiga allavega eina litríka skó! Sumarið verður sem sagt allt annað en einslitt og leiðinlegt.

Hnepptar, stuttar aðsniðnar gollur verða áberandi og er um að gera fjárfesta í slíkum peysum í litum til að lífga upp á heildarmyndina. Í versluninni Ilse Jacobsen á Garðatorgi í Garðabæ er að finna mikið af fallegum gollum, kjólum, jökkum og pilsum sem auðvelt er að falla fyrir. Einnig er gott úrval af skóm í öllum heimsins litum og munstrum. Merkin í versluninni eru frá Danmörku en hönnuðurinn Ilse Jacobsen leggur áherslu á vönduð efni og mikið er lagt í sníðagerð og annan frágang. Meira að segja miðbæjarkonur sem fara helst ekki upp fyrir Ártúnsbrekkuna hafa kolfallið fyrir Ilse enda dönsk og dásamleg.

martamaria@frettabladid.is



**DOPPUR ERU MÁLIÐ** í sumar. Þessi kjóll er úr versluninni Oasis.







**KÖFLÓTTUR DRAUMUR** Þessi jakki er æðislegur við gallabuxur eða einlitt pils. Hann fæst í Ilse Jacobsen.

**KRYDD Í TILVERUNA** Þetta belti er ætlað til að setja á kápur til að skreyta þær. Það fæst í Ilse Jacobsen.

# Nýjasta andlit Miu Miu



**CAMILLA BELLE** Hér er hún á frumsýningu The Chumscrubber en hún leikur á móti Jamie Bell í þeirri mynd.



**CHANEL** Hér er hún á enn einni frumsýningunni í flottri en óhefðbundinni Chanel-dragt.

Camilla Belle er nítján ára gömul leikkona frá Bandaríkjunum en hún á brasilíska móður og bandarískan föður. Þegar hún var yngri lék hún í myndum eins og Jurassic Park 2, Poison Ivy 2 og Practical Magic. Hún hefur svo einbeitt sér talsvert að „indie"-myndum að undanförnu þar til nú að hún leikur í Hollywood-tryllinum When a Stranger Calls.

Hún virðist einnig vera talsverður tískupælari því hún hefur sést á ófáum tískusýningunum og þar á meðal hjá Chanel.

Stíll Camillu er frekar einfaldur, klassískur og glæsilegur. Hún leggur mikla áherslu á að vera fín til fara og er alltaf með glansandi fallegt hár og fínlega förðun. Hún hefur sterka andlitsdrætti og karaktermiklar augabrúnir og hefur verið líkt við leikkonuna Brooke Shields að því leyti.

Mestu athyglina í tískuheiminum fær hún þessa dagana fyrir að vera nýtt andlit Miu Miu-fatamerkisins ásamt Kim Basinger. Miu Miu er ódýrari lína Miuccia Prada en auglýsingar Miu Miu hafa vakið mikla athygli og í þeim hafa komið fram persónur eins og Maggie Gyllenhaal, Eleanor Friedberger og Selma Blair.



**KLASSÍSK** Hún er falleg á klassískan hátt og leggur áherslu á að vera vel til höfð.



**VIRÐULEG** Önnur skikkja úr smiðju Erin.

**SKIKKJA** Ótrúlega klæðileg og flott flík.

# Nýstirni frá Kaliforníu

Erin Fetherston er 24 ára ungur fatahönnuður frá Berkeley í Kaliforníu. Hún er nýlega útskrifuð frá Parsons-skólanum í París en hefur þó hannað sína eigin línu undir eigin nafni í nokkurn tíma. Hún sýndi vetrarlínu sína í íbúð í París þar sem hún kynnti einnig kvikmynd sem var sýnd á meðan fyrirsæturnar sýndu fatnaðinn. Myndin er tekin upp af Ellen Von Unwerth og meðal leikara er Kirsten Dunst sem er vinkona Fetherston og mikill aðdáandi hönnunar hennar. Í svart/hvítri myndinni sagði Erin sögu fjögurra stúlkna í skólabúningi sem finna kistu fulla af skemmtilegum fötum og taka upp á því að máta þau.

Vetrarlína hennar sem hún kallaði Wendybird, eins og myndina, var í anda hennar fyrri lína. Ævintýraleg, rómantísk, kvenleg en um leið með örlítlum töffarablæ. Hún hefur næmt auga fyrir fallegum sniðum og efnum og litirnir í línunni voru aðallega svartur, rauður og hvítur. Hún er mikið fyrir sjiffon og blúndur og á eflaust eftir að láta að sér kveða í tískuheiminum í framtíðinni enda hefur hún nú þegar fengið töluverða athygli.



**SVART** Úr nýjustu vetrarlínu Erin Fetherston.







SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| DATE MOVIE | kl. 1, 4, 6, 8 og 10 B.I. 14 ÁRA |
| SÝND Í Í LÚXUS | kl. 1, 4, 6, 8 og 10 B.I. 14 ÁRA |
| THE PRODUCERS | kl. 8 og 10.45 |
| BIG MOMMA'S HOUSE 2 | kl. 1, 3.40, 5.45, 8 og 10.15 |
| PINK PANTHER | kl. 1, 3.45, 5.50 og 10.10 |
| YOURS MINE AND OURS | kl. 1, 4 og 6 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| DATE MOVIE | kl. 4, 6, 8 og 10 B.I. 14 ÁRA |
| THE PRODUCERS | kl. 2.40, 5.20, 8 og 10.45 |
| WALK THE LINE | kl. 2.40, 5.15, 8 og 10.45 |
| RENT | kl. 2.40, 5.20, 8 og 10.40 B.I. 14 ÁRA |

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| DATE MOVIE | kl. 4, 400 KR. 6, 8 og 10 B.I. 14 ÁRA |
| TRISTAN & ISOLDE | kl. 5.45 og 10 B.I. 14 ÁRA |
| BIG MOMMA'S HOUSE 2 | kl. 4 400 KR. og 8 |

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

Dolby SDDS THX BÍÓ.IS – allt á einum stað










## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**APRÍL**

29 30 31 **1** 2 3 4

### Laugardagur

### TÓNLEIKAR

☐ 13.00 **Rúnar Óskarsson** bassaklarinettuleikari heldur tónleika í **Salnum** í Kópavogi.

☐ 15.00 Útgáfutónleikar vegna útkomu geisladisksins **Til Máríu** eftir **Gunnar Reyni Sveinsson**. Flytjendur eru **Kammerkór Suðurlands,** gítarleikarinn **Símon H. Ívarsson** og einsöngvarnir **Hallveig Rúnarsdóttir**, **Hrólfur Sæmundsson**, **Anna Sigríður Helgadóttir** og **Sverrir Guðjónsson**.

☐ 17.00 Mínítónleikar **Kiru Kiru** á svefnlofti verslunarinnar **kvk** við **Laugarvegi 20.** Ný og sjóðandi lög, allir velkomnir.

☐ 21.00 Mótmælatónleikar gegn stóriðjuframkvæmdum á Norðurlandi. Tónleikarnir fara fram í **Ketilhúsinu** en **Helgi og hljóðfæraleikararnir**, **Borko**, **Þórir**, **Mr. Silla**, **Orri Harðar** og hljómsveitin **Reykjavik!** koma fram.

☐ 22.00 Tónlistarveisla í **Stúdentakjallaranum**, plötuútgáfan **Grandmothers** kynna **Skáta**, **Retron**, **Stilluppsteypu** og **Seabear**. Ókeypis inn.

### OPNANIR

☐ 15.00 Sýning **Leirlistafélagsins** verður opnuð í **Hafnarborg**. Á sýningunni má sjá gömul og ný verk eftir meðlimi félagsins sem nú fagnar 25 ára afmæli sínu.

☐ 16.00 **Þorvaldur Þorsteinsson** opnar sýninguna Íslandsmyndir í **Kaffi Karólínu** á Akureyri. **Joris Rademaker** opnar einnig sýningu á nýjum verkum á veitingahúsinu **Karólínu**.







## ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| BASIC INSTINCT 2 | KL. 3-5:30-8-10:30 | B.I. 16 |
| BASIC INSTINCT 2 VIP | KL. 3-5:30-8-10:30 | |
| EIGHT BELOW | KL. 3-5:30-8-10:30 | |
| V FOR VENDETTA | KL. 5:15-8-10:45 | B.I. 16 |
| THE MATADOR | KL. 8:15-10:30 | B.I. 16 |
| LASSIE | KL. 1:40-3:50-6 | |
| AEON FLUX | KL. 6-10:30 | B.I. 16 |
| BLÓÐBÖND | KL. 8 | |
| BAMBI 2 ísl. tal | KL. 2-4 | |
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 2 | |

ÁLFABAKKI S: 587-8900

## KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| BASIC INSTINCT 2 | KL. 5:45-8-10 | B.I. 16 |
| DATE MOVIE | KL. 4-6-8-10:20 | |
| BIG MOMMAS HOUSE 2 | KL. 2-3:50 | |
| BAMBI 2 | KL. 2 | |

## AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| BASIC INSTINCT 2 | KL. 5:45-8-10:15 | B.I. 16 |
| EIGHT BELOW | KL. 3:30-5:45-8 | |
| V FOR VENDETTA | KL. 10:15 | B.I. 16 |
| LASSIE | KL. 2-4 | |
| BAMBI 2 | KL. 2 | |

AKUREYRI S: 461-4666 • KEFLAVÍK S: 421-1170

## KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| BASIC INSTINCT 2 | KL. 3-5:30-8-10:30 | B.I. 16 |
| EIGHT BELOW | KL. 12-2:30-5:30-8-10:30 | |
| V FOR VENDETTA | KL. 5:30-8-10:30 | B.I. 16 |
| LASSIE | KL. 12-2:30 | |
| BAMBI 2 ísl. tal. | KL. 12-1:30 | |

KRINGLAN S: 588-0800

## Háskólabíó

| | | |
|---|---|---|
| BASIC INSTINCT 2 | KL. 5:40-8-10:20 | B.I. 16 |
| V FOR VENDETTA | KL. 5:20-8-10:40 | B.I. 16 |
| THE MATADOR | KL. 6-8-10 | B.I. 16 |
| THE NEW WORLD | KL. 10 | B.I. 12 |
| THE WORLD´S FASTEST INDIAN | KL. 5:30 | |
| SYRIANA | KL. 8-10:30 | B.I. 16 |
| BLÓÐBÖND | KL. 6-8 | |
| LASSIE | KL. 3 | |
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 3 | |
| BAMBI 2 | KL. 3 | |
| OLIVER TWIST | KL. 3 | |

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919


☐ 16.00 **Eygló Harðardóttir** opnar sýninguna **Spádómar og snilligáfa** í galleríi **Suðsuðvestur** í Keflavík.

## SKEMMTANIR

☐ 22.00 **Rokksveit Rúnars Júlíussonar leikur** fyrir dansi í **Vélsmiðjunni** á Akureyri.

☐ Hið árlega **Austfirðingaball** á **Players** Kópavogi. Fram koma hljómsveitirnar **Á móti sól** og **Rokkabillybandið**, **Tómas Tómasson** og **Björn Vilhjálmsson**, **Hálfdán Steinþórsson**, **Guðmundur R. Gíslason** og **Erla Ragnars**.

☐ Hljómsveitin **Góðir landsmenn** spilar í **Lundanum** í Vestmannaeyjum.

## FUNDIR

☐ 15.00 Umræðufundir á vegum **Leiklistarsambands Íslands** í **Þjóðleikhúskjallaranum** um brotthvarf varnarliðsins og önnur mál.

## SÍÐUSTU FORVÖÐ

☐ 13.00 Síðasta sýningarhelgi á samsýningunni **Cold Climate** í **Nýlistasafninu**, listamenn frá frá Finnlandi, Íslandi og Bretlandi. Sýningin er opin frá 13.00-17.00 á laugardag og sunnudag.

## FÉLAGSLÍF

☐ 13.30 **Hjörtur Pálsson** formaður **Suomifélagsins á Íslandi** fjallar um Finnland og finnska menningu í **Bókasafni Garðabæjar.**

## UPPÁKOMUR

☐ 11.00 Hópur nemenda úr **Menntaskólanum í Kópavogi** heldur fatamarkað til styrktar götubörnum í **Mósambik**. Markaðurinn verður haldin í húsnæði sjálfboðaliðamiðstöðvar **Kópavogsdeildar Rauða krossins** í **Hamraborg 11.**

☐ 14.00 Fjöllistamaðurinn **Algea** kemur fram í húsnæði **Art-Iceland.com** á **Skólavörðustíg 1A**.

## MÁLÞING

☐ 14.00 **Íslensk-japanska félagið** minnist 25 ára afmælis síns með málþingi um japönsk ljóð og sögur. Málþingið fer fram í stofu 101 í **Odda**.

## KVIKMYNDASÝNINGAR

☐ 19.30 **Tilraunakvikmynda- og vídeóhátíðin 700IS Hreindýraland** verður sett á **Eiðum**, hátíðin fer fram á ýmsum stöðum á Austurlandi og stendur til 3. apríl.

# Fimm snúða dansveisla



**EXOS** Plötusnúðurinn Exos treður upp á Grand Rokki ásamt fjórum öðrum snúðum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Mikið danstónlistarkvöld verður haldið á Grand Rokki á laugardagskvöld þar sem fimm plötusnúðar á vegum techno.is troða upp.

Þeir sem koma fram eru plötusnúðarnir Richard, Óli Ofur, Exos, Bjössi Brunahani og Steinar A. DJ. Richard Cuellar hefur spilað mikið undanfarið og komið fram á flestum skemmtistöðum Reykjavíkur eins og Broadway, Grand Rokki og Nasa, þar sem kappinn spilaði sama kvöld og Misstress Barbara og Timo Maas.

Tónleikarnir hefjast á miðnætti og standa yfir til kl. 5.00. Miðaverð er 500 krónur. ■

# Safnplata með „íslensku“ aukalagi

Hljómsveitin Massive Attack hefur gefið út safnplötuna Collected. Með plötunni fylgir „dual“-diskur með sjaldgæfum og endurunnum lögum á annarri hliðinni og myndböndum á DVD-formi á hinni hliðinni.

Á meðal laga á safnplötunni, sem voru sérstaklega valin af sveitinni, eru Unfinished Sympathy,



**ROBERT DEL NAJA** Robert Del Naja úr Massive Attack syngur á tónleikum í Bristol í Bretlandi. Ný safnplata með sveitinni er komin út. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Safe From Harm, Protection, Teardrop, Karmacoma og Angel. Þess má geta að eitt af minna þekktu lögunum á aukaplötunni nefnist Joy Luck Club og er „rómantísk frásögn frá skemmtikvöldum á Íslandi,“ að sögn Robert Del Naja, meðlims sveitarinnar. Var lagið tekið upp á síðasta ári með söngkonunni Debbie Clare úr hljómsveitinni Oom.

Massive Attack hefur selt um níu milljónir platna síðan fyrsta plata sveitarinnar, Blue Lines, kom út. Alls hefur sveitin gefið út fjórar breiðskífur og nefnist sú síðasta 100th Window.

Hljómsveitin hefur lokið upptökum á sjö lögum fyrir sína nýjustu plötu sem er væntanleg á næsta ári og nefnist Weather Underground.

Fyrsta smáskífulag safnplötunnar nefnist Live With Me og er glænýtt. ■





við framleiðum:

einbýlishús
parhús
sumarhús

www.nytthus.is

NýttHús



## Guðjón ekki til Noregs

Guðjón Baldvinsson, sóknarmaður Stjörnunnar, fer ekki til norska liðsins Bodö/Glimt eins og allt útlit var fyrir. Norska félagið var ekki einu sinni nálægt því að ná samningum við Stjörnuna en Bodö vildi fá Guðjón lánaðan sem kom aldrei til greina af hálfu Stjörnumanna.

**sport**

sport@frettabladid.is

GUNNAR ÞÓR GUNNARSSON: SEMUR VIÐ SÆNSKA ÚRVALSDEILDARLIÐIÐ HAMMARBY TIL ÞRIGGJA ÁRA

# *Skammt stórra högga á milli*



„Ég er að sjálfsögðu í skýjunum með þetta en hlutirnir hafa gerst mjög hratt. Ég er mjög spenntur fyrir verkefninu og þetta byrjar af fullum krafti hjá mér og liðinu. Það er leikur strax á þriðjudaginn og svo eru ekki nema tíu dagar í stórleikinn gegn Djurgarden. Það er því skammt stórra högga á milli í þessu, þetta er hálfgert ævintýri hjá mér," sagði hinn tvítugi Gunnar við Fréttablaðið í gær en í síðustu viku sat hann í tíma í Háskóla Íslands áður en hann hélt til Hammarby.

Gunnar skrifaði undir þriggja ára samning í gær á Möltu þar sem hann dvaldi í tæpa viku með liðinu og hefur greinilega hrifið Anders Linderoth þjálfara en Gunnar er sáttur með samninginn sinn við Hammarby.

„Þetta er fínn samningur en ég verð enginn milljónamæringur á þessu. En það er frábært að geta lifað á því að spila fótbolta, það er líka gaman að prófa eitthvað nýtt og spennandi og ég hlakka til að búa í Stokkhólmi. Ég gæti ekki verið ánægðari með þetta, Hammarby er einn af stærstu klúbbunum í Svíþjóð og ég væri vel settur ef ég gæti fest mig í sessi hérna," sagði Gunnar.

Hjá Hammarby hittir hann fyrir landsliðsmanninn Pétur Hafliða Marteinsson og munu þeir mynda íslenskt varnarpar í öftustu víglínu liðsins. „Það hjálpar mikið að Pétur og konan hans eru hérna. Þau eru mér til halds og trausts auk þess sem ég á von á meiri hjálp," sagði ungmennalandsliðsmaðurinn sem var einnig til reynslu hjá Öster í Svíþjóð fyrir skemmstu.

Gunnar setur sér hófleg markmið til að byrja með í atvinnumennskunni. „Ég vil ekki setja pressu á sjálfan mig með neinum markmiðum en ég stefni vissulega á að spila sem mest. Ef ég spila þá hlýt ég að vera að gera eitthvað rétt, það er aðalmálið hjá mér," sagði hinn knái vinstri bakvörður.

## > Sigþór til Völsungs

Sigþór Júlíusson er genginn í raðir Völsungs á Húsavík við mikla kátínu heimamanna. Sigþór hætti með Val eftir áramót og allt leit út fyrir að hann myndi hvíla sig á knattspyrnu um hríð. Svo fór ekki og Sigþór hefur tekið fram skóna að nýju og kemur til með að styrkja lið Völsungs svo um munar í baráttunni í 2. deild í sumar. Sigþór er uppalinn á Húsavík og á heimasíðu félagsins, Völsungur.is, er talað um „stórkostlegar fréttir", sem er ekki skrýtið þar sem Sigþór hefði vel getað spilað áfram með Val en hann verður lánaður til Húsavíkur. Hjá Völsungi hittir Sigþór fyrir bróður sinn, Halldór Fannar.

Íslenska kvennaliðið:

## Til Tékklands í næstu viku

**HANDBOLTI** Stefán Arnarson, landsliðsþjálfari kvenna, hefur valið landsliðshópinn sem tekur þátt í sterku æfingamóti í Tékklandi í næstu viku.

Þetta er fyrsti liðurinn í ströngum undirbúningi liðsins fyrir tvo leiki gegn Makedóníu sem skera úr um það hvor þjóðin spilar á Evrópumótinu í desember sem fram fer í Svíþjóð. Auk Íslands keppa Úkraína, Tékkland, Tyrkland, Slóvakía og Holland á mótinu sem er gríðarlega sterkt.

Það eru leikmenn sem eru að stíga sín fyrstu skref sem einkenna landsliðshópinn að þessu sinni en miklar breytingar hafa orðið á kvennalandsliðinu á undanförnum misserum. **- hþh**

**LANDSLIÐSHÓPURINN**

| | |
|---|---|
| ANNA GUÐMUNDSDÓTTIR | LEVANGER |
| **ÁGÚSTA EDDA BJÖRNSDÓTTIR** | **VAL** |
| DRÍFA SKÚLADÓTTIR | VAL |
| **ELÍSABET GUNNARSDÓTTIR** | **STJÖRNUNNI** |
| GUÐBJÖRG GUÐMANNSDÓTTIR | HAUKUM |
| **HANNA GUÐRÚN STEFÁNSDÓTTIR** | **HAUKUM** |
| HELGA TORFADÓTTIR | HAUKUM |
| **HARPA EYJÓLFSDÓTTIR** | **STJÖRNUNNI** |
| HRAFNHILDUR SKÚLADÓTTIR | SK AARHUS |
| **ÍRIS BJÖRK SÍMONARDÓTTIR** | **GRÓTTU** |
| JÓNA RAGNARSDÓTTIR | STJÖRNUNNI |
| **RAKEL DÖGG BRAGADÓTTIR** | **STJÖRNUNNI** |
| RAGNHILDUR GUÐMUNDSDÓTTIR | HAUKUM |
| **REBEKKA RUT SKÚLADÓTTIR** | **VAL** |
| SÓLVEIG LÁRA KJÆRNESTED | STJÖRNUNNI |
| **DRÖFN SÆMUNDSDÓTTIR** | **GÖPPINGEN** |

# Njarðvík komið í bílstjórasætið í rimmunni við KR

**Njarðvíkingar tóku 2-1 forystu í baráttunni við KR um að komast í úrslitaleiki Íslandsmótsins þegar grænu ljónin unnu þriðja leikinn í ljónagryfjunni.**

**KÖRFUBOLTI** „Svona eiga leikirnir að vera í úrslitakeppninni, bæði liðin að leggja sig fram og við fengum fínan leik út úr því. Meðan við spilum eins og lið þá vinnum við leikina. Nú ætlum við að reyna að klára þetta í vesturbænum til að fá smá frí. Það verður að duga eða drepast fyrir þá og má búast við rosalegri spennu," sagði Egill Jónasson, leikmaður Njarðvíkinga eftir að liðið sigraði KR 91-80 á heimavelli sínum í gær.

Leikurinn byrjaði af miklum krafti en heimamenn voru tveimur stigum yfir að loknum fyrsta leikhluta þökk sé þriggja stiga körfu frá Jeb Ivey undir lokin. Þá var Brenton Birmingham heitur og setti niður þrjár þriggja stiga körfur og tólf stig alls í þriggja stiga leikhluta.

Í öðrum leikhluta hélt baráttan áfram, um tíma leit út fyrir að Njarðvík væri að fara að ná þægilegri forystu en þá settu KR-ingar í gírinn með Melvin Scott í fararbroddi en hann átti góðan leik. Njarðvík var tveimur stigum yfir, 50-48, í hálfleik en ljóst var að þessi leikur yrði meira spennandi en hinar tvær viðureignir þessara



**FRIÐRIK STERKUR** Friðrk Stefánsson átti fínan leik fyrir Njarðvík í gær eins og venjulega. FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

liða hingað til.

KR-ingar byrjuðu þriðja leikhlutann af miklum krafti og tóku forystuna en þá áttu Njarðvíkingar góða rispu og höfðu fjögurra stiga forskot áður en haldið var í lokasprettinn. Í síðasta leikhlutanum höfðu þeir forystuna allan tímann en KR var ekki langt undan. Staðan var 84-80 þegar tvær mínútur voru eftir en á lokasprettinum þá kláruðu heimamenn leikinn algjörlega og má segja að glæsileg troðsla Egils Jónassonar hafi kastað von KR út í hafsauga.

„Ég er aldrei sáttur við að tapa en strákarnir lögðu sig alla fram en þetta tókst ekki í dag. Maður getur samt ekki farið fram á annað en að liðið geri sitt besta. Við ætlum að taka aftur á því á heimavelli á mánudaginn og vinna það verk sem við þurfum. Þetta er erfið og jöfn sería og það er ekki meginmálið hvort leikirnir séu í vesturbænum eða Njarðvík," sagði Herbert Arnarsson, þjálfari KR. Njarðvík getur tryggt sér sigur í einvíginu í þeim leik en í gær sást að ef viðureignin fer í oddaleik getur allt gerst.

Stigahæstir í Njarðvík: Brenton Birmingham 25, Friðrik Stefánsson 18, Egill Jónasson 16.

Stigahæstir í KR: Melvin Scott 30, Ljubodrac Bogavac 17, Fannar Ólafsson 13.

**- egm**



**HELENA SVERRISDÓTTIR** Lykilleikmaður hjá Haukum sem verður að leika vel ef Haukar vilja eygja von um Íslandsmeistaratitilinn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Körfubolti kvenna:

## Er tími Hauka kominn?

**KÖRFUBOLTI** Í dag fer fram fyrsti leikurinn í úrslitarimmu Hauka og Keflavíkur um Íslandsmeistaratitilinn í körfubolta kvenna. Fyrsti leikurinn fer fram að Ásvöllum í dag en alls þarf að vinna þrjá leiki í úrslitarimmunni.

Keflavík er núverandi meistari en Haukar eru deildarmeistarar og margir spá því að tími þess unga og efnilega liðs til að fara alla leið sé kominn.

Það verður ekki auðvelt fyrir Haukastúlkur að hrifsa titilinn af Keflavík því Suðurnesjastúlkur léku einstaklega vel í undanúrslitunum gegn Grindavík og unnu báða leikina örugglega. Á sama tíma lentu Haukar í smá vanda með ÍS en höfðu öruggan sigur í oddaleiknum og sýndu að liðið getur vel spilað undir pressu og álagi.





ALFREÐ FINNSSON Getur stýrt liði sínu til Íslandsmeistaratitilsins í dag, en til þess þarf liðið að vinna HK. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Íslandsmót kvenna í dag:

# Titillinn er í augsýn hjá ÍBV

HANDBOLTI Lokaumferð Íslandsmóts kvenna í handbolta fer fram í dag en Eyjastúlkur hafa titilinn í höndum sér. Þær leika gegn HK í Digranesinu í dag klukkan 16.15 og geta með sigri tryggt sér titilinn.

ÍBV er í efsta sæti deildarinnar með 29 stig en Haukar, sem mæta botnliði KA/Þórs í dag eru í öðru sæti með 28 stig ásamt Val sem mætir Stjörnustúlkum á útivelli.

Haukar og Valur gætu því stolið sigrinum ef ÍBV tapar en HK er í sjötta sæti deildarinnar með þrettán stig. Spennan verður því gríðarleg í dag og ljóst er að örlagavaldurinn er lið HK sem getur gert vonir ÍBV um Íslandsmeistaratitilinn að engu nái það toppleik gegn Eyjastúlkum. - hþh

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

APRÍL

29 30 31 **1** 2 3 4

### Laugardagur

#### LEIKIR

- 13.30 **Haukar** og **Keflavík** mætast í fyrsta leik sínum um meistaratitilinn í körfubolta í kvenna.
- 14.00 **ÍR** og **FH** mætast í DHL-deild karla í handbolta í Austurbergi.
- 14.00 **HK** og **Haukar** mætast í DHL-deild karla í handbolta.
- 14.15 **Stjarnan** og **Valur** mætast í DHL-deild karla í handbolta í Ásgarði.
- 16.15 **Stjarnan** og **Valur** mætast í DHL-deild kvenna í handbolta.
- 16.15 **HK** og **ÍBV** mætast í DHL-deild kvenna í handbolta í Ásgarði.
- 16.15 **Fram** og **FH** mætast í DHL-deild kvenna í handbolta.
- 16.15 **Haukar** og **KA/Þór** mætast í DHL-deild kvenna í handbolta.
- 16.15 **Grótta** og **Víkingur** mætast í DHL-deild kvenna í handbolta.

#### SJÓNVARP

- 11.30 **Formúla-1** á Rúv. Tímataka næturinnar frá Ástralíu endursýnd.
- 11.40 **Enska knattspyrnan** á Enska boltanum. Bein útsending frá leik **Birmingham** og **Chelsea.**
- 15.45 **Golf** á Sýn.
- 12.40 **ÓL í Tórínó** á Rúv.
- 13.05 **Meistaradeildin í handbolta** á Sýn. Bein útsending frá leik **Flensborg** og **Ciudad Real.**
- 14.10 **Handbolti** á Rúv. Bein útsending frá leik **HK** og **Hauka** í Íslandsmóti karla.
- 13.55 **Enska knattspyrnan** á Enska boltanum. Bein útsending frá leik **Newcastle** og **Tottenham.** *Leikir Arsenal og Aston Villa, Everton og Sunderland, Fulham og Birmingham, Bolton og Man Utd sýndir á hliðarrásum.*
- 16.05 **Handbolti** á Rúv. Bein útsending frá leik **HK** og **ÍBV** í lokaumferð Íslandsmóts kvenna.
- 16.15 **Enska knattspyrnan** á Enska boltanum. Bein útsending frá leik **WBA** og **Liverpool.**
- 19.50 **Spænski boltinn** á Sýn. Bein útsending frá stórleik **Real Madrid** og **Barcelona** á Santiago Bernabeau.
- 03.30 **Formúla-1** á Rúv. Bein útsending keppninni í Ástralíu.



GUÐMUNDUR GUÐMUNDSSON Hefur stýrt Fram-liðinu af einstökum myndarskap í vetur og er nálægt því að landa Íslandsmeistaratitli á sínu fyrsta ári eftir að hann sneri aftur í Safamýrina.

Framarar að hiksta á lokasprettinum í DHL-deildinni?

# Töpuðu mikilvægu stigi gegn Þór á Akureyri

HANDBOLTI Spennan í DHL-deild karla jókst til mikilla muna í gærkvöldi þegar topplið Fram tapaði mikilvægu stigi gegn Þór á Akureyri er liðin skildu jöfn, 28-28. Fram er því með 37 stig eftir 23 leiki en Haukar hafa 35 stig en hafa aðeins leikið 22 leiki. Fram hafði eins stigs forskot á Íslandsmeistarana sem nú geta komist aftur inn í mótið með sigri á HK í Digranesi í dag.

Leikurinn var annars spennandi allan tímann og hart tekist á eins og venjulega hjá þessum liðum og menn eflaust minnugir þess þegar sauð upp í þessari sömu viðureign fyrir ári. Engin slík leiðindauppákoma átti sér stað að þessu sinni.

Fram á eftir að mæta ÍR, HK og Víkingi/Fjölni og má tæplega misstíga sig ef liðið ætlar sér titilinn.

Haukar mæta HK í dag en síðustu þrjár viðureignir þeirra eru gegn Víkingi/Fjölni, Aftureldingu og erkifjendurnir í FH bíða í Kaplakrika í lokaumferðinni og gætu svo sannarlega orðið örlagavaldarnir í þessari miklu baráttu sem er á milli Fram og Hauka um Íslandsmeistaratitilinn í ár.

FRAMKVÆMDASVIÐ

Útboð á lóðum



# Norðlingaholt

## - lóðir fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði

### Útboð á byggingarrétti.

Skipulagssjóður Reykjavíkurborgar og Rauðhóll ehf. auglýsa eftir kauptilboðum í byggingarrétt á þremur lóðum í Norðlingaholti:

Annars vegar er um að ræða tvær lóðir fyrir skrifstofur, verslanir og þjónustustarfsemi á 2 – 3 hæðum:

- **Norðlingabraut 8**, áætluð stærð lóðar um 6.800 ferm., stærð húss allt að 4.800 ferm.
- **Norðlingabraut 10**, áætluð stærð lóðar um 8.000 ferm., stærð húss allt að 5.500 ferm.

Hins vegar er ein lóð fyrir þriggja hæða íbúðarhús:

- **Ferjuvað 13 – 17**, fjölbýlishús með 27 – 30 íbúðum.

Í Norðlingaholti er að rísa ný byggð, þar sem verða liðlega 930 íbúðir og um 2500 - 3000 íbúar þegar hverfið verður fullbyggt. Meðfram Breiðholtsbraut og Suðurlandsvegi eru lóðir fyrir margvíslega atvinnustarfsemi, svo sem skrifstofur, verslanir og þjónustustarfsemi. Þær eru vel staðsettar með tilliti til aðkomu og sýnileika frá Suðurlandsvegi og Breiðholtsbraut og tenginga við helstu umferðaræðar að og frá borginni.

Útboðsskilmálar, tilboðseyðublað, deiliskipulagsskilmálar og almennir lóðaskilmálar fást í afgreiðslu Framkvæmdasviðs, Skúlatúni 2. Þessi gögn verða afhent endurgjaldslaust á geisladiskum eða útprentuð gegn 4.000 króna gjaldi. Þau er einnig að finna á vefsvæði Framkvæmdasviðs, www.reykjavik.is/fs, undir málaflokknum lóðir. Nánari upplýsingar eru veittar í síma 411 8000.

Kauptilboðum í byggingarrétt á framangreindum lóðum skal skila til afgreiðslu Framkvæmdasviðs í lokuðum umslögum, merktum „Norðlingaholt – kauptilboð" **fyrir kl. 16.15 þriðjudaginn 11. apríl** nk. Fyrir sama tíma skulu bjóðendur hafa greitt tilboðstryggingu, 500.000 kr., ella teljast tilboð þeirra ógild. Tilboðin verða opnuð 11. apríl kl. 16.30 í Skúlatúni 2, 5. hæð, að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Rauðhóll ehf. Reykjavíkurborg

Nánari upplýsingar í síma 411 8000 og á www.reykjavik.is/fs

MATUR 2006

# SÆLKERAFERÐ UM

Á FJÓRÐA HUNDRAÐ AÐILAR KYNNA ÞÉR SPENNANDI HEIM
OG **ÆVINTÝRALEGRA FERÐA** UM ÍSLAND.

Spennandi veisla fyrir smáfólkið í **ORKUELDHÚSI BARNANNA** þar sem börnin fá að spreyta sig sjálf. Skemmtilegar hugmyndir fyrir barnaveisluna sem öll börn geta tekið þátt í.

**SJÁÐU FÆRUSTU MATARGERÐARMENN LANDSINS KEPPA Í STÆRSTU OG GLÆSILEGUSTU MATARSÝNINGU SEM HALDIN HEFUR VERIÐ Á ÍSLANDI.**

## DAGSKRÁ
## LAUGARDAGINN 1. APRÍL.

| | |
|---|---|
| 08.00 - 15.20 | Matreiðslumeistari Norðurlanda K |
| 08.00 - 16.00 | Nemakeppni Norðurlanda |
| 11.00 - 13.15 | Nemakeppni FÍK |
| 11.00 - 18.00 | Sýning frá fagkeppni FÍ |
| 11.30 | Álfukeppni matreiðslumeistara |
| 12.30 | Álfukeppni matreiðslumeistara |
| 13.00 - 18.00 | Kaffibarþjónakeppni Íslands. |
| 13.30 | Álfukeppni matreiðslumeistara |
| 14.00 - 16.00 | Sveinakeppni FÍK |
| 14.30 | Álfukeppni matreiðslumeistara |
| 15.00 | Ommelettukeppni |
| 15.30 | Álfukeppni matreiðslumeistara |
| 16.00 | Ommelettukeppni |
| 16.45 | Verðlaunaafhending FÍK |
| 17.00 | Verðlaunaafhending MFK |
| 17.00 | Uppboð FÍK |



# ÍSLAND

## MATARGERÐARLISTAR

M

### MÁLÞING UM „ÍSLENSKT ELDHÚS"

**Málþingið verður haldið laugardaginn 1. apríl kl.14.00 – 16.00 .**

EFNI RÁÐSTEFNUNNAR ER:
Íslenskt eldhús í fortíð, nútíð og framtíð.

RÁÐSTEFNUSTJÓRI: Níels S. Olgeirsson, formaður MATVÍS

Fleiri framsöguatriði verða flutt.
Pallborðsumræður.

Buslugangur í **boxhringnum**. Komdu og sjáðu landslið uppvaskara sýna listir sínar.

Heilt torg af **páskaeggjum**.
Súkkulaðilistamenn.

**Uppboðið sem hefur slegið í gegn.**
Keppendur frá Félagi íslenskra kjötiðnaðarmanna láta bjóða í keppnisvörurnar.

FERÐATORG 2006



## LÍF OG FERÐAGLEÐI Á
# FERÐATORGI

Taktu þátt í Landsleik á sýningunni **Ferðatorg 2006** - glæsilegir vinningar verða dregnir út á 10. mínútna fresti alla helgina.

**Dúkkulísurnar** mæta á svæðið og ýmsar spennandi uppákomur verða í gangi.

**OPNUNARTÍMI**

| | | |
|---|---|---|
| Laugardagur | 1. apríl | kl. 11. 00 – 18.00 |
| Sunnudagur | 2. apríl | kl. 11.00 – 18.00 |

**MIÐAVERÐ**

Ath. Aðgöngumiðinn gildir inn á Matur 2006 og Ferðatorg 2006

Fullorðnir kr. 1000 / Börn 6 – 12 ára kr. 500
Eldri borgarar kr. 800 / Öryrkjar kr. 800
Helgarpassi kr. 1500

Ath. börn yngri en 14 ára verða að vera í fylgd með fullorðnum

**MIÐINN GILDIR SEM HAPPADRÆTTISMIÐI.**
Athugaðu hvort þú hefur dottið í lukkupottinn á www.ferdatorg.is.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„If I was a woodcutter, I'd cut. If I was a fire, I'd burn. But I'm a heart and I love. That's the only thing I can do.“**

**Svar:** Jesús úr kvikmyndinni The Last Temptation of Christ frá árinu 1988.

# dagskrá

## Í TÆKINU: KATE HUDSON LEIKUR Í RAISING HELEN Á STÖÐ 2 KL. 21.45

# *Kallar sig Jew-Bu*



Kate Hudson er fædd í Los Angeles árið 1979. Faðir hennar, William Louis Hudson, er söngvari og grínisti og móðir hennar er leikkonan Goldie Hawn. Kate ólst upp við gyðingatrú og aðhyllist einnig búddisma, sjálf kallar hún sig Jew-Bu.

Foreldrar Kate skildu fljótlega eftir að Kate fæddist og móðir hennar hefur búið með leikaranum Kurt Russell síðan. Kate og bróðir hennar líta á Kurt sem föður sinn.

Kate útskrifaðist úr leiklistarskóla í Santa Monica árið 1997. Eftir það lék hún í myndunum Gossip og 200 Cigarettes. Hún vakti þó fyrst verulega athygli í myndinni Almost Famous en fyrir það var hún tilnefnd til þrennra verðlauna.

Kate hafnaði hlutverki sem Mary Jane í Spiderman árið 2002. Í staðinn lék hún í myndinni The Four Feathers sem var ekki vel tekið. Næsta mynd Kate, How to Lose a Guy in 10 Days, varð hins vegar stórvinsæl og þénaði yfir 100 milljónir dala. Eftir það hefur hún leikið í ýmsum rómantískum gamanmyndum, meðal annast Alex and Emma og Raising Helen, og spennumyndinni The Skeleton Key.

Árið 2000 giftist Kate Chris Robinson, söngvara Black Crowes, og á með honum einn son.

**3 bestu myndir Kate Hudson:** **Almost Famous** 2000 – **The Four Feathers** 2002 – **How to Lose a Guy in 10 Days** 2003



▶ **20.15** *Gaman*
SPAUGSTOFAN



▶ **21.45** *Gamanmynd*
RAISING HELEN



▶ **21.00** *Keppni*
AMERICAN IDOL



▶ **21.10** *Raunveruleiki*
DR. 90210



▶ **19.50** *Spænski boltinn*
BARCELONA – REAL MADRID

## SJÓNVARPIÐ

**8.00** Morgunstundin okkar **8.01** Gurra grís (48:52) **8.08** Bú! (8:26) **8.19** Lubbi læknir (5:52) **8.32** Arthúr **8.59** Sigga ligga lá (5:52) **9.13** Matta fóstra og ímynduðu vinirnir hennar (30:40) **9.35** Gló magnaða **10.00** Ástfangnar stelpur (1:13) **10.25** Stundin okkar **10.55** Kastljós **11.30** Formúla 1

**12.40** Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó **14.10** Íslandsmótið í handbolta **15.45** Ístölt í Laugardal 2005 **16.05** Íslandsmótið í handbolta **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Hope og Faith (45:51)

**18.30** **Frasier** (Frasier XI) e.
**18.54** **Lottó**
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.40** **Fjölskylda mín (6:13)** (My Family) Bresk gamanþáttaröð um tannlækninn Ben og skrautlega fjölskyldu hans.
▶ **20.15** **Spaugstofan**
**20.45** **Komdu til mín** (Return to Me) Bandarísk bíómynd frá 2000 um mann sem verður ástfanginn af konunni sem þáði hjartað úr konunni hans.
**22.40** **Betra en bólfarir** (Better than Sex) Áströlsk bíómynd frá 2000 um karl og konu sem eiga í erfiðleikum með að ákveða framtíð sína eftir skyndikynni. Leikstjóri er Jonathan Teplitzky. Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 16 ára.

**0.05** Ævintýri í Miðlöndunum **1.45** Boltablús (Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 12 ára. e) **3.30** Formúla 1

## STÖÐ 2

**7.00** Barnatími Stöðvar 2 (Músti, Ljósvakar, Myrkfælnu draugarnir, Tiny Toons, Barney, Kalli á þakinu, Með afa, Leðurblökumaðurinn, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar, Börnin í Ólátagarði)

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Bold and the Beautiful **12.40** Bold and the Beautiful **13.00** Bold and the Beautiful **13.20** Bold and the Beautiful **13.40** Bold and the Beautiful **14.05** Idol – Stjörnuleit **16.05** Meistarinn **17.05** Sjálfstætt fólk **17.45** Martha

**18.30** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00** **Íþróttir og veður**
**19.10** **Lottó**
**19.15** **The Comeback (13:13)** (Endurkoman)
**19.45** **Stelpurnar (10:20)** Stelpunum hafa sannarlega slegið í gegn.
**20.10** **Bestu Strákarnir**
**20.35** **Það var lagið** Einn vinsælasti þátturinn í íslensku sjónvarpi um þessar mundir.
▶ **21.45** **Raising Helen** (Vistaskipti Helenu) Gamanmynd með Kate Hudson í hlutverki Helenar, ungrar einhleyprar framakonu, sem lendir í þeirri erfiðu aðstöðu að þurfa að taka að sér þrjú frændsystkini sín. Aðalhlutverk: Joan Cusack, John Corbett, Kate Hudson, Hayden Panettiere. Leikstjóri: Garry Marshall. 2004. Leyfð öllum aldurshópum.

**23.40** Star Trek: First Contact (Bönnuð börnum) **1.30** Mike Bassett: England Manager (e) (Bönnuð börnum) **2.55** O (e) (Stranglega bönnuð börnum) **4.25** Einkalíf (e) **5.55** Fréttir Stöðvar 2 **6.30** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS

**18.00** Laguna Beach (15:17) (e)

**18.30** **Fréttir NFS**
**19.00** **Friends (23:24)** (Vinir 7)
**19.30** **Friends (24:24)** (Vinir 7)
**20.00** **Fabulous Life of (18:20)** (Fabulous Life of: Hugh Hefner)Í þessum frábæru þáttum er farið á bakvið tjöldin með þotuliðinu í Hollywood.
**20.30** **Sirkus RVK (e)** Sirkus Rvk er í umsjá Ásgeirs Kolbeinssonar.
▶ **21.00** **American Idol 5 (22:41) (e)** (Bandaríska stjörnuleitin 5) Nú eru aðeins 11 keppendur eftir og einn þeirra verður sendur heim í kvöld. Leyfð öllum aldurshópum.
**22.30** **American Idol 5 (23:41) (e)** (Bandaríska stjörnuleitin 5) Nú verður keppendum fækkað úr 11 niður í 10. Hver fer heim í kvöld? Leyfð öllum aldurshópum.

**23.00** Supernatural (7:22) (e) (Bönnuð börnum) **23.45** Extra Time – Footballers' Wive **0.10** Bikinimódel Íslands 2006 **0.40** Splash TV 2006 (e)

## SKJÁREINN

**10.30** Dr. Phil (e)

**12.45** Yes, Dear (e) **13.15** According to Jim (e) **13.40** Top Gear (e) **14.30** Game tíví (e) **15.00** One Tree Hill (e) **16.00** Dr. 90210 (e) **16.30** Celebrities Uncensored (e) **17.15** Fasteignasjónvarpið **18.10** Everybody loves Raymond (e)

**18.35** **Sigtið (e)** Sjónvarpsmaðurinn Frímann Gunnarsson leitast við að dýpka skilning áhorfenda á lífinu.
**19.00** **Family Guy (e)** Peter og Lois langar í annað barn.
**19.30** **The Office (e)**
**20.00** **All of Us** Fjölmiðlamaðurinn Robert James er nýskilinn við eiginkonu sína og barnsmóður, Neesee.
**20.25** **Family Affair**
**20.50** **The Drew Carey Show**
▶ **21.10** **Dr. 90210** Í þáttunum Dr. 90210, frá E sjónvarpsstöðinni, er fylgst með lýtalæknum fína og fræga fólksins í Beverly Hills við störf sín.
**21.45** **Law & Order: Trial by Jury – lokaþáttur**
**22.30** **The Shark Net – NÝTT!** Vönduð bresk sakamálamynd í þremur hlutum, sem gerist í Ástralíu.

**23.30** Stargate SG-1 (e) **0.15** Law & Order: SVU (e) **1.05** Boston Legal (e) **1.55** Ripley's Believe it or not! (e) **2.40** Tvöfaldur Jay Leno (e) **4.10** Óstöðvandi tónlist

## SÝN

**5.55** A1 Grand Prix **8.00** Motorworld **8.30** Ítölsku mörkin **9.00** Ensku mörkin **9.30** Spænsku mörkin **10.00** Skólahreysti 2006 **10.50** Skólahreysti 2006 **11.40** Gillette HM 2006 sportpakkinn

**12.10** US Masters 2005 **13.05** Meistaradeildin í handbolta **14.45** UEFA Champions League **16.25** Meistaradeildin með Guðna Bergs **16.50** Súpersport 2006 **16.55** World Supercross GP 2005-06 **17.50** Hnefaleikar

▶ **19.50** **Spænski boltinn** (Barcelona – Real Madrid) Bein útsending frá leik Barcelona og Real Madrid í spænska boltanum. Leikurinn er hálfgerður úrslitaleikur um spænska meistaratitilinn því Real verður að vinna til þess að eiga möguleika á því að ná Barcelona sem hefur þægilegt forskot á toppi deildarinnar. Vinni Barcelona leikinn þarf stórslys að eiga sér stað til þess að eitthvert annað lið hampi titlinum. Það verður því allt lagt undir á Nou Camp og ævintýraleg stemning.
**21.50** **Hnefaleikar** (Arturo Gatti vs. Thomas Dam) Útsending frá einvígi Arturo Gatti og Thomas Damgaard sem fram fór 28. janúar 2006.

**23.25** Hnefaleikar

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.30** A View From the Top **8.00** On the Line **10.00** Men With Brooms **12.00** Divine Secrets of the Ya-Ya **14.00** A View From the Top **16.00** On the Line **18.00** Men With Brooms **20.00 Divine Secrets of the Ya-Ya**
**22.00** **Ripley's Game** Aðalhlutverk: John Malkovich, Ray Winstone. Stranglega bönnuð börnum. **0.00** Showtime (Bönnuð börnum) **2.00** Breathtaking (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** Ripley's Game (Stranglega bönnuð börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** 101 Craziest TV Moments **13.00** Gastineau Girls **13.30** Extreme Close-Up **14.00** 50 Steamiest Southern Stars **15.00** 50 Steamiest Southern Stars **16.00** The E! True Hollywood Story **18.00** E! News Weekend **19.00** THS Investigates **21.00** Dr. 90210 **22.00** The E! True Hollywood Story **23.00** Wild On Tara **23.30** Wild On Tara **0.00** THS Investigates

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## ENSKI BOLTINN

**11.10** Upphitun (e) **11.40** Birmingham – Chelsea (b) **13.50** Á vellinum með Snorra Má **14.00** Bolton – Man. Utd (b) **16.00** Á vellinum með Snorra Má (framhald) **16.15** WBA – Liverpool (b)
**18.30** **Everton – Sunderland** Leikur sem fram fór í dag.
**20.30** **Arsenal – Aston Villa** Leikur sem fram fór í dag.
**22.30** **Birmingham – Chelsea** Leikur sem fór fram í dag. **0.30** Dagskrárlok




## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Barcelona – Real Madrid Sýn klukkan 19.50

### *Úrslitaleikur á Nou Camp*



Í kvöld verður bein útsending frá leik Barcelona og Real Madrid í spænska boltanum. Leikurinn er hálfgerður úrslitaleikur um spænska meistaratitilinn því Real verður að sigra til þess að eiga möguleika á því að ná Barcelona sem hefur þægilegt forskot á toppi deildarinnar. Vinni Barcelona leikinn þarf stórslys að eiga sér stað til þess að eitthvert annað lið hampi titlinum. Það verður því ævintýraleg stemning á Nou Camp-vellinum í kvöld og allt lagt undir.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | | | 9 | 6 | 2 | |
| | | | 8 | | | 7 | | |
| | | | | 1 | 7 | 3 | | |
| | | 8 | | | | | 1 | 2 |
| 4 | | | | | | | | 9 |
| 6 | 2 | | | | | 8 | | |
| | | 6 | 3 | 9 | | | | |
| | | 4 | | | 5 | | | |
| | 7 | 3 | 1 | | | 2 | | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | 1 | 9 | 6 | 2 | 3 | 5 | 4 |
| 2 | 3 | 9 | 1 | 5 | 4 | 6 | 8 | 7 |
| 6 | 4 | 5 | 8 | 7 | 3 | 9 | 1 | 2 |
| 1 | 5 | 6 | 4 | 3 | 7 | 2 | 9 | 8 |
| 4 | 2 | 7 | 5 | 9 | 8 | 1 | 3 | 6 |
| 3 | 9 | 8 | 6 | 2 | 1 | 7 | 4 | 5 |
| 8 | 1 | 2 | 3 | 4 | 6 | 5 | 7 | 9 |
| 9 | 6 | 4 | 7 | 1 | 5 | 8 | 2 | 3 |
| 5 | 7 | 3 | 2 | 8 | 9 | 4 | 6 | 1 |



▶ **11.00**
*Fréttir*

FRÉTTAVIKAN M. ÞORFINNI ÓMARS

### NFS

**10.00** Fréttir **10.05** Helgin – með Eiríki Jónssyni ▶**11.00** Fréttavikan m. Þorfinni Ómarss **12.00** Hádegisfréttir / Íþróttir / Veður / leiðarar blaðanna

**12.25** Skaftahlíð – vikulegur umræðuþáttur **13.00** Dæmalaus veröld **13.15** Fréttavikan m. Þorfinni Ómarss **14.00** Fréttir **14.10** Helgin **15.00** Vikuskammturinn **16.00** Fréttir **16.10** Frontline 2006 **17.25** Skaftahlíð

**18.00** Íþróttir / Kvöldfréttir/ veður
**19.10** **Skaftahlíð – vikulegur umræðuþáttur** Maður vikunnar. Viðtal í umsjá fréttastofu NFS.
**19.45** **Helgin – með Eiríki Jónssyni**
**20.35** **Fréttavikan m. Þorfinni Ómars**
**21.25** **Skaftahlíð – vikulegur umræðuþáttur** Maður vikunnar. Viðtal í umsjá fréttastofu NFS.
**22.00** **Veðurfréttir og íþróttir**
**22.30** **Kvöldfréttir**

**23.10** Síðdegisdagskrá endurtekin.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.50** Bæn **7.05** Laugardagur til lukku **8.05** Músík að morgni dags **9.03** Út um græna grundu **10.15** Í þágu íbúanna **11.00** Vikulokin

**12.00** Hádegisútvarp **13.00** Laugardagsþátturinn **14.00** Er ofbeldi fyndið? **14.35** Tónlist á laugardegi **15.00** Til í allt **16.10** Orð skulu standa **17.05** Til allra átta

**18.26** Leikhúsmýslan **19.00** Kringum kvöldið **22.15** Lestur Passíusálma **22.21** Uppá teningnum **23.10** Danslög

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **8.00** Fréttir **8.05** Morguntónar **9.00** Fréttir **9.03** Helgarútgáfan **10.00** Fréttir **10.05** Helgarútgáfan

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Helgarútgáfan **16.00** Fréttir **16.08** Geymt en ekki gleymt

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Auglýsingar **18.28** Tónlist að hætti hússins **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** PZ **22.10** Næturvörðurinn **0.00** Fréttir

### BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying






## HRÓSIÐ...

*fær Valgeir Guðjónsson sem er kominn aftur í sviðsljósið og hefur samið lag fyrir Köntrísveit Baggalúts.*

## NÚNA

## BÚIÐ



Fylltir hælar. Þetta er það sem koma skal í sumar.



Gráar gallabuxur. Hafðu þær níðþröngar og voða voða snjáðar.



Yeah Yeah Yeahs. Hressandi hávaði frá New York.



Sólgleraugu á haus. Það er virkilega ekki smart að vera með merkjagleraugu á hausnum allan liðlangann daginn.



Rykfrakkar. Voru æðislegir á Lauren Bacall en klúðurslegir á öllum öðrum konum.



Lúsin. Þetta skaðræðisdýr er vonandi horfið úr skólunum með hækkandi sól.



**LÁRÉTT**
**2** þvogl **6** 2 eins **8** hamfletta **9** meðvitundarleysi **11** bardagi **12** þrælkun **14** gösla **16** býli **17** sníkjudýr **18** angan **20** ætíð **21** stígur.

**LÓÐRÉTT**
**1** listi **3** frá **4** skordýr **5** dauði **7** ræðismaður **10** efni **13** á kind **15** heimsálfa **16** strit **19** eldsneyti.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2** babl, **6** kk, **8** flá, **9** rot, **11** at, **12** ánauð, **14** sulla, **16** bú, **17** lús, **18** ilm, **20** sí, **21** slóð. **LÓÐRÉTT: 1** skrá, **3** af, **4** blaðlús, **5** lát, **7** konsúll, **10** tau, **13** ull, **15** asía, **16** bís, **19** mó.

ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á
vísir VEFTV
HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!

JÓNA KRISTÍN: KEPPNI SEM STYRKIR SJÁLFSTRAUSTIÐ

# Átti alveg eins von á sigri

Jóna Kristín Heimisdóttir var á fimmtudagskvöldið krýnd ungfrú Reykjavík af forvera sínum Unni Birnu Vilhjálmsdóttur. Hin 22 ára gamla Hafnarfjarðarmær var nývöknuð þegar Fréttablaðið náði tali af henni en virtist ekki vera í miklu uppnámi eftir sigurinn. Ætlaði að nota föstudaginn í að slappa af og leggjast í alls kyns óhollustu því undirbúningur fyrir Ungfrú Ísland hæfist strax í dag. Reyna að ná úr sér mestri þreytunni eftir langa og stranga keppni.

„Það eru nítján stelpur sem keppa og allar fara út í þetta til að vinna. Mitt hugarfar var ekkert öðruvísi,“ svarar nýkrýnd fegurðardrottningin þegar hún er spurð hinnar sígildu spurningar hvort þetta hafi komið henni óvart. „Ég átti alveg eins von á þessu eins og hinar,“ bætir hún við. Fegurðarsamkeppnum fylgir töluverð vinna og segir Jóna Kristín að þetta hafi útheimt töluverðan tíma í ræktinni. „Við vorum einnig á dansæfingum upp á hvert einasta kvöld í mánuð fyrir keppnina,“ útskýrir hún og því gafst lítill tími til að hugsa um eitthvað annað.

Fegurðarsamkeppnir hafa verið gagnrýndar töluvert að undanförnu og líkt við gripasýningar. Jóna tekur ekki undir það og telur að þetta bæti sjálfstraustið hjá stelpunum og kenni þeim að bera sig. „Ég hvet allar stelpur til að fara í þetta,“ bætir hún við og bætir við að hún hafi þarna lært að koma fram.

Jóna Kristín starfar sem stuðningsfulltrúi í Kársnesskóla og hefur mikinn áhuga á að starfa með börnum í framtíðinni. „Ég ætla fara í Háskóla Íslands og klára íslenskuna en taka síðan kennsluréttindi,“ svarar Jóna þegar hún er innt eftir framtíðaráætlunum sínum. „Krakkarnir í skólanum voru mjög spenntir fyrir keppninni og studdu mig með ráðum og dáð,“ bætir fegurðardrottningin við og viðurkennir að hún hlakki til að hitta þau eftir helgi.



**JÓNA KRISTÍN HEIMISDÓTTIR** Notaði gærdaginn í afslöppun og óhollan mat en í dag hefst undirbúningurinn fyrir Ungfrú Ísland. FRÉTTABLAÐIÐ / PJETUR

Unnur Birna Vilhjálmsdóttir hreppti þennan sama titil fyrir ári og hefur sigurganga hennar verið nánast óslitin, Ungfrú Ísland og alheimsfegurðartitillinn fylgdu í kjölfarið en Jóna segist ekki finna fyrir meiri pressu. „Ég tek bara eitt fyrir í einu,“ segir hún og hlær.

**freyrgigja@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Töframaðurinn Curtis Adams er væntanlegur til landsins nú eftir helgi en undirbúningur fyrir sýningu kappans hefur staðið yfir í Austurbæ. Aðstandendur sýningarinnar hafa varla gert sér í hugarlund um hversu mikið fyrirtæki þetta yrði því þeir þurfti að senda fullkomnar teikningar af staðnum til þeirra sem setja upp sviðið. Sérfræðingarnir í Las Vegas hafa síðan legið yfir þeim og hugsað út hvernig sé hægt að koma sýningunni sem best til skila. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verða væntanlega einhver tæki flutt inn og er talið að ljósadýrðin verði eitthvað sem aldrei hefur sést áður. Uppselt er á allar sýningar Curtis Adams og er nú róið að því öllum árum að bæta við enda hefur eftirsóknin verið þvílík. Ólíklegt er þó talið að það takist en Adams mun dvelja hér í viku til að undirbúa sig. Samkvæmt mjög áreiðanlegum heimildum hafa aðstandendur sýningarinnar hug á því að flytja hana út til hinna Norðurlandanna og skapa þar með svipað æði og með dávaldinum Saylesh.



Ólafur Jóhannesson og félagar hjá Poppoli hafa tekið að sér nýtt verkefni en það er heimildarmynd um ævi Mikes Stone sem er hvað þekktastur fyrir að vera kung fu hetja og hálfbróðir leikkonunnar Sharon Stone. Eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir nokkru aðstoðar Stone Ólaf nú við gerð myndar um ladyboys á Taílandi sem nefnist Queen Raquela og þar tókst með þeim góður vinskapur. Stone var töluvert áberandi í sviðsljósi Hollywood þegar karatekvikmyndir voru gerðar á færibandi og Bruce Lee neitaði meðal annars að slást við hann sökum þess að Stone þótti of góður. Verður fróðlegt að sjá hvernig þeir félagar vinna úr þessum efniviði sem þykir mjög spennandi enda hefur karategoðsögnin alltaf neitað öllum viðtölum hingað til.



-fgg

TÚNFISKUR
SKÖTUSELUR
ÞORSKHNAKKAR
HÖRPUSKEL
FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið alla laugardaga 10-14

# Sér um næstu Idol-stjörnu

Einar Bárðarson verður umboðsmaður næstu Idol-stjörnu sem krýnd verður eftir viku. Blaðið var farið í prentun þegar kom í ljós hvaða tveir keppendur stæðu eftir fyrir lokaþáttinn en umboðsmaðurinn sagði öll þrjú geta staðið uppi sem sigurvegarar. Í nógu var að snúast hjá Einari í gær. Stórsöngkonan Katie Melua var mætt á landið en vegna Stjörnuleitarinnar gat Einar ekkert sinnt henni. Komst ekki einu sinni á tónleikana með henni í Laugardalshöll en fyrir löngu er uppselt á þá.

Einar tók Hildi Völu að sér í fyrra og gerði hana að stórstjörnu á Íslandi. Eftir því var tekið hversu vel gekk að losa hana við Idol-stjörnustimpilinn. „Við náðum að gera plötu með henni sem var trú listamanninum,“ útskýrir hann en samstarfi Einars og Hildar lauk í haust eftir árangursríkt og blómlegt starf. „Þótt listamaðurinn hafi unnið einhverja keppni þarf hann að halda áfram að heilla þjóðina upp úr skónum,“ bætir Einar við og það hafi tekist með Hildi Völu. „Hún átti mjög góðu gengi að fagna í sumar sem lauk með því að syngja með Stuðmönnum,“ segir Einar og telur að með þeirri reynslu hafi Hildur endanlega útskrifast sem fullvaxta dægurlagasöngkona.



**EINAR BÁRÐARSON** Gat ekki verið á tónleikum Katie Melua en ætlaði að reyna kíkja á æfingu. Hann verður umboðsmaður næstu Idol-stjörnu sem krýnd verður eftir viku. FRÉTTABLAÐIÐ / GVA

Sami háttur verður hafður á með næstu Idol-stjörnu og útilokar Einar ekki að enn fleiri úr keppninni endi sem skjólstæðingar hans. „Mér finnst ég eiga meira í þessum krökkum eftir að hafa fylgt þeim í gegnum allt ferlið,“ segir Einar en hann tók sæti sem formaður dómnefndar nú í vetur. „Skrifstofan býður í það minnsta spennt eftir næstu stjörnu og við erum þegar farin að fá fyrirspurnir.“

NÚ FER HVER AÐ VERÐA
SÍÐASTUR!
LAGERSÖLUNNI LÝKUR 9. APRÍL

# LAGERSALA SENU

TÓNLIST · TÖLVULEIKIR · DVD

OPIÐ 11-19 ALLA DAGA!

ÞÚSUNDIR GEISLADISKA, DVD
OG TÖLVULEIKJA Á ÆVINTÝRALEGU VERÐI!

FRÁ 199,-

EKKI MISSA AF ÞESSU!

LAGERSALA SENU FELLSMÚLA 28
(GAMLA WORLD CLASS HÚSINU)

...GERÐU BESTU KAUPIN ▶

sena

FRÉTTABLAÐIÐ
SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Ritstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR
SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000






BAKÞANKAR
GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR

## Síðasta gangan

Eitt af því sem ég gerði einu sinni sem patti var að herma eftir Keflavíkurgöngum. Þá bjuggum ég og vinur minn til skilti og gengum vígreifir um hið annars rólega einbýlishúsahverfi og hrópuðum með hvellri barnsröddu: „Ísland úr Nato, herinn burt!“ Það eina sem við uppskárum var góðlátlegt glott jakkafataklæddra heimilisfeðra á leið heim úr vinnu á bílunum sínum. Kannski ekki ósvipað mörgu glottinu sem hinar raunverulegu göngur uppskáru.

**MÖRGUM** árum síðar var vinur minn steggjaður. Vegna starfa hans í utanríkisþjónustunni þótti fyndið að láta hann valsa um í Þorlákshöfn með skilti frá herstöðvarandstæðingum og hrópa þetta sama slagorð. Svo fullir urðum við hinir reyndar af baráttuanda að við gengum allir sem einn á eftir honum og hrópuðum með. Einstaka gluggatjöld bærðust í eldhúsgluggum en að öðru leyti var sjávarþorpið áhugalaust um þessi fyrirvaralausu mótmæli aðkomumanna um miðjan dag.

**ERU** þar með upptalin þau skipti sem ég tók þátt í einhvers konar herstöðvarandófi. Auðvitað lýsandi fyrir djúpstætt alvöruleysi að í bæði skiptin skyldi hafa verið gengið undir merkjum grallaraskapar. Hjartað slær þó heldur með herleysi en her, svo því sé haldið til haga.

**HINAR** raunverulegu göngur voru auðvitað risastórt fyrirbrigði í íslensku samfélagi. Þær voru bókstaflega gangandi vitnisburður um það að þjóðin var klofin. Fátt var meira spennandi fyrir gutta en að hjóla út að Hafnarfjarðarvegi og skoða allt þetta brúnaþunga fólk í lopapeysum. Sjá það koma gangandi eftir veginum með jarðskjálftafræðing í broddi fylkingar sem hrópaði í gjallarhorn. Nú skyldi herinn aldeilis koma sér. Ekki seinna en núna. Mörgum fannst samt skrítið að gangan skildi hefjast í Keflavík en ekki enda þar. Af sjónarhóli hersins hlýtur það að hafa verið furðulegt að sjá eldheita mótmælendur ganga hrópandi í burtu með hnefann á lofti. Dáldið ómarkvisst. Sagt er að einhverjir áhrifamenn innan Alþýðubandalagsins hafi hjólað.

**NÚNA** hefur öll þessi dramatík skyndilega puðast einhvern veginn út í loftið. Deilumálið hvarf og nú er herinn að pakka saman, en enginn vann. Eða hvað? Í öllu falli er spurning hvort þeir sem mótmæltu hvað harðast telji ekki ástæðu til þess að ljúka baráttunni með einhverjum hætti. Sigurinn er jú þrátt fyrir allt á einhvern hátt þeirra. Herinn er að fara og það var, þegar öllu er á botninn hvolft, það sem fólkið vildi.

**ÞESS** vegna er það auðvitað einkar ánægjulegt að það skuli hafa verið ákveðið að efna til sigurfundar á Ingólfstorgi klukkan tvö í dag. Það má segja að þetta verði síðasta gangan, þótt ekki verði beinlínis gengið. Mótmælin eru kvödd. Herinn kvaddur. Síðustu barátturæðurnar fluttar undir formerkjum fullnaðarsigurs. Það verður forvitnilegt að sjá hversu margir mæta á þennan fund og þar með hvort eldurinn logar enn í brjóstum íslenskra friðarsinna.

